MARINÓ JÓHANNSSON

*Mælir með svalandi drykkjum í góðviðrinu*

• matur • helgin

**allt** Í MIÐJU BLAÐSINS




BJARTMAR GUÐLAUGSSON

*Meistarinn mættur á mölina*

Spilar gömlu slagarana á Organ annað kvöld

FÓLK 38







# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

1. ágúst 2008 — 208. tölublað — 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


## FÖSTUDAGUR

**Leikur í einskri mynd**

Kári Viðarsson leiklistarnemi fékk skemmtilegt sumarstarf.



FÓLK 38

**Fjármagnstekjuskattur**

„Það er undarlegt hve stjórnvöld taka fálega í hugmyndir um hlutdeild sveitarfélaganna í þessum skatti," skrifar Grímur Atlason.

UMRÆÐAN 21



**Langa-Manga lokað**

Guðmundur Hjaltason lokar dyrunum eftir fimm ára farsælan rekstur.

TÍMAMÓT 22

**Hannes er sá besti**

Besti markvörður Landsbankadeildar karla vill fá tækifæri með A-landsliðinu.



ÍÞRÓTTIR 34

## VEÐRIÐ Í DAG




**BJART NORÐAN OG VESTAN** í dag verða austan 3-10 m/s, stífastur syðst. Skýjað sunnan til og austan og sums staðar lítilsháttar væta í fyrstu, annars bjart veður. Hiti 12-23 stig, hlýjast til landsins vestan til.

VEÐUR 4

# Sjálfstæðismenn eru ósáttir við úrskurð

**Umhverfisráðherra hefur úrskurðað að álver á Bakka fari í heildstætt umhverfismat. Þingmenn Sjálfstæðisflokks eru ósáttir og ætla að taka málið upp.**

**UMHVERFISMÁL** Þórunn Sveinbjarnardóttir umhverfisráðherra hefur ógilt ákvörðun Skipulagsstofnunar og úrskurðað að fram skuli fara heildstætt mat á umhverfisáhrifum vegna fyrirhugaðs álvers á Bakka við Húsavík og framkvæmda sem tengjast álverinu. Málið barst til ráðuneytisins vegna kæru Landverndar.

Kristján Júlíusson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins í norðausturkjördæmi, er afar ósáttur við úrskurðinn.

„Ég hef nú ekki getað kynnt mér þetta til hlítar, en eins og þetta blasir við gildir annað um framkvæmdina á Bakka heldur en gerði í Helguvík fyrir skemmstu, en þar úrskurðaði ráðherra á annan hátt. Maður spyr sig hvað er í verkefninu á Bakka sem veldur því," segir Kristján, sem óttast að álverið sé leiksoppur innanbúðarátaka í Samfylkingunni.

„Það er mjög alvarlegt að nýta ekki þær auðlindir sem landið býr yfir í því efnahagsástandi sem nú er uppi. Mín niðurstaða er sú að þeir sem ekki hafa skilning á þeirri stöðu eigi ekki að fá að ráða," segir Kristján, sem vonar að úrskurðurinn hafi ekki áhrif á stjórnarsamstarfið.

Helgi Magnússon, formaður Samtaka iðnaðarins, segir allar tafir á stóriðju og uppbyggingu atvinnutækifæra vera slæmar og undrast úrskurðinn.

Jón Gunnarsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, segir niðurstöðuna algjörlega óásættanlega fyrir Sjálfstæðisflokkinn.

„Ég átta mig alls ekki á því með hvaða hætti ráðherra ætlar sér að stuðla að uppbyggingu atvinnu- og efnahagslífs öðruvísi en að nýta til þess auðlindir landsins, sem eru grundvöllurinn til að auka hagvöxt í framtíðinni." Aðspurður hvort þetta hafi áhrif á stjórnarsamstarfið segir hann svo vera. „Þetta hefur að því leyti áhrif á stjórnarsamstarfið að þetta er algjörlega á skjön við stefnu Sjálfstæðisflokksins í þessum málum."

kolbeinn@frettabladid.is



**VERSLUNARMANNAHELGIN UNDIRBÚIN** Þessar blómarósir tjölduðu í blíðunni í Herjólfsdal í gær. Þær voru í hópi þrjú þúsund gesta sem þegar voru mættir á hátíðarsvæðið í gær. Reiknað er með fleiri gestum á þjóðhátíð en í fyrra þegar þó mættu um tíu þúsund manns. Veðurhorfur eru mjög góðar fyrir helgina.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON

Blíðskaparveðri spáð um allt land um verslunarmannahelgina:

# Þrjú þúsund komin til Eyja

**FERÐALÖG** Yfir þrjú þúsund manns voru komin á þjóðhátíð í Vestmannaeyjum í gærkvöldi. Friðbjörn Valtýsson, einn af skipuleggjendum hátíðarinnar, segir að það stefni í mjög stóra þjóðhátíð.

„Það er ýmislegt sem bendir til þess að það verði jafnvel fleiri gestir en í fyrra," segir Friðbjörn. Talið er að gestir þjóðhátíðar hafi verið vel yfir tíu þúsund í fyrra.

Undirbúningur fyrir hátíðina Eina með öllu á Akureyri gengur vel og í gær var fólk þegar farið að streyma í bæinn. „Mér líður eins og mömmum fyrir jólin. Þau koma bara klukkan sex. Allt er tilbúið," segir Margrét Blöndal, sem skipuleggur hátíðina.

Sigurður Þ. Ragnarsson veðurfræðingur segir veðurhorfurnar fyrir landið með þeim bestu sem sést hafa fyrir verslunarmannahelgi. „Þetta verður ekki beint sólbaðsveður en blíðskaparveður engu að síður.

„Það sem er óvanalegt í þessu er að ekki er nokkur staður þar sem veður verður mjög slæmt."

- ges



**ÞORBJÖRN PÉTURSSON** Heilsubrestur er ástæða þess að Þorbjörn hefur ákveðið að fella fé sitt. MYND/JÓN SIGURÐUR

Búskapur í Arnarfirði:

# Síðasti bóndinn fellir fé sitt

**LANDBÚNAÐUR** Þorbjörn Pétursson, bóndi á Ósi í Arnarfirði, hefur ákveðið að fella allt fé sitt í haust. Hann gefur þó ekkert upp um það hvort hann muni flytja en hann er síðasti ábúandinn í gamla Auðkúluhreppi.

„Það er að sjálfsögðu ekki sársaukalaust að sjá á eftir þeim," segir Þorbjörn en hann er vanur að kalla þær kindur sem hann hefur hvað mest dálæti á „svarta gengið" og fá þær betra atlæti en aðrar kindur og eru af þeim sökum afar gæfar.

Í gamla Auðkúluhreppi eru bæði Hrafnseyri, fæðingarstaður Jóns Sigurðssonar, og fossinn Dynjandi.

- jse/ sjá síðu 14

Matur í ferðalagið:

# Öðruvísi grill

**MATUR Holugrillað lambalæri og skötuselsspjót eru meðal þess sem viðmælendur Fréttablaðsins mæla með að fólk gæði sér á nú um verslunarmannahelgina.**

**Reynar Davíð Ottósson, nemi og starfsmaður í versluninni Brim, segir holugrillað lambalæri tilvalið í útileguna enda þarfnast það lítils útbúnaðar.**

**„Um helgina gróf ég til dæmis holuna með frisbídiski og töng og mokaði síðan upp úr henni með höndunum."**

**Lærið er eldað í holunni í klukkutíma á hvorri hlið og fullyrðir Reynar að þannig verði það mjög gott og renni hreinlega af beinunum.**

- ve/sjá allt







OPIÐ

til 20

alla daga

HAGKAUP

Ein ferð betra verð

## SPURNING DAGSINS



*Bragi, ertu ekkert hræddur um að laginu verði nauðgað um helgina?*

„NEI.“

Gera má því skóna að lagið Þjóðhátíð ´93 með Baggalút verði mikið spilað nú um verslunarmannahelgina, jafnvel ofspilað. Bragi Valdimar Skúlason samdi textann við lagið.

Fjölskylda fékk reikning upp á hálfa milljón út af einum ofni:

# Mjög dýrt að hækka hitann

**ORKA** Það getur verið mjög dýrt að hækka hitastillingu á ofni eða gleyma rafmagnstækjum í sambandi, segir Eysteinn Jónsson, forstöðumaður sölusviðs Orkuveitunnar. Þetta komi iðulega í ljós þegar árlegt uppgjör er sent á heimilin.

Eitt sinn hafi fjölskylda fengið reikning upp á hálfa milljón króna. Þá hafði rafmagnsofni verið stungið í samband úti í geymslu einn vetrardaginn. Svo gleymdist að slökkva á honum í eitt ár.

Eysteinn tekur fram að þegar slys hendi, líkt og í tilfelli fjölskyldunnar að ofan, reyni starfsmenn sölusviðs að koma til móts við viðskiptavini.

Mörgum heitapottseigandanum kemur uppgjörið einnig á óvart fyrsta árið sem hann rekur pottinn, að sögn Eysteins. Því geti verið gott að fá aukalestur á mælana fyrst eftir að ný tæki eru tekin í notkun. Þá kemur breytingin fyrr fram.

„Við sendum ellefu áætlanareikninga og einn uppgjörsreikning yfir árið. Það er ekki alveg nógu sniðug aðferð. Neytandinn sér ekki sveifluna fyrr en hann fær höggið,“ segir hann.

Betra væri að geta mælt raunnotkun oftar. Hins vegar sé það afar dýrt í framkvæmd. **- kóþ**



**Í SÓL OG SUMARYL** Nýir eigendur heitra potta gætu minnkað áfallið af hærri hitareikningum með því að láta lesa af hjá sér aukalega. MYND/ÚR SAFNI

Kjaradeila í Keflavík:

## Slökkviliðsmenn sömdu

**KJARADEILA Slökkviliðsmenn á Keflavíkurflugvelli samþykktu í gær sáttatilboð flugmálastjórnar Keflavíkurflugvallar. Í sáttatilboðinu fólst að í stað tuttugu tíma skerðingar á vinnutíma nam skerðingin tíu tímum.**

**„Það er ekkert réttlæti að tapa öllum þessu tímum. Ég reikna með að það séu tíu til tólf prósent af grunnlaunum sem menn eru að tapa,“ segir Sverrir B. Björnsson, formaður Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna. Samningurinn gildir til ársloka. Í byrjun næsta árs tekur nýr aðili, Keflavíkurflugvöllur ohf., við rekstri flugvallarins. - ges**

Norðurál hefur ekki kært:

## Mótmælendur ekki kærðir enn

**MÓTMÆLI Norðurál hefur ekki ákveðið hvort fyrirtækið muni leggja fram kæru á hendur liðsmönnum samtakanna Saving Iceland, sem stöðvuðu vinnu á lóð fyrirhugaðs álvers í Helguvík laugardaginn 19. júlí síðastliðinn. Þetta segir Ágúst F. Hafberg, talsmaður Norðuráls. Lögregla handtók einn mótmælendanna á svæðinu.**

**Orkuveita Reykjavíkur og Klæðning ehf. fóru strax fram á hálfa milljón króna í skaðabætur frá liðsmönnum Saving Iceland sem stöðvuðu vinnu við stækkun Hellisheiðarvirkjunar á mánudag. - sh**

Farsímasamband bætt:

## Farsímar nást allan hringinn

**SAMGÖNGUR** Samgönguráðherra, Kristján L. Möller, gangsetti í gær nýjan sendi fyrir farsíma í Norðurárdal í Skagafirði. Með því lauk átaki um að koma á farsímasambandi allan hringveginn.

Fjarskiptasjóður og Síminn sömdu um átakið í fyrra, en nokkrir kaflar á hringveginum höfðu verið án sambands. Úr því var bætt og einnig á fimm fjallvegum: Fróðárheiði, Steingrímsfjarðarheiði, Þverárfjalli, Fagradal og Fjarðarheiði. Þá var settur upp sendir í Flatey í Breiðafirði sem nær einnig til svæða á Barðaströnd sem voru áður sambandslaus. **- kóp**

### LÖGREGLUFRÉTT

**Götum í miðborginni lokað**

Göturnar Kirkjutorg, Templarasund og Kirkjustræti verða lokaðar fyrir umferð í dag vegna innsetningar í embætti forseta Íslands, sem fer fram í Dómkirkjunni og Alþingishúsinu. Göturnar verða lokaðar frá hádegi og til hálfsex í dag.



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**BORGARSTJÓRI** Ólafur F. Magnússon segist hafa verið fenginn í Kastljósið á fölskum forsendum.

# Útvarpsstjóri sakar Ólaf F. um hroka

**Borgarstjóri segist hafa verið fenginn á fölskum forsendum í Kastljósið og sakar fréttamann um hroka. Útvarpsstjóri segir hrokann liggja hjá borgarstjóranum.**

**STJÓRNMÁL** „Það getur svo sem verið smekksatriði hvernig fréttamenn bregðist við því þegar viðmælendur svara ekki þeim spurningum sem beint er til þeirra, en sjálfum finnst mér hrokinn felast fyrst og fremst einmitt í því; að svara ekki spurningunum,“ segir Páll Magnússon útvarpsstjóri. Ólafur F. Magnússon borgarstjóri hefur sagt Helga Seljan fréttamann hafa sýnt sér hroka í Kastljósinu á miðvikudag.

Ólafur segist hafa verið fenginn í þáttinn á fölskum forsendum. „Ég sagði Helga að ég hefði engan áhuga á að koma í þáttinn til að ræða smávægilegt mál eins og að einum fulltrúa í nefnd hafi verið skipt út; það er alvanalegt. Ég svaraði engu að síður spurningum um það skýrt og skilmerkilega, en



**PÁLL MAGNÚSSON**

hann hélt áfram að endurtaka sig og reyna að trufla mig og ögra mér.

Við ætluðum að ræða það kröftuga starf sem unnið hefur verið í miðborginni og uppbyggingu og skipulagsmál þar í heild. Sjálfur nefndi Helgi að hann vildi ræða Bitruvirkjun,“ segir Ólafur.

Hann segir Helga ekki hafa verið á málefnalegum eða fjölmiðlalegum forsendum í þættinum, heldur pólitískum. „Mér finnst það ótækt að vera boðaður í þáttinn á fölskum forsendum og mæta þeirri framkomu fréttamannsins sem sjónvarpsáhorfendur urðu vitni að.

Það er pólitík að gefa í alla staði villandi mynd, bæði af þeim einstaklingi sem um er að ræða og þeim málefnum sem hann stendur fyrir,“ segir Ólafur, sem finnst um pólitíska misnotkun á ríkisfjölmiðli að ræða.

Páll gefur lítið fyrir þær ásakanir. „Ég veit eiginlega ekki fyrir hönd hverra eða á hvaða forsendum við ættum að vera með pólitíska misnotkun. Hann verður þá að tína til dæmi þar um,“ segir Páll. Hann segist ekki geta haft skoðun á því tveggja manna tali sem var forsenda komu Ólafs í þáttinn. „Hins vegar hefði verið hægt að fara yfir víðara svið í borgarmálum hefði hann svarað því sem hann var spurður um.“ **kolbeinn@frettabladid.is**

Ofsaakstur á Þingvallavegi:

## Bifhjólamaður mældur á 245

**LÖGREGLUMÁL** Mótorhjól mældist á 245 kílómetra hraða á Þingvallavegi á þriðjudagskvöld. Kristján Ó. Guðnason, yfirmaður umferðardeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, segist ekki muna eftir tilviki þar sem bifhjólamaður hefur ekið eins hratt.

Manninum var ekki veitt eftirför en bæði hann og þeir sem á vegi hans urðu voru í mikilli hættu. Ekki náðist númerið á hjólinu og litlar líkur taldar á því að maðurinn náist. Fyrir fjórum árum lést ungur maður þegar hann féll af mótorhjóli sínu á Þingvallavegi við Skálafellsafleggjara, á mjög svipuðum stað og hraðaksturinn á þriðjudag mældist. **- þeb**

Skógarbjörn í vanda:

## Skotinn með hausinn í fötu

**BANDARÍKIN, AP Skógarbjörn í Minnesota var skotinn á miðvikudag eftir að eftirlitsmenn höfðu í sex daga árangurslaust reynt að fanga hann.**

**Björninn hafði fest hausinn ofan í tíu lítra plastfötu og gat hvorki étið né drukkið, þótt hann gæti andað. Reyna átti að hjálpa birninum, en þegar hann álpaðist inn í bæinn Frazee var ákveðið að skjóta dýrið. Hátíð stóð yfir í bænum og fjöldi manns á ferli.**

**Fullvíst þótti að björninn væri illa haldinn af þorsta og hungri. Hann sást fyrst með fötuna á hausnum mánudaginn 21. þessa mánaðar, og var þá í hundrað kílómetra fjarlægð frá Frazee. - gb**

### SLYS

**Ekið á sex ára dreng**

Ekið var á sex ára dreng á tjaldstæðinu á Hömrum á Akureyri klukkan sjö í gærkvöld. Hann var fluttur á sjúkrahús til skoðunar en meiðsl hans voru ekki talin alvarleg.






Afar misjöfn viðbrögð við úrskurði umhverfisráðherra:

# Alvarlegt áhlaup á landsbyggðina

**UMHVERFISMÁL** Samkvæmt úrskurði umhverfisráðherra skal meta heildstætt framkvæmdir tengdar álverinu á Bakka, Þeistareykjavirkjun Kröfluvirkjun II og háspennulínu frá Kröflu og Þeistareykjum til Húsavíkur. Í úrskurðinum segir brýna þörf á að umhverfisáhrif framkvæmdanna „liggi fyrir í heild sinni áður en leyfi fyrir einstökum framkvæmdum er veitt“.

Ingólfur Freysson, sem situr í stjórn kjördæmisráðs í NA-kjördæmi, er mjög ósáttur. Hann segir mismunandi viðhorf hjá umhverfisráðherra til álvers á Bakka og í Helguvík. „Ég lít á þetta sem mjög alvarlegt áhlaup á landsbyggðina. Samfylkingin á eftir að þurfa að súpa seyðið af þessum úrskurði.“

Ingólfur Ásgeir Jóhannsson, formaður Samtaka um náttúruvernd á Noðurlandi, segir eðlilegt að meta heildstæð áhrif. „Álver án orku er tilgangslítið og rafmagnið kemur úr virkjununum, ekki raflínunum. Þess vegna er eðlilegt að meta heildaráhrif allra framkvæmdanna, ekki einstaka hluta hennar.“

Ólafur Ísleifsson, hagfræðingur við viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík, segist ekki hafa kynnt sér úrskurðinn til hlítar. „Við ríkjandi aðstæður í efnahagsmálum er nauðsynlegt að efla verðmætasköpun í




**BAKKI Í NORÐURÞINGI** Heimamenn eru ekki allir sáttir við úrskurð umhverfisráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

þjóðarbúinu og nýta þau tækifæri til tekjuöflunar sem hátt orkuverð um þessar mundir býður upp á. Vona verður að þessi úrskurður verði ekki til þess að tefja nauðsynlega viðleitni í þá átt,“ segir Ólafur. **- kóp**

# 6 bíóferðir og 2.000 kr. notkun á mán. í 12 mán. fylgir öllum símatil-boðum Nova!

**2.000 kr.**
**notkun á mánuði í 12 mánuði fylgir öllum símatil-boðum hjá Nova!**

DAGUR & STEINI




BÍÓKORT
NOVA

**Komdu yfir til Nova, náðu þér í splunkunýjan síma og sjáðu nýjustu myndirnar í bíó – 6 sinnum!**

Bíókort fylgir öllum símatilboðum Nova í áskrift og frelsi.

**Stærsti skemmtistaður í heimi!**

NOVA

Verslanir Kringlunni, Smáralind, Bankastræti og Lágmúla | Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is

**GENGIÐ 31.07.2008**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 79,12 | 79,50 |
| Sterlingspund | 156,79 | 157,55 |
| Evra | 123,48 | 124,18 |
| Dönsk króna | 16,551 | 16,647 |
| Norsk króna | 15,391 | 15,481 |
| Sænsk króna | 13,061 | 13,137 |
| Japanskt jen | 0,7308 | 0,7350 |
| SDR | 128,19 | 128,95 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
**158,9515**

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Borgarstjóri segir Ólöfu Guðnýju fara með rangt mál:

# Segir Ólöfu í hefndarhug

**STJÓRNMÁL** „Ólöf Guðný Valdimarsdóttir fer með rangt mál þegar hún segir að hún hafi verið tilbúin að eiga samstarf við mig og borgarstjórnarflokk F-listans. Hún vildi sitja áfram í skipulagsráði algjörlega á eigin forsendum. Það kom auðvitað ekki til greina,“ segir Ólafur F. Magnússon borgarstjóri.

Hann vill ekki segja hvað þeim Ólöfu fór í milli í aðdraganda ákvörðunar um að hún viki sæti. „Við ræddum ýmislegt en ég held trúnað við hana, þó að hún geri það ekki við mig.“

Ólafur segir ákvörðunina um að láta Ólöfu víkja sem aðstoðarmann hafa verið þungbæra en óhjákvæmilega. „Mér þykir leitt að hún hafi tekið þann pól í hæðina að reyna að hefna sín fyrir þá ákvörðun og brjóta trúnað við mig.



ÓLAFUR F. MAGNÚSSON



ÓLÖF GUÐNÝ VALDIMARSDÓTTIR

Ólöf þiggur enn laun sem aðstoðarmaður borgarstjóra og mér þykir ankannalegt að á meðan svo er bregðist hún trúnaði og greini frá persónulegum einkasamtölum okkar og fari ekki einu sinni rétt með,“ segir Ólafur.

„Mér finnst borgarstjórinn vera kominn með þessa umræðu á plan sem sæmir ekki borgarstjóraembættinu. Ég ætla ekki að fara að munnhöggvast við Ólaf F. Magnússon í fjölmiðlum og hef ekkert frekar um málið að segja en þegar er komið fram,“ segir Ólöf Guðný Valdimarsdóttir. **- kóp**

Lögreglan í Reykjavík:

# Fánalög brotin í sumarsólinni

**LÖGREGLUMÁL** „Nei, þetta er nú ekki algengt, á síðustu þremur mánuðum höfum við skráð fjögur tilfelli,“ segir Geir Jón Þórisson, yfirlögregluþjónn í Reykjavík, um brot á fánalögum.

Samkvæmt þeim má fáninn ekki hanga lengur uppi en til sólseturs og aldrei lengur en til miðnættis. Þá er í lögunum ákvæði um að enginn megi óvirða þjóðfánann, hvorki í orði né verki. Geir Jón segir fólki ýmist bent á að um lögbrot sé að ræða eða gengið lengra, allt eftir alvarleika brotsins. Brot á fánalögum getur varðað sektum og allt að eins árs fangelsi. **- kóp**

Bush bjartsýnn:

# Ætlar að fækka í hernum í Írak

**BANDARÍKIN, AP George W. Bush Bandaríkjaforseti segir ástandið í Írak hafa skánað það mikið að líklega verði hægt að fækka bandarískum hermönnum þar. Dregið hafi úr ofbeldi þar jafnt og þétt þrjá mánuði í röð.**



GEORGE W. BUSH

**Nú þegar hefur verið ákveðið að stytta dvöl bandarískra hermanna í Írak úr fimmtán mánuðum niður í tólf mánuði.**

**Hann tók þó fram að David Petraeus herforingi, sem er yfirmaður herafla Bandaríkjanna í Írak, og Ryan Crocker, sendiherra Bandaríkjanna í Írak, telji hugsanlegt að ástandið versni á ný.** **- gb**

Afsögn Olmerts:

# Netanyahu vill kosningar strax

**ÍSRAEL, AP** Benjamin Netanyahu, helsti andstæðingur ríkisstjórnar Ehuds Olmert í Ísrael, vill að strax verði boðað til þingkosninga, nú þegar forsætisráðherrann hefur sagst ætla að láta af embætti í haust.

Skoðanakannanir sýna að Likud-flokkur hins hægri sinnaða Netanyahus myndi líklega sigra með yfirburðum ef gengið væri til kosninga án tafar. **- gb**

## ÁRÉTTING

Vegna greinar sem birtist á miðvikudag undir fyrirsögninni „Meiri textarýni fyrir ráðskonuna“ skal áréttað að greinin var skrifuð af ritstjórn blaðsins og tengdist Hjálmari Sigmarssyni ekkert.

# Tuttugu prósent af skattakóngum landsins eru konur

**Þeir 90 Íslendingar sem verma tíu efstu sætin á svokölluðum hákarlalistum skattstjóraembættanna greiddu samtals um 6,9 milljarða króna í opinber gjöld á síðasta ári. Það eru um 3,2 prósent af heildargreiðslum landsmanna. Hlutfall kvenna á lista yfir greiðendur hæstu opinberra gjalda hefur þrefaldast milli ára.**

**EFNAHAGSMÁL** Skattgreiðslur 90 einstaklinga sem verma efstu tíu sætin á lista yfir greiðendur hæstu opinberu gjaldanna í fyrra hjá skattstofum landsins nema um 3,2 prósentum allra skattgreiðslna einstaklinga hér á landi.

Þessir einstaklingar verma það sem starfsmenn skattstjóra kalla sín á milli „hákarlalista“. Rúmur fimmtungur „hákarlanna“ er konur, nítján samtals.

Skattgreiðslur kvenna á listanum eru lægri að meðaltali en karla. Konur eru 21,1 prósent greiðenda á listanum, en greiða 14 prósent heildarupphæðarinnar.

Hlutfall kvenna hefur batnað talsvert, samanborið við síðasta ár. Alls skipa níu konur sér í fimm efstu sætin í skattumdæmunum níu. Í fyrra voru konurnar aðeins þrjár af 45. Hlutfall kvenna hefur því þrefaldast, þó að langt sé í land að kynjahlutföllin verði jöfn.

Skattgreiðslur einstaklinga til hins opinbera skiptast í þrennt: tekjuskatt og fjármagnstekjuskatt til ríkisins og útsvar til sveitarfélaganna. Heildartekjur hins opinbera af þessum skattgreiðslum námu 213,6 milljörðum króna vegna ársins 2007. Af því greiddu „hákarlarnir“ níutíu samtals tæplega 6,9 milljarða króna, sem er um 3,2 prósent af heildargreiðslunum.

Hver skattgreiðandi greiddi að meðaltali um 1,1 milljón króna á síðasta ári. Meðalgreiðslur hvers „hákarls“ voru um 76,2 milljónir, næstum sjötíu sinnum meira en Meðal-Íslendingurinn.

Sá sem borgaði hæstu skattana á síðasta ári var Kristinn Gunnarsson apótekari, sem greiddi alls um 451 milljón króna. Hann átti ásamt Ólöfu Vigdísi Baldvinsdóttur, eiginkonu hans, hlut í Actavis, sem þau seldu á síðasta ári.

Sigurður Sigurgeirsson, athafnamaður úr Kópavogi, greiddi næstmest, tæplega 357 milljónir. Róbert Wessman, forstjóri Actavis, greiddi tæpar 285 milljónir.

Skattakóngurinn í fyrra, Hreiðar Már Sigurðsson, forstjóri Kaupþings, er í fjórða sæti yfir hæstu skattgreiðendurna í ár. Hann greiddi 275 milljónir króna vegna ársins 2007. Það er talsvert minna en árið áður, þegar hann greiddi um 400 milljónir.

**brjann@frettabladid.is**

**REYKJAVÍK**
1. Kristinn Gunnarsson 450.816.061 krónur
2. Vilhelm Róbert Wessman 284.760.200 krónur
3. Hreiðar Már Sigurðsson 275.149.863 krónur
4. Ingunn Gyða Wernersdóttir 244.523.366 krónur
5. Gunnar I. Hafsteinsson 232.520.023 krónur

**REYKJANESUMDÆMI**
1. Sigurður Sigurgeirsson 357.130.285 krónur
2. Hinrik Kristjánsson 262.771.849 krónur
3. Guðmundur Steinar Jónsson 219.722.400 krónur
4. Albert Þór Jónsson 219.349.525 krónur
5. Einar F. Kristinsson 215.402.782 krónur

**SUÐURLAND**
1. Pétur Kr. Hafstein 51.025.799 krónur
2. Guðmundur A. Birgisson 111.199.951 krónur
3. Óskar Magnússon 81.467.912 krónur
4. Friðrik Guðmundsson 33.313.658 krónur
5. Ragna Jónsdóttir 28.876.876 krónur

**VESTFIRÐIR**
1. Steinþór Bjarni Kristjánsson 61.355.095 krónur
2. Ásgeir Guðbjartsson 29.338.293 krónur
3. Jakob Valgeir Flosason 24.671.514 krónur
4. Guðrún Jónsdóttir 22.883.974 krónur
5. Freyr Héðinsson 22.843.084 krónur

**AUSTURLAND**
1. Kristinn Aðalsteinsson 172.526.476 krónur
2. Stefán Sigurðsson 19.166.014 krónur
3. Bjarney Stella Kjartansdóttir 15.176.375 krónur
4. Tómas Már Sigurðsson 14.726.642 krónur
5. Snorri Aðalsteinsson 13.284.049 krónur

**NORÐURLAND VESTRA**
1. Þórólfur Gíslason 17.813.904 krónur
2. Svavar Berg Magnússon 17.102.555 krónur
3. Lárus Ægir Guðmundsson 14.623.429 krónur
4. Guðrún Ragnarsdóttir 11.667.917 krónur
5. Ingileif Oddsdóttir 11.018.443 krónur

**NORÐURLAND EYSTRA**
1. Þorvaldur L. Sigurjónsson 104.268.224 krónur
2. Sverrir F. Leósson 82.516.652 krónur
3. Bjarni Bjarnason 80.647.847 krónur
4. Óli Hjálmar Ólason 61.100.902 krónur
5. Óli Bjarni Ólason 59.782.262 krónur

**VESTMANNAEYJAR**
1. Magnús Kristinsson 27.644.482 krónur
2. Ragnheiður Alfonsdóttir 26.568.570 krónur
3. Leifur Ársælsson 17.822.253 krónur
4. Guðbjörg Matthíasdótir 14.105.660 krónur
5. Ólafur Ágúst Einarsson 8.130.061 krónur

**VESTURLAND**
1. Jóhanna H. Sigurðardóttir 213.369.939 krónur
2. Ólafur Ólafsson 145.375.301 krónur
3. Jörundur Svavarsson 37.116.915 krónur
4. Þorgrímur Benjamínsson 34.132.444 krónur
5. Örn Gunnarsson28.590.226 krónur


# Icebank hf. birtir lýsingu vegna töku víxla til viðskipta hjá OMX Nordic Exchange Iceland hf.

Icebank hf., kt. 681086-1379, hefur birt lýsingu vegna víxla bankans sem verða teknir til viðskipta á OMX Nordic Exchange Iceland hf. Lýsingin er aðgengileg almenningi frá og með 1. ágúst 2008 og er hægt að nálgast í 1 ár frá birtingu tilkynningar þessarar á vefsetri útgefanda, www. icebank.is, og í prentuðu formi hjá útgefanda að Rauðarárstíg 27, 105 Reykjavík.

**Eftirfarandi víxlaflokkur verður tekinn til viðskipta:**

Víxlaflokkur að fjárhæð 600.000.000 kr. var gefinn út þann 3. desember 2007. Nafnverðseiningar flokksins eru 5.000.000 kr. Flokkurinn verður tekinn til viðskipta hjá OMX Nordic Exchange Iceland hf. 1. ágúst 2008. Auðkenni flokksins hjá OMX Nordic Exchange Iceland hf. verður ICB 08 0813. Víxlarnir eru vaxtalaus eingreiðslubréf sem skulu endurgreiðast þann 13. ágúst 2008.

Umsjónaraðili töku víxlana til viðskipta hjá OMX Nordic Exchange Iceland hf. er Icebank hf.

Lýsinguna er hægt að nálgast í 1 ár frá birtingu tilkynningar þessarar á vefsetri útgefanda: www. icebank.is og í prentuðu formi hjá útgefanda, Rauðarárstíg 27, 105 Reykjavík.

*1. ágúst. 2008.*


## VEÐURSPÁ



**Sigurður Þ. Ragnarsson** veðurfræðingur

**ÁGÆTT VEÐUR UM HELGINA**
Þá er komið að mestu ferðahelgi ársins. Veðrið lofar ágætu. Heilt yfir verður veður bjart með köflum og hægur vindur en hiti fer lækkandi eftir því sem líður á helgina. Bjartast verður Norðanlands. Yfirleitt verður úrkomulaust en þó kunna dropar að falla sunnan til í dag og svo er hætt við síðdegisskúrum þar á sunnudag.




**Á MORGUN** Hæg austlæg eða breytileg átt.

**SUNNUDAGUR** Hæg, breytileg átt. Síðdegisskúrir syðra

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Kaupmannahöfn | 26° |
| Billund | 26° |
| Ósló | 27° |
| Stokkhólmur | 27° |
| Gautaborg | 27° |
| Helsinki | 24° |
| Eindhoven | 25° |
| Amsterdam | 24° |
| London | 22° |
| Berlín | 32° |
| Frankfurt | 27° |
| Friedrichshafen | 29° |
| París | 25° |
| Basel | 28° |
| Barcelona | 29° |
| Alicante | 31° |
| Algarve | 28° |
| Tenerife | 22° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

# Allt fyrir ferðalagið

OPIÐ til 20 alla daga



## Landsliðslæri

Grilllambalæri í samstarfi við landslið matreiðslumeistara. Til að ná fram besta bragði sem völ er á notum við ferskar kryddjurtir, hvítlauk, sítrónusafa og sítrónubörk. Til að toppa marineringuna notum við ferskan chillipipar og gourmet olíu sem gefur lærinu frábæra áferð og betra bragð.

30% afsláttur

**1.399** kr/kg

Verð áður 1.998.-

Grilllæri Haugkaupa



Holta-kjúklingur

35% afsláttur við kassa

**493** kr/pk

Merkt verð 759.-

Kjúklingavængir í fötu



30% afsláttur við kassa

**1.105** kr/kg

Merkt verð 1.579.-

New Orleans svínarif



Kjöt & fisktorgið – Alltaf ferskt

30% afsláttur við kassa

**174** kr/stk

Merkt verð 249.-

Hamborgarar 175g
- úr kjötborði



Kjöt & fisktorgið – Alltaf ferskt

25% afsláttur

**2.998** kr/kg

Verð áður 3.998.-

Nautalundir
- úr kjötborði

Jói FEL

## Betri salöt í Hagkaupum!



## Gullauga-í lausu

## Beint frá bónda
- alla daga

Hagkaup býður upp á nýjar íslenskar kartöflur á hverjum degi í sumar, eins og undanfarin 6 ár. Kartöflurnar eru teknar upp snemma morguns og afhendar beint frá Jóa Bónda á Jaðri í Þykkvabæ



Tilboð

**299** kr/kg

Merkt verð 389.-

Gildir til 04. ágúst eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP

Ein ferð betra verð

## KJÖRKASSINN



*Átti Ólafur F. Magnússon að víkja Ólöfu Guðnýju Valdimarsdóttur úr skipulagsráði?*

| | |
|---|---|
| Já | 35,5% |
| Nei | 64,5% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Finnst þér eðlilegt að veitingastaðurinn Goldfinger fái leyfi til að bjóða upp á nektardans?*

Segðu þína skoðun á visir.is

vísir

Hnútuköst milli demókrata og repúblikana:

# Obama sagður dægurfluga

**BANDARÍKIN, AP** Barack Obama, forsetaefni Demókrataflokksins í Bandaríkjunum, segir að repúblikanarnir John McCain, mótherji hans í forsetakosningunum, og George W. Bush forseti, reyni nú að hræða kjósendur frá því að kjósa sig.

„Enginn trúir því að Bush og McCain eigi nein raunveruleg svör við þeim vandamálum sem blasa við okkur. Þess vegna eru þeir að reyna að gera ykkur hrædd við mig,“ sagði Obama í gær. „Þið vitið: hann er ekki nógu föðurlandssinnaður, hann er með skrítið nafn, hann lítur ekki út eins og allir hinir forsetarnir á dollaraseðlunum.“

Úr herbúðum McCains komu hins vegar í gær sjónvarpsauglýsingar, þar sem í fyrsta sinn er beinlínis ráðist að persónu Obamas. Honum er líkt við Britney Spears og Paris Hilton, og gefið í skyn að hann sé lítið annað en frægðarbóla sem fjölmiðlar eru uppteknir af, en gleymist síðan.

„Hann er frægasti maður í heimi, en er hann fær um að stjórna?“ er spurt í auglýsingunni meðan klippt er á milli mynda af Evrópuferð Obamas og mynda af frægum poppstjörnum. Óðum styttist í landsþing flokkanna beggja, þar sem forsetaefni þeirra verða formlega valin. Flokksþing



**OBAMA Á SVIÐINU** Segir andstæðinga sína í Repúblikanaflokknum reyna að hræða kjósendur frá að kjósa sig.

Demókrataflokksins verður í Denver í Colorado 25.-28. ágúst, en landsþing repúblikana verður í St. Paul í Minnesota 1.-4. september. **- gb**

Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum:

# Þrír gistu fangageymslur

**LÖGREGLUMÁL** Þrír gistu fangageymslur lögreglunnar í Vestmannaeyjum aðfaranótt fimmtudags. Þeir voru handteknir vegna líkamsárásarmáls þar sem maður hlaut skurð á hnakka. Mennirnir voru talsvert ölvaðir.

Að sögn lögreglu var ekki um alvarlega líkamsárás að ræða. Þó nokkuð af fólki var komið til Vestmannaeyja vegna þjóðhátíðar.

Tveir piltar voru handteknir á leið sinni á þjóðhátíð aðfaranótt fimmtudags. Þeir voru staðnir að því að reykja hass á meðan þeir biðu þess að fara um borð í Herjólf. **- þeb**




# Háskólakennarinn í fjögurra ára fangelsi

**Fyrrverandi háskólakennari hlaut fjögurra ára fangelsi fyrir kynferðisbrot gegn sjö stúlkum. Sálfræðingur segir barnagirnd hafa fylgt manninum frá barnsaldri. Hann myndaði dætur sínar á klámfenginn hátt á nektarströnd.**

**DÓMSMÁL** Fimmtíu og þriggja ára karlmaður, sem þar til í mars stundaði kennslu við Háskólann í Reykjavík, var í gær dæmdur í fjögurra ára fangelsi fyrir langvinn og ítrekuð kynferðisbrot gegn sjö stúlkum - dætrum sínum, stjúpdóttur og vinkonum þeirra.

Upp komst um málið eftir að ábendingar höfðu margsinnis borist barnaverndaryfirvöldum um aðbúnað á heimili mannsins, en þar gekk hann jafnan um nakinn í viðurvist barna sinna sem annarra. Eftir að fjölmiðlar greindu frá handtöku mannsins stigu fleiri stúlkur fram og sögðu frá brotum hans gegn sér.

Grófustu brotin framdi maðurinn gegn stjúpdóttur sinni, fæddri árið 1994. Hann hafði mök við hana að minnsta kosti þrisvar sinnum á sex ára tímabili, frá árinu 2002 til 2008.

Maðurinn myndaði einnig dætur sínar, fæddar 1996 og 1998, og stjúpdóttur naktar og á klámfenginn hátt. Um hundrað slíkar ljósmyndir, auk þriggja hreyfimynda, af stúlkunum voru gerðar upptækar. Sumar þeirra voru teknar á nektarnýlendu á Spáni.

Að auki var maðurinn dæmdur fyrir að hafa fróað sér að stúlkunum sjáandi, áreitt þær og í eitt skipti lýst með vasaljósi inn í kynfæri einnar stúlkunnar.

Við skýrslutökur játaði maðurinn að það örvaði hann að sjá börn nakin. Í skýrslu sálfræðings kemur fram að hann sé haldinn greinilegri barnagirnd „sem ásamt þráhyggjuhugsunum um kynlíf hafi fylgt honum frá barnsaldri“.

Maðurinn játaði að hafa umgengist stúlkurnar nakinn og sagðist vera „nektarsinni“. Nektarmyndir af stúlkunum sagði hann hefðbundnar sumarleyfismyndir, þótt þær væru fyrst og fremst af kynfærum þeirra, og þá sagði hann stjúpdóttur sína hafa átt frum-



**KAPPKLÆDDUR** Maðurinn huldi andlit sitt fyrir ljósmyndurum í Héraðsdómi Reykjaness í gær. Segir í dómnum að framburður hans hafi einkennst af því að hann vilji draga úr ábyrgð sinni og varpa henni yfir á þolendur. FRÉTTABLAÐIÐ / VILHELM

kvæði að kynferðismökum þeirra. Á hvorugt fellst dómurinn.

Maðurinn er dæmdur til að greiða öllum stúlkunum samtals rúmar fjórar milljónir króna í miskabætur, og nemur upphæðin frá 150 þúsundum króna til tveggja milljóna. Hann hefur setið í gæsluvarðhaldi frá 3. apríl, og dregst sú vist frá fjögurra ára fangelsisdómi hans.

stigur@frettabladid.is

### FINNST ÞÆGILEGT AÐ VERA NAKINN

Maðurinn sagðist ekki hafa gengið um nakinn á heimili sínu innan um stúlkurnar í kynferðislegum tilgangi, heldur væri hann „nektarsinni“ (e. naturist). Í því fælist að honum þætti „þægilegt að vera innan um annað fólk sem vill líka vera nakið, þar á meðal börn.“

„Jafnvel þótt út frá því væri gengið að að það framferði ákærða að ganga um nakinn á heimili sínu hafi alfarið helgast af því að hann aðhylltist „naturisma“, er haldlaus sú málsvörn hans að hann hafi þar með og án þess að til álita kæmi að hann bryti með því gegn refsilögum getað verið allsnakinn í viðurvist barna,“ segir í dómnum.




Skemmdir unnar á rannsóknarreit Landbúnaðarháskólans uppi á Hellisheiði:

# Vel skipulögð skemmdarverk

**SKEMMDARVERK** Talsverðar skemmdir hafa verið unnar á rannsóknarreitum sem vísindamenn Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri hafa ræktað á Hellisheiði. „Þessar rannsóknir ganga út á að prófa aðferðir til að græða upp röskuð svæði sem óneitanlega falla til við verklegar framkvæmdir eins og orkuveitan stendur fyrir,“ segir Járngerður Grétarsdóttir, lektor við Landbúnaðarháskólann. „Merkingar okkar á reitunum voru teknar upp og vísvitandi færðir til. Það er eins og tilgangurinn hafi verið að villa um fyrir okkur.“

Í tilkynningu frá Orkuveitunni kemur meðal annars fram að rannsóknirnar hafi notið sjö milljóna króna styrks frá fyrirtækinu á síðustu tveimur árum. Enn fremur kemur fram að „gróðurreitirnir, sem verst urðu úti, eru staðsettir austan Skarðsmýrarfjalls, ekki langt þar frá sem samtökin Saving Iceland hafa búðir sínar“.

Aðspurður hvort hann teldi að meðlimir samtakanna Saving Iceland hafi átt hlut að máli segist Kristinn H. Þorsteinsson, garðyrkjustjóri OR, ekkert vita um það. „Við erum ekki með neinar aðdróttanir, eina ástæðan fyrir því að við tiltökum staðsetningu



**HELLISHEIÐAVIRKJUN** Skipulögð skemmdarverk voru unnin á gróðurreitum uppi á Hellisheiði.

búðanna er sú að þær eru gott kennileiti. En þetta voru greinilega vel skipulögð skemmdarverk sem mikil vinna og hugsun hefur farið í.“ **- ges**



# Betri tilboð!

netto



34% afsláttur

GOÐI

LÚXUS HAMBORGARI
M/BACON, OSTI OG BBQ SÓSU 2stk.

**398kr/pk**

~~598 kr/kg~~



30% afsláttur

GOÐI

GRÍSALUND MEISTARANS

**1.749kr/kg**

~~2.498 kr/kg~~



40% afsláttur

GOÐI

LAMBAFILLE M/FITU

**2.219kr/kg**

~~3.698 kr/kg~~



30% afsláttur

Ali

SPARERIBS SOÐIÐ

**993kr/kg**

~~1.418 kr/kg~~




HUMARASKJA 2kg

**3.990kr**



25% afsláttur

GOÐI

SVÍNAHNAKKI ÚRB.
MEXIKÓKRYDDAÐUR

**1.499kr/kg**

~~1.998 kr/kg~~




25% afsláttur

GOÐI

GRÍSAHNAKKI PIRI PIRI

**1.398kr/kg**

~~1.867 kr/kg~~




35% afsláttur

FAZER SKÓLAKRÍT 165gr

**195kr/pk**

~~299 kr/pk~~




27% afsláttur

HOMEBLEST 2.pk

**189kr/2.pk**

~~259 kr/2.pk~~




25% afsláttur

MARYLAND COCONUT 2X150gr

**97kr/2.pk**

~~129 kr/2.pk~~




30% afsláttur

FAZER
TYRKISH PEPPER 180gr

**195kr/pk**

~~279 kr/pk~~

TILBOÐIN GILDA 31. JÚLÍ - 4. ÁGÚST

www.markhonnun.is

## Verið velkomin í Nettó

Mjódd - Salavegi - Akureyri - Höfn - Grindavík

Birt með fyrirvara um prentvillur.




Stjórn Sýslumannafélagsins ræðir fyrirhugaða sameiningu lögregluembætta:

# Vilja verkefni frá ráðuneytum

**STJÓRNSÝSLA** „Stjórn Sýslumannafélagsins er að ræða þessar hugmyndir,“ segir Anna Birna Þráinsdóttir, sýslumaður í Vík og formaður Sýslumannafélagsins, um fyrirhugaða sameiningu lögregluembætta. Gangi þær eftir munu sýslumenn ekki lengur sinna hlutverki lögreglustjóra eins og margir þeirra gera nú en gert er ráð fyrir að þeir muni fá önnur verkefni í staðinn.

„Stjórn félagsins hefur hitt alla ráðherra ríkisstjórnarinnar og bent á mörg sýslumannsembætti sem vænlegan kost til að taka við ýmsum verkefnum úr stjórnsýslunni,“ segir hún. „Og ef þessar hugmyndir ganga eftir skapast tækifæri til þess mjög víða. Þá fá margir sýslumenn svigrúm til að sinna fleiri verkefnum.“ Sem dæmi um verkefni sem færa mætti til sýslumanna nefnir hún ýmsar leyfisútgáfur, bókhald fyrir sendiráð og verkefni frá þýðingarmiðstöð utanríkisráðuneytisins.

„Það sem er verið að boða með þessum hugmyndum er reyndar eitthvað sem þegar hefur átt sér stað á nokkrum stöðum. Þegar embættin voru sameinuð árið 2007 var lögreglan klofin frá allnokkrum embættum svo sýslumenn á þeim stöðum voru ekki lengur lögreglustjórar. Þá voru flutt til þeirra verkefni úr dómsmálaráðuneytinu og það hefur gefið góða raun.“

- jse



**SAMHENTIR LÖGREGLUÞJÓNAR** Fyrirhuguð sameining lögregluembætta skapar tækifæri fyrir sýslumenn segir formaður Sýslumannafélagsins.

# Vilja Listaháskóla við Laugaveginn

**Fulltrúar í skipulagsráði Reykjavíkurborgar eru almennt ánægðir með tillögu að nýbyggingu Listaháskólans við Laugaveg. Flestir setja þó einhverja fyrirvara. Ekki er samstaða um hvort húsin við Laugaveg 43 og 45 þurfi að víkja.**

**SKIPULAGSMÁL** „Ég hef ákveðnar efasemdir um þessa vinningstillögu. Sérstaklega að því er varðar húsaröðina við Laugaveg og þessa miklu lokun við Frakkastíg,“ segir Svandís Svavarsdóttir, fulltrúi Vinstri grænna í skipulagsráði. Hún segir þó flesta sammála um að skólinn yrði mikil lyftistöng fyrir Laugaveginn.

Málin hafi þó ekki beint verið rædd á yfirveguðum nótum undanfarna daga. Hún segir Magnús Skúlason, tilvonandi fulltrúa F-lista í skipulagsráði hafa verið með stóryrtar yfirlýsingar. „Hann hefur jafnvel gengið svo langt að segja að skólinn eigi ekki heima þarna.“

Svandís segir verðugt verkefni fyrir góða arkitekta að koma skólanum fyrir á viðkomandi reit. „Þetta er gríðarlega góð tillaga hvað varðar innirýmið. En hún hefur ekki leyst það krefjandi verkefni að kallast nægjanlega á við ytra umhverfið.“

Hún segist frekar vilja sjá húsin við Laugaveg 43 og 45 standa. „Mér finnst mjög mikilvægt að götumyndinni sé gert hátt undir höfði og að þessi hús fái að njóta sín. Ef við erum með byggingar sem gera svo miklar kröfur að þær verða að ryðja öllu frá sér sem nálægt er þá eiga þær byggingar að vera í öðrum hverfum en miðborginni.“

Stefáni Benediktssyni, fulltrúa Samfylkingar í skipulagsráði, líst vel tillöguna. „Ég stóð að þessari bókun skipulagsráðs til keppnisnefndar sem gerði skilmálana um samkeppnina,“ segir Stefán. „Þar lögðum við áherslu á að sem mest tillit væri tekið til umhverfisins og þeirrar varðveisluáforma sem uppi eru.“ Hann segist þó ekki vilja taka þá afstöðu að ekki megi hreyfa við húsunum við Laugaveg 43 og 45.



**LISTAHÁSKÓLINN** Vinningstillaga +Arkitekta og ADEPT Arkitekta að nýbyggingu Listaháskóla Íslands við Laugaveg gerir ráð fyrir opnu miðrými.



**STEFÁN BENEDIKTSSON**



**BJÖRK VILHELMSDÓTTIR**



**SVANDÍS SVAVARSDÓTTIR**



**GÍSLI MARTEINN BALDURSSON**

Björk Vilhelmsdóttur, fulltrúa Samfylkingar í skipulagsráði, finnst vinningstillagan góð að flestu leyti. „Mér finnst hún skemmtileg og hún virðist falla vel að þörfum skólans.“ Björk vill þó vinna betur með útlit skólans sem snýr að Laugavegi.

„En mér líst ekkert á ummæli nýs fulltrúa Ólafs F. Magnússonar í skipulagsráði. Það er með ólíkindum að maðurinn líti svo á að listnemar eigi ekki heima í borginni.“

Hún er tilbúin til að skoða að húsin við Laugaveg 43 og 45 fari. „Mér finnst mestu máli skipta að bjóða Listaháskólann velkominn á Laugaveginn. Við eigum ekki bara að líta á Laugaveginn sem nítjándu aldar fyrirbæri heldur eigum við líka að líta á Laugaveginn í nútíð.“

Gísli Marteinn Baldursson, fulltrúi Sjálfstæðisflokks í skipulagsráði segist ætla að taka afstöðu til málsins þegar það kemur inn á borð ráðsins. „Ég hlakka til að fá kynningu á málinu í skipulagsráði og þar mun tillagan fá eðlilega málsmeðferð.“

olav@frettabladid.is

Radovan Karadzic leiddur fyrir stríðsglæpadómstól í Haag:

# Segist hafa ósýnilegan ráðgjafa

**HOLLAND, AP** Radovan Karadzic, fyrrverandi leiðtogi Bosníu-Serba, var í gær leiddur í fyrsta sinn fyrir stríðsglæpadómstól Sameinuðu þjóðanna í Haag. Hann vildi hvorki lýsa yfir sekt né sakleysi, en bað um að fá ákæruskjalið í hendur frekar en að það yrði lesið upp fyrir dómi.

„Ég hef engan áhuga á að heyra einhvern annan lesa ákæruskjalið fyrir mig,“ sagði hann, og staðfesti jafnframt að hann ætli sjálfur að sjá um málsvörn sína fyrir dómstólnum: „Ég hef ósýnilegan ráðgjafa en hef ákveðið að verja mig sjálfur.“

Karadzic var laus við hvíta skeggið mikla og síða hárið, sem hann hafði dulið sig með á flótta sínum undan réttvísinni í þrettán ár. Hann virtist sjálfsöruggur og brosti stundum.

Ákæruatriðin eru í ellefu liðum. Hann er sakaður um stríðsglæpi, þjóðarmorð og fleiri voðaverk á tímum Bosníustríðsins, sem stóð árin 1992-95. Þar á meðal er hann ákærður fyrir þátt sinn í fjöldamorðunum í Srebrenica sumarið 1995, þegar nærri átta þúsund manns voru myrtir á fáeinum dögum.

Alphons Orie dómari ákvað að Karadzic kæmi aftur fyrir réttinn þann 29. ágúst. Lýsi hann þá hvorki yfir sekt né sakleysi, verður dómstóllinn að ganga út frá því að hann lýsi sig saklausan.

- gb



**RAKAÐUR OG KLIPPTUR** Karadzic var fljótur að losa sig við hvíta mikla skeggið og síða hárið eftir að hann var handtekinn í Belgrad í byrjun síðustu viku.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

www.toyota.is

:-) framan í heiminn




ÍSLENSKA SIA.IS TOY 42853 08/08

## Sumir vilja aðeins
## ferðast á fyrsta farrými

Það getur verið erfitt að sætta sig við aðra bíla þegar maður hefur kynnst Avensis. Hugurinn leyfir helst ekkert annað en hið plássmikla og örugga rými sem Avensis státar af.

Þú veist ekki af hverju þú ert að missa.
Komdu og reynsluaktu **Avensis** í dag.

Ps. Eða fáðu einhvern á Avensis til að taka þig í bíltúr :-)




TODAY TOMORROW **TOYOTA**

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Toyota Kópavogi | Toyota Akureyri | Toyota Reykjanesbæ | Toyota Selfossi | Toyota Austurlandi |
| Nýbýlavegi 4 | Baldursnesi 1 | Njarðarbraut 19 | Fossnesi 14 | Miðási 2 |
| Kópavogur | Akureyri | Reykjanesbær | Selfoss | Egilsstaðir |
| Sími: 570-5070 | Sími: 460-4300 | Sími: 420-6600 | Sími: 480-8000 | Sími: 470-5070 |

www.volkswagen.is




Frítt, hálft verð eða fullt verð fyrir krakkana:

# Borðið úti í hádeginu!

Það er ekki ódýrt að snæða á veitingahúsum landsins. Þeir sniðugu með tóman maga geta þó fengið sér í gogginn í hádeginu án þess að fara á hausinn því margir veitingastaðir bjóða upp á ódýrari matseðla í hádeginu heldur en á kvöldin. Það er líka sniðugra að borða vel í hádeginu en að belgja sig út á kvöldin þegar stutt er í svefninn.

Lítum á nokkur dæmi. Nú eru sumarfríin í algleymi svo við skulum líka kíkja á hvað er í boði fyrir krakkana.

Byrjum á hlaðborðunum. **Sjávarbarinn**, Grandagarði 9, býður upp á sjávarréttahlaðborð á 1.400 kr. á mann. Krakkar frá 0-6 ára fá matinn frían en frá 6-12 ára borga hálft verð. **Potturinn & pannan**, Brautarholti 22, er með hlaðborð á 1.490 kr á mann. Krakkar borða á hálfvirði. Hlaðborðið á **Pizza Hut** leggst á 1.290 kr. á mann, krakkar borga 770 kr. Hádegishlaðborðið á **Aski**, Suðurlandsbraut 4, kostar 1.690 kr á manninn, 890 fyrir krakka. Á **Vox Bistro** í Hótel Nordica við Suðurlandsbraut kostar hádegishlaðborðið 2.600 kr. Þar er hálft verð fyrir börn 6-12 ára, en frítt fyrir yngra fólk.

Þá skulum við skoða veitingastaði í amerískum stíl. Á **Ruby Thuesday** bjóðast réttir á hádegisverðartilboði á 1.090 upp í 1.390 krónur. Á **T.G.I.Fridays** í Smáralind er hægt að velja úr átta réttum á 1.290 kr. hvern. Í **Grillhúsinu** við Tryggvagötu fást réttir á hádegistilboði frá 1.195 kr. til 1.495 kr. Á öllum þessum stöðum er barnamatseðillinn sá sami og vanalega.

Og þá að fínu stöðunum. Jafnvel þar tímir maður að spandera á sig í hádeginu við vel valin tækifæri. Á **Lækjarbrekku** í Bankastræti má velja um tvo rétti á 2.400 kr., og þrjá á 2.900 kr. Af barnamatseðli má velja ýmsa rétti á 1.800 kr.

**Sjávarkjallarinn**, Aðalstræti 2, er með tveggja rétta hádegisseðil á 3.300 kr. eða 3.900 kr. með eftirrétti. Alla réttina má gera „barnavæna“ og kosta þeir þá helmingi minna.

Á sjálfu **Hótel Holti** má velja um ýmsa rétti af matseðli, tvo rétti á 2.700 kr., þrjá á 3.300 kr. Hægt er að útbúa kjúkling og franskar fyrir krakkana á 1.800 kr.


**KRAKKAR SEX ÁRA OG YNGRI BORÐA FRÍTT** Á Sjávarbarnum hjá Magnúsi Inga Magnússyni.


DR. GUNNI
neytendur@frettabladid.is

Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@frettabladid.is



BÍLMAGNARAR FERÐATÆKI MAGNARAR BÍLTÆKI ÚTVÖRP
HÁTALARAR MP3 SPILARAR
DVD SPILARAR ÞRÁÐLAUSIR SÍMAR
HEYRNARTÓL HLJÓMBORÐ BÍLHÁTALARAR
REIKNIVÉLAR

# RISA ÚTSALA

KAFFIVÉLAR
HÁFAR

MEIRA EN 1000 VÖRUTEGUNDIR MEÐ ÓTRÚLEGUM AFSLÆTTI

## ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR

UPPÞVOTTAVÉLAR ELDAVÉLAR SAMLOKUGRILL
ÞVOTTAVÉLAR ÖRBYLGJUOFNAR ÍSSKÁPAR
HRÆRIVÉLAR BLANDARAR STRAUJÁRN
VÖFFLUJÁRN RYKSUGUR
RAKVÉLAR

Panasonic 32" sjónvarp – Verð áður kr. 119.995 – Nú kr. 79.995
Pottar og pönnur með 25% afslætti
Brauðristar, kaffivélar, sléttujárn, hárblásarar og fleira frá kr. 995
Þvottavélar og þurrkarar með miklum afslætti
Philips sjónvörp með allt að 200.000 kr. afslætti

**Útlitsgallaðar vörur með miklum afslætti**

**TAKMARKAÐ MAGN** *Fyrstur kemur – fyrstur fær!*

*ATH. LOKAÐ ER UM VERSLUNARMANNAHELGINA*

**Heimilistæki**
www.ht.is

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | HÚSAVÍK | SELFOSS |
|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 36 | GARÐARSBRAUT 18A | EYRARVEGI 21 |
| SÍMI 569 1500 | 460 3380 | 464 1600 | 480 3700 |

CASIO Lenco NAD KENWOOD PHILIPS Panasonic UNITED BEKO DēLonghi elna exido
ide line Melissa TecnoWind Bauknecht Bompani OBH NORDICA INDESIT VESTFROST Whirlpool



**FRUMLEGT** Fyrirsæta sýndi verðlaunaföt á tískusýningu í Peking í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Gifting samkynhneigðra:

## Búseta ekki lengur skilyrði

**BANDARÍKIN, AP** Deval Patrick, ríkisstjóri í Massachussetts, staðfesti í gær lög sem heimila samkynhneigðum, sem búsettir eru utan ríkisins, að ganga í hjónaband innan þess.

Síðan 2004 hafa samkynhneigðir mátt ganga í hjónaband í Massachussetts, en þó aðeins ef þeir eru búsettir í ríkinu. Lögin sem ríkisstjórinn undirritaði ógilda 95 ára gömul lög sem bönnuðu fólki að ganga í hjónaband í Massachusetts ef hjónabandið væri brot á lögum í einhverju öðru ríki Bandaríkjanna. - gb

LÖGREGLUFRÉTT

### Ölvaður í bílveltu

Maður slapp lítið meiddur eftir að hann velti bíl sínum á Snæfellsvegi. Maðurinn var ölvaður við akstur. Bíllinn er ónýtur.




# Átján hús frá nítjándu öld

**Átján hús á Laugavegi eru reist á nítjándu öld. Elstu húsin standa neðst og þar er nítjándu aldar götumynd að hluta. Arkitekt segir að halda megi í götumyndina með því að byggja fyrir aftan eldri hús.**

**SKIPULAGSMÁL** Átján hús á Laugavegi eru frá nítjándu öld. „Elstu húsin eru á litlum spotta neðst á Laugaveginum og nokkur þeirra eru frá því um 1850,“ segir Guðjón Friðriksson sagnfræðingur.

„Þar getur nítjándu aldar götumynd átt við að hluta en að öðru leyti eru flest húsanna reist í kringum aldamótin 1900 og síðar.“

Guðjón segir blandaða götumynd frá ýmsum tíma einkenna Laugaveginn. „Það má segja að gatan hafi verið að byggjast upp á mjög löngum tíma þar sem finna má margar tegundir af húsum, bæði timbur- og steinhús.“

Til að byrja með voru reist lítil einlyft timburhús sem síðan hafa verið hækkuð og stækkuð á alla enda og kanta að sögn Guðjóns. „Veglegri steinhús fóru kaupmenn að reisa upp úr árinu 1920.“

Hafist var handa við að leggja Laugaveginn inn að þvottalaugunum í Laugardal árið 1885 og var það hugsað sem atvinnubótavinna vegna mikils atvinnuleysis í Reykjavík. Áður hafði gatan náð upp að Vegamótastíg og þar má finna elstu húsin við götuna.

„Vegurinn varð fljótt aðalleið bænda austan úr sveitum sem komu með vörur sínar í kaupstað,“ segir Guðjón. „Það varð til þess að kaupmenn fóru að færa sig sífellt innar á Laugaveginn til þess að verða fyrstir til að versla við sveitafólkið.“

Blómatími Laugavegarins hófst í byrjun tuttugustu aldarinnar að sögn Guðjóns. „Þarna ægði saman handverksmönnum á borð við skósmiði og söðlasmiði auk þess sem gatan var sú langfjölmennasta í borginni.“

„Okkur ber að taka tillit til gamalla húsa sem metin eru sögulega eða byggingarlega verðmæt,“ segir Gylfi Guðjónsson arkitekt. „Hins vegar er í mörgum tilfellum hægt að byggja mikið upp í kringum þessi hús þannig að framkvæmdirnar séu fjárhagslega verjandi.“

Gylfi hefur unnið að uppbyggingu reitsins í kringum Laugaveg fjögur til sex og lagt upp með að gömlu húsin fái að njóta sín. „Við viljum að nýbyggingarnar verði hlutlaus bakgrunnur fyrir gömlu húsin og vonumst til þess að þannig spretti þau fram og verði aðalatriði götumyndarinnar.“

helgat@frettabladid.is



**UPP ÚR ALDAMÓTUM** Fólk á tröppum Laugavegs 2 á milli áranna 1900 og 1920. MYND/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR




# Ný SUMARTILBOÐ



## Stillanleg rúm með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu

| Swissflex 145 | Verð áður | Tilboð |
|---|---|---|
| 160x200 | 299.900 | **169.900** |
| 180x200 | 309.900 | **179.900** |

| Proflex | Verð | Tilboð |
|---|---|---|
| 160x200 | 279.900 | **259.900** |
| 180x200 | 299.900 | **279.900** |

| Scape | Verð | Tilboð |
|---|---|---|
| 160x200 | 479.900 | **459.900** |
| 180x200 | 499.900 | **479.900** |



## Sofia rúmstæði með náttborðum

fyrir dýnu-stærð 160/180x200
Tilboð **69.930** Verð áður 99.900

## Fataskápur

Tilboð **77.940** Verð áður 129.900

20% afsláttur af hlífðardýnum og lökum við dýnukaup




## 10.000 kr. afsláttur af öllum heilsurúmum



**Glænýtt tilboð**
COAST svefnsófi
Tilboð **46.080.-**
Verð áður 76.800.-




**Visco-X með botni og fótum**
Hjónarúm stærð 180x210
Tilboð **129.900** Verð áður 225.800
Einstaklingsrúm stærð 90x210
Tilboð **64.950** Verð áður 112.900



**COE leður-rúmstæði**
fyrir dýnu-stærð 160x200
Tilboð **76.930**
Verð áður 109.900




AKUREYRI

Svefn & heilsa ★★★★★




REYKJAVÍK

**Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Óseyri 2, Akureyri, 461 1150** www.svefn.is
**Opið virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 14:00**

## „ORÐRÉTT“

### En því miður

**„Ég myndi bjóða skólann velkominn á þetta svæði ef það væri hægt að koma honum fyrir.“**

MAGNÚS SKÚLASON, FULLTRÚI BORGARSTJÓRA Í SKIPULAGSRÁÐI, UM LISTAHÁSKÓLANN Í REYKJAVÍK OG FRAKKASTÍGSREITINN.

**Fréttablaðið, 31. júlí**

### Ha, jú víst!

**„Í mínum huga er alveg ljóst að þarna á skólinn að rísa.“**

HANNA BIRNA KRISTJÁNSDÓTTIR, FORMAÐUR SKIPULAGSRÁÐS OG VERÐANDI BORGARSTJÓRI SJÁLFSTÆÐISMANNA. HÚN VAR EINNIG AÐ TALA UM LISTAHÁSKÓLANN OG FRAKKASTÍGSREITINN.

**Fréttablaðið, 31. júlí**

# tilveran
*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** BRAGI BERGÞÓRSSON SÖNGVARI

## *Feðgar saman í tónleikaferð*



„Ég var að koma heim úr tónleikaferðalagi. Fór um Austurland með karli föður mínum þar sem við fluttum lög eftir Inga T. Lárusson,“ segir Bragi Bergþórsson söngvari og sonur hins landsþekkta Bergþórs Pálssonar. Þetta var í fyrsta sinn sem þeir feðgar sungu saman á tónleikum. „Það var frábærlegt að syngja með pabba, við höfum reyndar sungið saman í óperunni áður en þetta var nýtt.“

Undanfarið hefur Bragi mestmegnis sinnt dóttur sinni sem er sjö mánaða. „Ég er þannig séð í barneignarleyfi, en er samt alltaf að vinna helling. Söngvarar fá aldrei frí og aldrei frið. Það eru afmæli, brúðkaup, veislur og svo framvegis en sem betur fer elska ég vinnuna mína,“ segir Bragi um starf söngvarans sem hann segir jafn erfitt og það er æðislegt. „Það er frábært að geta fengist við listina og það sem maður elskar að gera. En maður þarf auðvitað að eiga fyrir salti í grautinn og starföryggið er lítið. En eins og ég segi, þetta er fjölbreytt og skemmtilegt starf og maður kynnist fullt af fólki. Ég þekki reyndar ekkert annað þar sem báðir foreldrar mínir eru söngvarar. Þetta er í rauninni líf mitt.“

Núna er Bragi að hefjast handa við að undirbúa veturinn. „Ég þarf að finna mér dagskrá sem þarf auðvitað að vera eitthvað stuð. Svo fer ég að huga að því að flytja til útlanda. Ég og konan mín ætlum að flytja til Þýskalands þar sem hún ætlar að halda áfram í námi og ég að reyna að koma mér áfram í bransanum. Ég verð að láta drauminn rætast meðan ég er ennþá ungur og fullur af eldmóði,“ segir hann og hlær.

## BATMAN:
### SVARTI RIDDARINN



■ Leðurblökumaðurinn birtist fyrst á prenti í maí árið 1939. Fyrsta kvikmyndin var frumsýnd árið 1966. Tim Burton leikstýrði tveimur myndum um hetjuna með Michael Keaton í aðalhlutverki; Batman árið 1989 og Batman Returns þrem árum síðar. Joel Schumacher leikstýrði svo tveimur myndum með Val Kilmer og George Clooney í hlutverki leðurblökumannsins. Árið 2005 tók Christopher Nolan við leikstjórninni og gerði myndirnar Batman Begins og The Dark Knight sem nú er sýnd í kvikmyndahúsum.

## SJÓNARHÓLL
**HREINSUNARÁTAK Í BORGINNI**



AUÐUR MAGNDÍS LEIKNISDÓTTIR

### *Vill ekki búa í legóborg*

„Ég vil hreina borg en það er ekki síður mikilvægt að íbúarnir séu hamingjusamir,“ segir Auður Magndís Leiknisdóttir félagsfræðingur um hreinsunarátak í borginni en borist hafa fregnir af því að borgarstarfsmenn fari inn í lokaða garða til þess að meta ástand húsa í miðborginni. „Mér finnst mjög af hinu góða að borgin sé fegruð og á mörgum stöðum veitir alls ekki af því,“ segir Auður. „Auðvitað þarf það þó alltaf að vera í sátt og samlyndi við íbúana sem þar búa.“

Auður Magndís kann ekki að meta lögregluríkisstæla og telur mikilvægt að sköpunarkraftur íbúa fái að njóta sín án þess að gripið sé til aðgerða á borð við að mála yfir listaverk á húsveggjum fólks.

„Það þýðir ekkert að ætla að búa til legóborg heldur þarf að leyfa sköpunarkrafti borgaranna að njóta sín án þess þó að bitna á því að snyrtilegt sé í borginni,“ segir Auður.

„...fyrst á visir.is“

vísir.is

...ég sá það á vísir.is

# Síðasti bóndinn í dalnum

**Sveitin var blómleg þegar Jón Sigurðsson, sjálfstæðishetja okkar Íslendinga, sleit barnsskónum á Hrafnseyri við Arnarfjörð. Nú er aðeins einn ábúandi eftir í Auðkúluhreppi en óvíst er hvort hann muni þreyja annan vetur því hann mun fella fé sitt í haust.**




Þorbjörn Pétursson er fæddur og uppalinn að Ósi þar sem hann býr enn og hefur um 60 ær. Í fyrra voru þær 140 en nú er heilsan farin að hrella bóndann svo hann hefur ákveðið að fækka hjá sér.

„Það er að sjálfsögðu ekki sársaukalaust að sjá á eftir þeim,“ segir Þorbjörn eða Bjössi á Ósi eins og hann er oftast kallaður. Reyndar eru þetta engar venjulegar ær á Ósi því Bjössi hefur sérstakt dálæti á sumum þeirra. Það er kindur sem hann kallar svarta gengið og hlúir hann betur að þeim en öðru fé.

En hvað tekur svo við þegar búið er að fella féð? „Það er alveg óvíst. Sumir hafa lagt hart að mér að flytja til Þingeyrar en það kemur bara í ljós. En maður verður varla lengi hérna skepnulaus.“

Fyrir nokkrum árum var búskap hætt á Hrafnseyri og í fyrra brugðu hjónin á Auðkúlu búi. Þá var Bjössi orðinn eini ábúandinn í gamla Auðkúluhreppi þó ekki haldi hann einn til á þessum slóðum. Fjórir starfsmenn halda að jafnaði til í Mjólkárvirkjun og síðan er mikill hestabúgarður á Laugabóli skammt frá Ósi. Þar eru jafnan margir að störfum þótt enginn hafi þar fasta búsetu.

En þótt fækkað hafi verulega í Arnarfirði kann þó að verða breyting á ef hugmyndir um olíuhreinsunarstöð í Hvestu ganga eftir. Hvað þykir Bjössa um þær hugmyndir? „Ég er svo sem hvorki með né á móti,“ segir hann. „Ef það verður slys getur það náttúrulega haft skelfilegar afleiðingar en hins vegar er fólksfækkunin orðin gríðarleg hér svo ég skil það að menn vilji gera eitthvað við því.“

Eins fær Bjössi kærkomna heimsókn þegar pósturinn kemur tvisvar í viku. Undanfarin ár hefur Jón Halldórsson frá Bíldudal fært honum póstinn og þá venjulega staldrað við meðan þjóðmálin eru rædd. „Við erum ágætis mátar. Þó erum við alls ekki alltaf sammála en það gerir ekkert til.“

**jse@frettabladid.is**



**ÞORBJÖRN OG SVARTA GENGIÐ** Kindurnar í svarta genginu eru svo gæfar að þær láta ekki undir höfuð leggjast að kíkja á húsbóndann þegar hann fær sér í svanginn í eldhúsinu á Ósi. MYND/JÓN SIGURÐUR



**ÓS Í ARNARFIRÐI** Enginn búskapur verður að Ósi eftir næsta haust.



**ÞORBJÖRN HUGSI** Þorbjörn segist varla verða lengi í sveitinni skepnulaus.

**VIKA 26**

## DAGBÓK NÝRRA ÍSLENDINGA



Charlotte Ólöf Jónsdóttir Ferrirer:

### Á úlfalda í Palmyra í Sýrlandi

„Ég hef verið í Sýrlandi í rúma viku en foreldrar mínir fluttu nýlega til höfuðborgarinnar, Damaskus. Þrátt fyrir að hitinn hafi náð næstum 50 gráðum hefur ferðin hingað til verið frábær. Ég er meðal annars búin að heimsækja fornu borgina Palmyra sem er 215 kílómetra frá Damsakus. Hún er mun stórfenglegri en aðrar fornar borgir sem ég hef heimsótt, eins og rústir gömlu Rómarborgar eða Pompei. Borgin er risastór og er í mjög góðu ástandi. Hún er stundum kölluð brúður eyðimerkurinnar en hún var mjög mikilvægur hlekkur í verslunarleiðinni milli Evrópu og Asíu. Eitt af því sem mér þótti skemmtilegast var að skoða borgina á úlfalda. Ég held jafnvel að ég hafi verið bedúíni í fyrra lífi.“

Rachid Benguella:

### Vill baða sig í eldfjallavatni



Rachid gleðst yfir góða veðrinu sem leikið hefur við landsmenn undanfarna daga. „Við þurfum að fá svona góða daga af og til. Til að njóta þess að vera léttklædd úti í góða veðrinu og njóta sólarinnar. Það eru líka allir svo glaðir. En þetta minnir mann samt á hversu mikið almennt er að hlýna á jörðinni og vandamál sem það skapar,“ segir Rachid. Hann segist ekki eins duglegur að sækja sundlaugarnar og fyrst eftir að hann fluttist til Íslands. „Sundlaugarnar eru frábærar og ekki skemmir að þær innihalda alvöru eldfjallavatn en ekki eitthvað upphitað vatn.“

Junphen Sriyoha:

### Synti á ánni



Junphen er nokkuð döpur í bragði því Íslandsheimsókn móður hennar lauk í gær. „Hún var hérna í um það bil mánuð og við skemmtum okkur afar vel,“ segir Junphen. „Við fórum að Jökulsárlóni í vikunni og á leiðinni heim skoðuðum við Gullfoss og Geysi. Það var heitt í veðri svo ég og vinur minn sem var með í för notuðum tækifærið og böðuðum okkur í á einni. Móðir mín fékkst ekki ofan í jafnvel þótt við beittum brögðum og sögðum henni að ár á Íslandi væru hlýjar; hún lét ekki ginnast.“

Rétti tíminn til að skrá sig í Reykjavíkurmaraþon Glitnis 23. ágúst er...




# NÚNA!

Þátttökugjaldið hækkar á miðnætti föstudaginn 1. ágúst




42 km | 21 km | 10 km | 3 km | Latabæjarhlaup

REYKJAVÍKUR MARAÞON GLITNIS
25 ÁRA
23. ÁGÚST 2008

Skráning á
www.marathon.is

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
4.117 **+0,55%**

**Fjöldi viðskipta:** 195
**Velta:** 3.250 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **TEYMI** | +14,47% | **CENTURY ALUMIN.** | -4,5% |
| **EXISTA** | +2,71% | **ALFESCA** | -1,72% |
| **BAKKAVÖR** | +2,00% | **MAREL** | -0,95% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Alfesca 6,80 -1,72% ... Atorka 5,50 +0,00% ... Bakkavör 25,50 +2,00% ... Eimskipafélagið 14,40 +1,05% ... Exista 6,45 +2,71% ... Glitnir 14,83 +0,47% ... Icelandair Group 17,20 +1,18% ... Kaupþing 713,00 +0,42% ... Landsbankinn 22,75 +0,22% ... Marel 83,70 -0,95% ... SPRON 3,01 -0,66% ... Straumur-Burðarás 9,17 +0,99% ... Teymi 1,72 +14,47% ... Össur 84,30 +0,00%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## Kreppa í BNA frá því í fyrra

Samkvæmt endurskoðuðum tölum viðskiptaráðuneytis Bandaríkjanna sem birtar voru í gær skrapp hagkerfi Bandaríkjanna saman um 0,2 prósent síðustu þrjá mánuði 2007. Fyrri tölur gáfu til kynna 0,6 prósenta hagvöxt. Tölur um hagvöxt á fyrsta ársfjórðungi þessa árs voru einnig lækkaðar, en hann er nú áætlaður 0,9 prósent.

Tölurnar eru í betra samræmi við aðra hagvísa sem sýna meðal annars að hagkerfi Bandaríkjanna hefur tapað störfum síðan í desember 2007. Samkvæmt opinberum tölum er atvinnuleysi í Bandaríkjunum 5,5 prósent. Margir hagfræðingar telja þó vanmat í opinberu tölunum, atvinnuleysi kunni að vera nær 10 prósentum.

Í dag verða birtar tölur um atvinnuástand í júlí, en því er spáð að þær sýni að 75.000 störf hafi tapast. Þá hafa nýjar umsóknir um atvinnuleysisbætur ekki verið fleiri síðustu fimm ár. Slæmt atvinnuástand er talið ávísun á að einkaneysla dragist mikið saman á næstu mánuðum.


**ÁSTANDIÐ VERRA EN ÓTTAST VAR** Henry Paulson, fjármálaráðherra BNA, segist óttast að áhrif skattaendurgreiðslunnar fyrr í ár séu gengin yfir. MARKAÐURINN/AFP

Hagvöxtur á öðrum ársfjórðungi er áætlaður 1,9 prósent á ársgrundvelli sem er undir væntingum. **-msh**

## Vöruskiptajöfnuður jákvæður

Vöruskiptajöfnuður var jákvæður um 2,3 milljarða króna í júní. Á sama tíma í fyrra var vöruskiptajöfnuðurinn neikvæður um 13,4 milljarða króna, sé reiknað á núverandi gengi.

Skýrist þetta bæði af auknum útflutningi og minnkandi innflutningi. Útflutningur í júní 2008 var 27,5 prósentum hærri en á sama tíma árið áður, en innflutningur var 14,8 prósentum minni.

Halli á vöruskiptajöfnuði fyrstu sex mánuði ársins er 24,4 milljarðar, sem er 25,6 milljörðum minni en á sama tíma í fyrra. Mikil aukning í útflutningi áls ræður hér mestu. **- msh**

## Tap Skipta 383 milljónir

Skipti, móðurfélag Símans, tapaði 383 milljónum króna á öðrum ársfjórðungi. Á fyrst sex mánuðum ársins nemur tap félagsins því fjórum milljörðum króna.

„Afkoma af reglulegri starfsemi er ágæt og fyrirtækin að ná góðum árangri í rekstri við krefjandi ytri aðstæður. Gengisþróun krónunnar var óhagstæð og skýrir tapið,“ segir Brynjólfur Bjarnason forstjóri. Fjármagnsgjöld námu sjö milljörðum króna, en þar af nam gengistap 3,9 milljörðum. Sala jókst um 3,3 milljarða milli ára, um 21 prósent. 19 mars tilkynnti Exista um valfrjálst tilboð í allt hlutafé Skipta og hafði í lok tilboðstímabilsins eignast 99,22 prósent hlutafjár og á nú, eftir innköllun eftirstandandi hluta, félagið að fullu. **-ghh**


Stökktu til
Costa del Sol
14. eða 21. ágúst
frá 39.990



Örfá sæti laus!
Heimsferðir bjóða frábært stökktu tilboð á síðustu sætunum til Costa del Sol, 14. ágúst í 2 vikur eða 21. ágúst í 1 eða 2 vikur. Þú bókar og tryggir þér sæti og 3 - 4 dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gistir. Gríptu tækifærið og tryggðu þér sumarfrí á frábærum kjörum á vinsælasta sumarleyfisstað Íslendinga.

14. ágúst
Verð kr. 49.990 - 2 vikur
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2 -11 ára, í herbergi / stúdíó / íbúð 14. ágúst í 2 vikur. Aukalega kr. 10.000 m.v 2 fullorðna saman í herbergi / stúdíó / íbúð.

21. ágúst
Verð kr. 39.990 - 1 vika
Verð kr. 49.990 - 2 vikur
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2 -11 ára, í herbergi / stúdíó / íbúð 21. ágúst. Aukalega kr. 10.000 m.v 2 fullorðna saman í herbergi / stúdíó / íbúð.

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is
Ferðaskrifstofa Leyfishafi Ferðamálastofu
Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.


# Hagnaður Kaupþings í samræmi við væntingar

**Kaupþing hagnaðist um 15,4 milljarða króna. Kostnaður vegna uppsagna nemur 900 milljónum króna. Hreiðar Már sáttur við afkomuna. Afkoman var í samræmi við væntingar greinenda. Samruni við SPRON í ferli.**

Kaupþing hagnaðist um 15,4 milljarða króna á öðrum ársfjórðungi samanborið við 25,5 milljarða á sama tíma í fyrra.

„Ég er mjög sáttur með uppgjörið,“ segir Hreiðar Már Sigurðsson, forstjóri Kaupþings. Hann bendir á að aðstæður á alþjóðlegum mörkuðum hafi verið ákaflega erfiðar. „Það hafa verið miklar sveiflur á alþjóðlegum mörkuðum en við erum að skila 20 prósenta arðsemi eiginfjár á fyrstu sex mánuðum ársins og erum að auka innlán verulega,“ segir hann.

Spurður um hagræðingu í rekstri segir Hreiðar að allir bankar verði að hagræða við núverandi aðstæður. Hann segir að stefna bankans hafi verið að draga úr kostnaðarhlutfalli um tíu prósent á öðrum ársfjórðungi. Hreiðar segir að það markmið hafi náðst af áframhaldandi starfsemi en ekki af heildarkostnaði vegna einskiptis kostnaðar á fjórðungnum. „Við höfum verið að fækka fólki“ segir Hreiðar. Hann segir að kostnaður við uppsagnir hafi verið um 900 milljónir króna á öðrum ársfjórðungi. Hann bætir við að hann eigi ekki von á neinum fjöldauppsögnum.

Kaupþing Edge, hávaxta-netreikningur sem er starfræktur meðal annars í Bretlandi, hefur vaxið umtalsvert að undanförnu. Hreiðar segir að viðskiptavinir séu nú um 230 þúsund og fjölgi ört. Hann segir Kaupþing Edge samanstanda af sjö til átta prósentum af fjármögnun bankans. Hann gerir ráð fyrir því að að fimm lönd bætist við á næstunni.


**UPPGJÖR KAUPÞINGS** Hreiðar Már Sigurðsson, forstjóri Kaupþings, segir að bankinn muni nota evru sem starfreksl-

Spurður hvort Kaupþing ætli að feta í fótspor SPRON sem hóf útgáfu á skuldavafningum sem eru veðhæfir hjá Seðlabanka Evrópu segir Hreiðar svo vera. Bankinn stefni að frekari skuldaútgáfu til að auðvelda fjármögnun bæði í Englandi og Evrópu. Hann segir að bankinn hafi aukið áherslu á innlán í fjármögnun sinni og Kaupþing Edge sé hluti af þeirri áætlun.

Hreiðar segir að gengishagnaður vegna eiginfjárvarna sé mjög hár á fyrri hluta árs. Gengishagnaðurinn er tilkominn vegna eiginfjárvarna. Kaupþing tók þá frá fé í eiginfjárgrunni í samræmi við lánasafn sitt. Hreiðar segir að ekki standi til að losa um þá stöðu þrátt fyrir veikingu krónunnar.

Virðisrýrnun útlána Kaupþings á fyrri helmingi ársins nam 9,65 milljörðum króna og jókst um 286,3 prósent miðað við sama tímabil árið 2007. Virðisrýrnunin er annars vegar í tengslum við sértæk lán eða 5,86 milljarða króna en hins vegar nemur viðbótarframlag í afskriftarsjóð á móti skilgreindum útlánasöfnum 3,79 milljörðum króna. Í tilkynningu frá félaginu segir að þessi aukning virðisrýrnunar skýrist einkum af óhagstæðum markaðsaðstæðum á Íslandi og í Bretlandi.

**bjornthor@markadurinn.is**

### EVRAN Á NÆSTA ÁRI

Hreiðar Már Sigurðsson, forstjóri Kaupþings, segir að bankinn stefni að því að taka upp evru sem starfrækslumynt árið 2009. „Ég tel það fullvíst að við fáum tilskilin leyfi til að nota evru sem starfsrækslumynt á næsta ári,“ segir Hreiðar.

Hann segir að ekki standi til að fara með höfuðstöðvar úr landi þrátt fyrir upptöku evru sem rekstrarmyntar.

### TÖLUR ÚR UPPGJÖRI KAUPÞINGS

| Tímabil | hagnaður á hlut |
|---|---|
| Janúar - júní 2008 | 21,5 krónur |
| Janúar - júní 2007 | 34,6 krónur |

| Tímabil | hagnaður/tap eftir skatt |
|---|---|
| Apríl - júní 2008 | 15,4 milljarðar kr. |
| Apríl - júní 2007 | 25,5 milljarðar kr. |

# Bakkavör tapaði 3,7 milljörðum

Bakkavör tapaði 23,4 milljónum punda á öðrum ársfjórðungi eða sem nemur 3,7 milljörðum króna. Það er í samræmi við væntingar en meðalspá greiningardeildanna var tap upp á 25,7 milljónir punda. Stór hluti tapsins skýrist af tapi á skiptasamningi félagsins vegna 10,9 prósenta hlutar í írska matvælaframleiðandanum Greencore eða sem nemur 30,4 milljónum punda. Samningurinn var gerður í apríl en frá þeim tíma hafa bréf félagsins lækkað um fimmtíu prósent.

„Við erum auðvitað ekki sáttir við að hafa tapað á skiptasamningnum. Við höfum engu að síður fulla trú á þessu félagi. Við teljum að þessi samningur muni skila því sem ætlast var til í upphafi,“ segir Ágúst Guðmundsson, forstjóri Bakkavarar. Bakkavör færði 15,8 milljóna punda gengistap af Greencore á fyrsta ársfjórðungi. Gengistap Bakkavarar af Greencore nemur því sjö milljörðum króna á þessu ári. Ágúst segir að markaðsaðstæður hafi verið erfiðar og Greencore hafi farið illa út úr þeim aðstæðum. „Það eru engar forsendur fyrir þeim verðlækkunum sem hafa orðið á bréfum Greencore,“ segir Ágúst.

Hann segir að önnur félög í eigu Bakkavarar hafi staðið undir væntingum eins og sjáist í uppgjöri félagsins. **-as**

### AFKOMA BAKKAVARAR:

| | |
|---|---|
| **2. ársfj. 2008** | **-23,4 millj. punda** |
| 1. ársfj. 2008 | -12,8 millj. punda |
| 2. ársfj. 2007 | +15,8 millj. punda |

# Teymi tapar 610 milljónum króna

„Rekstrarniðurstaðan er að okkar mati vel viðunandi. Við sýnum á öðrum ársfjórðungi 24 prósenta tekjuvöxt sem er staðfesting á að fyrirtækin okkar vaxa og dafna í erfiðu umhverfi dagsins. Fall krónunnar hefur aftur á móti haft þau áhrif að kostnaðarliðir okkar hafa hækkað hraðar en við höfum náð að hagræða,“ segir Árni Pétur Jónsson, forstjóri Teymis.

Félagið tapaði samkvæmt uppgjöri sem birt var í gær 610 milljónum króna á öðrum fjórðungi ársins. Á fyrsta fjórðungi var tapið 4,9 milljarðar króna, en á fyrri helmingi ársins nemur gengistap af langtímaskuldum 5,3 milljörðum.

Fram kemur í uppgjörinu að fimm milljarða skuld hafi verið breytt í erlenda mynt í lok fjórðungsins. Árni Pétur segir nú að því stefnt að auka hlutfall erlendra lána á kostnað þeirra íslensku.

Stjórn Teymis hefur ákveðið að mæla með því við hluthafa að félagið verði afskráð úr Kauphöllinni. Ráðgert er að afskráningarferlið taki sex til átta vikur. Teymi býðst til að kaupa hluti í félaginu með hlutum í Alfesca kjósi hluthafar að selja. Skiptihlutfall er 0,273.

Við lok markaða í gær hafði gengi bréfa Teymis hækkað um 14,47 prósent. „Mjög lítil viðskipti toga félagið upp og niður og veldur því að við erum í raun og veru ekki að fá það út úr Kauphöllinni sem við sækjumst eftir.“ **- ghh**

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Verslunarmannahelgin hefst í Bónus
# Tilboðsblaðið er komið til þín með póstinum!




## Hefur þú vitað það betra ?
## Sjötíu og fjögur tilboð í Bónusblaðinu,

Allt nauðsynlegar ferðavörur t.d. grillkjöt, rauðkál, gosdrykkir, dýnur, smokkar, niðursuðuvörur, brauð, súkkulaðikex, sólgleraugu, hangikjöt og nýjar íslenskar kartöflur.

## 25 Bónus verslanir á Íslandi   Sama verð um land allt

- **Reykjavík** Kringlunni, Kjörgarði, Holtagörðum, Skútuvogi 13 Faxafeni 14, Spönginni Grafarvogi, Hraunbæ 121 Lóuhólum 2-6, Fiskislóð 2
- **Kópavogur** Smiðjuvegi 2, Smáratorgi, Ögurhvarfi 3
- **Hafnafjörður** Tjarnarvöllum 15, Helluhrauni 18
- **Mosfellsbær** Þverholti 2
- **Garðabær** Kauptúni 1
- **Reykjanesbær** Fitjar
- **Hveragerði** Sunnumörk
- **Selfoss** Austurvegur
- **Egilsstaðir** Miðvangur
- **Akureyri** Langholt
- **Ísafjörður** Ljónið, Skeið
- **Stykkishólmur** Borgarbraut
- **Borganes** Digranesgata
- **Akranes** Smiðjuvöllum



| | |
|---|---|
| **Fimmtudagur 31. júlí** | opið 11.00 - 18.30 |
| **Föstudagur 1. ágúst** | opið 10.00 - 19.30 |
| **Laugardagur 2. ágúst** | opið 10.00 - 18.00 |
| **Sunnudagur 3. ágúst** | opið 12.00 - 18.00 |
| **Mánudagur 4. ágúst** | **LOKAÐ** |

Þessar Bónus verslanir eru opnar **sunnud. 3. ágúst:** Spöng Rvk. Helluhraun Hf. - Smári Kópv. - Akureyri- Hveragerði - Selfoss - Borgarnes -Egilsstaðir- Reykjanesbær.

Allar Bónusverslanir **lokaðar** mánudaginn 4. ágúst, á frídegi verslunarmanna.

BÓNUS BÝÐUR BETUR

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Raunveruleikinn annar en fögur fyrirheit:

# Einkavædd lögregluverkefni

JÓN KALDAL SKRIFAR

Hugmynd Björns Bjarnasonar dómsmálaráðherra um að fækka lögregluembættum á landinu er góð. Það var mikið framfararskref fyrir löggæslu á landsbyggðinni þegar embættunum var fækkað úr 26 í 15 í ársbyrjun 2007. Á sama tíma voru stofnaðar sjö sérstakar rannsóknardeildir um allt land, en rannsóknir og sérhæfing innan lögregluliðsins höfðu um árabil liðið fyrir fjölda og smæð embættanna.

Stofnun rannsóknardeildanna sjö sýndi hvert hugur löggæsluyfirvalda stefndi. Enn frekari fækkun embætta er rökrétt framhald af góðri reynslu af starfsemi þeirra.

Einn af mörgum kostum við færri og stærri embætti er að þeim á að fylgja fækkun yfirmanna og fjölgun almennra lögreglumanna. Án þess að á nokkurn hátt sé gert lítið úr störfum þeirra lögreglumanna sem sinna skyldum sínum við skrifborðið, leikur lítill vafi á því að grunnvinna löggæslunnar er unnin á götum og vegum úti.

Fækkun embætta átti að efla þann þátt enda var tekið fram við breytingar á umdæmunum 2007 að engum lögreglustöðvum yrði lokað og markmiðið væri að auka löggæsluna.

Sú hefur hins vegar ekki orðið raunin á höfuðborgarsvæðinu. Gamlar og grónar lögreglustöðvar í Kópavogi og Hafnarfirði eru nú til dæmis lokaðar á kvöldin og um helgar. Eins og gefur að skilja þykir bæjarbúum það ekki skref fram á við. Lögreglumenn sjást þar mun sjaldnar á ferð og þykja hafa fjarlægst íbúa. Þjónustunni hefur sem sagt hrakað, þvert á yfirlýst markmið löggæsluyfirvalda.

Markmið þessi má lesa um í Löggæsluáætlun 2007-2011, sem dómsmálaráðuneytið gaf út í fyrravor. Þar er efling nærþjónustu lögreglunnar ofarlega á blaði eins og sjá má á þessum kaflaheitum: „Efling sýnilegrar löggæslu – aukin öryggistilfinning fólks“, „Hverfislöggæsla, þjónusta og öryggi“ og „Þjónusta og samstarf“.

Í síðastnefnda kaflanum má segja að stefnan sé fönguð í hnotskurn með þessum orðum: „Lögreglan verður að geta brugðist við breytilegum þörfum samfélagsins og einstaklinga. Krafa almennings hin síðari ár hefur verið að lögreglan sé sýnilegri en áður og að svokölluð hverfa- og grenndarlöggæsla verði efld.“

Það er öruggelga ekki til marks um góðan árangur lögreglunnar við að uppfylla þessi markmið þegar hvert sveitarfélagið á fætur öðru á höfuðborgarsvæðinu telur sig nauðbeygt til að bjóða út hverfagæslu til einkafyrirtækja í forvarnaskyni gegn innbrotum og skemmdarverkum.

Dómsmálaráðherra hefur fagnað aðkomu einkafyrirtækjanna. Hann þarf að svara hvort fallið hafi verið frá fjórtán mánaða gömlum markmiðum Löggæsluáætlunar 2007-2011. Ef sú er raunin er ekki hægt að draga af því aðra ályktun en að ákveðið hafi verið að einkavæða verkefni sem áður voru á könnu lögreglunnar.

Það er ekki til of mikils mælst að undanfari slíkrar stefnubreytingar sé opinská umræða. Núverandi aðferð, að sveitarfélögin neyðist til þess að taka að sér störf sem lögreglan getur ekki sinnt vegna fjárskorts, er ekki boðleg.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. **VIÐSKIPTARITSTJÓRAR:** Björn Ingi Hrafnsson og Óli Kr. Ármannsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Hvílík hagsýni!

DV birti í gær frétt sem sýndi að matarboð fyrir Mörthu Stewart og fleiri á Bessastöðum kostaði 154 þúsund krónur. Öllu merkilegra var að matarkaup fyrir Mörthu og föruneyti í forsetabústaðnum í heila fimm daga kostuðu aðeins 54 þúsund krónur.



Enn og aftur hefur Martha sýnt hve hagsýn hún er. Það gæti reynst ýmsum þrautin þyngri að fæða heilt föruneyti, kvikmyndagerðarmann, unnusta og tvo aðstoðarmenn, í henni Reykjavík á innan við 11 þúsund krónur á dag! Geri aðrir betur.

Kannski næsta bók Mörthu heiti: How to survive in Iceland on minimal wages.

### Hroki og hleypidómar

Nú ber svo við um þessar mundir að stjórnmálamaður hefur sakað fréttamann um að sýna sér hroka. Aðrir hafa sagt stjórnmálamanninn sjálfan hafa sýnt af sér hroka.

Kannski má segja að skrattinn hafi hitt ömmu sína þegar fréttamaður og stjórnmálamaður deila um hvor sýni meiri hroka, enda síst skortur á honum hjá þessum stéttum. Kannski við fáum einhvern leikara til að skera úr um málið?



### Óvæntir útúrsnúningar

Guðna Ágústssyni mislíkaði meðferðin sem hann fékk hjá Sverri Stormsker í útvarpsþætti hins síðarnefnda. Raunar svo, að Brúnastaðabóndinn fékk nóg og gekk út.

Guðni hefur sagt eftir á að það sem olli útgöngu hans hafi meðal annars verið útúrsnúningar útvarpsmannsins.

Færa mætti fyrir því ákveðin rök að ætli menn í viðtal við Stormsker megi menn búast við útúrsnúningi. Hann hefur, jú, gefið út heilu bækurnar sem byggja á útúrsnúningi og afbökun.

kolbeinn@frettabladid.is

## SPOTTIÐ




# Af andfætlingum

Erfitt hlýtur að vera vinstri sinnaður menntamaður eftir hrun vinnubúðasósíalismans í Rússlandi og hnignun vöggustofusósíalismans í Svíþjóð (sem dregist hefur stórlega aftur úr Bandaríkjunum). Hinn sigursæli kapítalismi hefur ekki sömu þörf fyrir gáfnaljós af Aragötunni (þar sem prófessorar Háskólans bjuggu í niðurgreiddu húsnæði) og sósíalismi. Kapítalisminn spyr ekki, hvaðan menn eru, heldur hvað þeir geta. Einn af Aragötunni, Stefán Snævarr heimspekingur, hefur eftir langa leit á Netinu fundið land, þar sem kapítalismi á að hafa mistekist. Það er Nýja-Sjáland, og heimild hans er grein í Financial Times 30. ágúst 2000 eftir hagfræðiprófessorinn John Kay. Hér í blaðinu endursegir Stefán hróðugur þessa grein 9. júlí síðastliðinn.



HANNES HÓLMSTEINN GISSURARSON

**Í DAG** | Frjálshyggja

Því miður er greining Kays hæpin og tölur hans úreltar. Einn starfsbróðir hans, prófessor Martin Wolf, skrifar ágæta grein í Financial Times 18. nóvember 2004, þar sem hann hrekur þá skoðun, að frjálshyggjutilraunin í Nýja-Sjálandi hafi mistekist. Hún var viðbragð við alvarlegri kreppu, sem ríkisafskiptasinnar allra flokka höfðu komið landinu í á löngum tíma. Tilraunin var í tveimur áföngum. Fyrst hafði Roger Douglas, fjármálaráðherra í ríkisstjórn Verkamannaflokksins 1984-1988, forystu um lækkun tolla, frjáls gjaldeyrisviðskipti, fljótandi gengi, óhefta fjármagnsflutninga, sölu ríkisfyrirtækja og niðurfellingu styrkja. Síðan hafði Ruth Richardson, fjármálaráðherra í ríkisstjórn hins íhaldssama Þjóðarflokks 1990-1993, forystu um, að einstakir launþegar fengu aftur samningsrétt, en verkalýðshreyfing landsins hafði sem víðar tekið þann rétt af þeim og samið fyrir hönd allra. Sett voru lög um ráðningarsamninga einstaklinga og sjálfstæði seðlabanka.

Nýsjálendingar fóru þessa leið, þegar hin leiðin var fullreynd. Þeim Douglas og Richardson tókst með umbótum sínum að koma í veg fyrir fullkomnar ófarir. Hnignun landsins í samanburði við þróuð, vestræn ríki stöðvaðist. Lífskjör eru oftast mæld í vergri landsframleiðslu á mann, VLF. Wolf bendir á, að VLF í Nýja-Sjálandi var komin niður í 71% af meðaltalinu í þróuðum ríkjum 1992. En árið 2002 var hlutfallið aftur komið upp í 76%. Nýja-Sjáland er að hjarna við. (Kay, sem Stefán Snævarr styðst við, notaði annan og sjaldgæfari mælikvarða til að mæla lífskjör.) Eftir umbæturnar á vinnumarkaði minnkaði atvinnuleysi verulega, en framleiðni (framleiðsla á hverja vinnustund) jókst. Hagvöxtur var 3,6% að meðaltali árin 1992-2002, sem er vel yfir meðallagi OECD-ríkjanna. Hann hefur síðan verið á bilinu 2-3,6%.

Ríkisstjórn Verkamannaflokksins, sem komst til valda 1999, hefur ekki hreyft við neinum mikilvægum umbótum. Nú er raunar talið, að sú stjórn hrökklist brátt frá völdum. Frjálshyggjutilraunin á Nýja-Sjálandi mistókst ekki. En hún heppnaðist ekki eins vel og forsvarsmenn hennar höfðu vonað. Fjárfestingar urðu ekki eins miklar og búist var við. Ein sennileg skýring er, að stjórnvöld hafa ekki búið fyrirtækjum og fjármagnseigendum jafnhagstætt skattaumhverfi og hér og á Írlandi. Önnur skýring er, að ólíkt okkur og Írum hafa andfætlingar okkar ekki greiðan aðgang að stórum mörkuðum. Auk hins beina kostnaðar kann það að hafa óbein áhrif á framkvæmdagleði, stuðla að útkjálkahugsunarhætti.

Þótt einstök ríki eins og Nýja-Sjáland séu forvitnileg til fróðleiks, verða sósíalismi og kapítalismi vitaskuld ekki dæmd af þeim, heldur af samanburði margra landa til langs tíma. Þar er niðurstaðan ótvíræð, eins og alþjóðleg vísitala atvinnufrelsis sýnir.



KJARNAFÆÐI
VILLIBRÁÐARKRYDDAÐ...
BRAGÐIÐ SEM ÍSLENDINGAR ELSKA
GRILL
LEIKURINN
WWW.KJARNAFAEDI.IS
DREGIÐ ÚT Á BYLGJUNNI
BYLGJAN 989
VELDU GÆÐI
VELDU KJARNAFÆÐI

# Dáðalaus ríkisstjórn

**UMRÆÐAN**
Guðni Ágústsson skrifar um ríkisstjórnina


GUÐNI ÁGÚSTSSON

Aðgerðaleysi ríkisstjórnar Íslands er farið að vekja athygli langt út fyrir landsteinana og ekki bætir úr skák að þær aðgerðir sem þó hefur verið ráðist í virðast settar fram með þeim hætti að undrun vekur.

Alþjóðlegi fjárfestingarbankinn Merrill Lynch gaf nýverið út skýrslu þar sem fjallað er um efnahagsástandið á Íslandi. Skýrslan er áfellisdómur yfir aðgerðum, eða réttara sagt aðgerðaleysi ríkisstjórnar Geirs Haarde og Ingibjargar Sólrúnar. Er það mjög í takt við gagnrýni okkar framsóknarmanna sem illa hefur verið tekið af hálfu stjórnarliða.

*Nú væri brýnast að létta byrðar þeirra sem efnahagserfiðleikarnir munu leika verst. Það er óforsvaranlegt að láta meðaltekjufólkið og láglaunafólkið eitt taka á sig kreppuna.*

Ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar er alla jafnan mjög viðkvæm og tortryggin þegar stjórnarandstaðan bendir á það sem betur má fara í efnahagsmálum. Vanstillingin virðist raunar beinast að flestum þeim sem voga sér að benda á aðgerðaleysið eða hafa aðra skoðun. Erfiðara reynist með hverjum deginum fyrir ríkisstjórnina að segja að gagnrýni stjórnarandstöðunnar sé pólitískt karp þegar sömu sjónarmið endurspeglast í skýrslu þessa virta erlenda fjármálafyrirtækis.

Í kjölfarið á útgáfu skýrslunnar hafa sérfræðingar Merrill Lynch átalið íslensku ríkisstjórnina og rökstutt það að aðgerðaleysið bitni á íslensku fjármálalífi, ekki síst í formi síhækkandi skuldatryggingarálags íslensku bankanna. Þetta er grafalvarlegt mál.

### Grípa þarf strax til aðgerða

Það er óhætt að fullyrða að allir eru til í að leggjast á eitt til að unnt sé að ná jafnvægi í efnahagslífinu að nýju og forða fjöldagjaldþrotum og atvinnuleysi. Mestu hagstjórnarmistökin voru að taka ekki erlenda lánið og þrýsta ekki á vaxtalækkanir Seðlabankans, en þannig hafa önnur ríki brugðist við í efnahagslægðinni fyrir almenning og fyrirtæki. En ekki á Íslandi!

Réttast væri að boða til kosninga nú og færa nýjum aðilum ábyrgð og áhrif til aðgerða, en ekki er líklegt að hin sjálfumglaða ríkisstjórn bregðist við með þeim hætti.

Þórarinn V. Þórarinsson, fyrrum framkvæmdastjóri Vinnuveitendasambandsins, og Ari Skúlason, hagfræðingur sem áður var hjá Alþýðusambandinu, hafa nú bæst í hóp þeirra sem gagnrýna aðgerðaleysi ríkisstjórnarinnar í viðtali í Markaðnum. Þeir segja að forysta um nauðsynlegar aðgerðir í efnahagsmálum í átt að nýrri þjóðarsátt verði að koma frá stjórnmálamönnunum, eða ríkisstjórninni eins og við framsóknarmenn höfum talað um. Nú um stundir sitji einn sterkasti stjórnarmeirihluti í manna minnum og ætti því að vera hægt að sammælast um stefnuna. En svo virðist ekki vera því þó meirihlutinn sé mannmargur þá er hann úrræðalaus og það greina landsmenn vel og trúin á ríkisstjórnina er á fallandi fæti.

### Verjum lífskjör almennings

Sjálfstæðisflokkurinn er þekktur fyrir að létta byrðar þeirra sem efnaðri eru. Hinir auðugu starfa í skjóli Sjálfstæðisflokksins og hafa alltaf gert. Nú væri brýnast að létta byrðar þeirra sem efnahagserfiðleikarnir munu leika verst. Það er óforsvaranlegt að láta meðaltekjufólkið og láglaunafólkið eitt taka á sig kreppuna.

Fólkið spyr hvar Samfylkingin sé stödd í dag. Er hún horfin? Hún leggur ekkert til við erfiðar aðstæður og erfiðar horfur í efnahagsmálum. Er Samfylkingin einungis til í spariklæðnaði? Hún gerir ekkert og gengur sama veg og Geir Haarde og Sjálfstæðisflokkurinn, og lætur það einfaldlega ráðast hvernig fólki muni reiða af.

Ísland þarf á öðruvísi ríkisstjórn að halda við núverandi aðstæður, ríkisstjórn sem hefur áhuga á að verja lífskjör almennings í landinu, reisa nýja þjóðarsátt og búa okkur sanngjarnt, farsælt og hagsælt þjóðfélag sköpunar og framkvæmdagleði á ný.

*Höfundur er formaður Framsóknarflokksins.*




# Í sátt við náttúruna?

**UMRÆÐAN**
Lára Hanna Einarsdóttir skrifar um umhverfismál


LÁRA HANNA EINARSDÓTTIR

Frasi virkjana- og álverssinna um að virkjað sé „í sátt við náttúruna“ er kaldhæðnislegur. Þeim finnst í lagi að stúta náttúrunni og virkja allan jarðhita og öll fallvötn – því það er „í sátt við náttúruna“. Náttúran er semsagt sátt við að láta leggja sig í rúst. Jæja, já.

Ég vissi lítið um virkjanamál í neðri hluta Þjórsár. Hef haft nóg með að kynna mér og skrifa um virkjanir á Hellisheiði og Hengilssvæðinu og fyrirhugaða olíuhreinsistöð á Vestfjörðum. En mér var boðið í kynnisferð austur og ég hef verið í hálfgerðu sjokki síðan. Ekki vitað hvernig ég ætti að nálgast málið, svo skelfilegt er það.

Svo las ég viðtal í Morgunblaðinu við Björn Sigurbjörnsson garðyrkjubónda. Í viðtalinu segir Björn m.a. frá því þegar faðir hans, sem stundaði garðyrkju í Fossvogi, var hrakinn frá lífsstarfi sínu af yfirvöldum í Reykjavík, 65 ára að aldri. Það var árið 1966 og nú átti að byggja. Jarðýtur óðu yfir æskuheimili Björns.

Svipað er að gerast við Þjórsá. Þar er valtað yfir bændur og aðra landeigendur, þeir þvingaðir til að samþykkja að landi þeirra verði drekkt og smánarlegar bætur greiddar af Landsvirkjun, sem hefur lögfræðingaher til að neyða fólk til samninga. Einhverjir bændanna þurfa að hætta búskap á meðan framkvæmdir standa yfir en mega koma aftur seinna. Sem sagt – hypjaðu þig af heimilinu og frá lífsviðurværinu, svo kemurðu þegar við erum búnir að athafna okkur. Hvað á að gera við fé og kýr? Getur bóndi, jafnvel á efri árum, bara farið og tekið upp þráðinn seinna? Hve mikið af landi hans verður þá komið undir vatn? Hljómar undarlega.

Hér er ekki verið að tala um virkjanir og uppistöðulón í óbyggðum eins og Kárahnjúka, heldur í fallegri og blómlegri byggð. Þjórsá er lengsta fljót Íslands, um 230 km. Það er lengri vegalengd en frá Reykjavík til Víkur í Mýrdal (186 km) og styttri en frá Reykjavík til Blönduóss (244 km). Nokkrar virkjanir eru í efri hluta Þjórsár, næst hálendinu, en nú á að virkja í byggð. Áhrifin ná suður fyrir þjóðveg nr. 1 þar sem Urriðafoss drynur skammt sunnan við nýju Þjórsárbrúna. Hann hverfur.

Okkur var boðið í mat á lífræna búinu í Skaftholti. Hjónin Guðfinnur og Atie voru höfðingjar heim að sækja. Eftir matinn komu heimamenn til skrafs og Björgvin G. Sigurðsson, viðskiptaráðherra, (skóflustunguráðherrann, munið þið?) kom og ræddi stuttlega við fólk. Björgvin kvaðst mótfallinn virkjunum í neðri hluta Þjórsár – en tók þó skóflustungu að álverinu í Helguvík sem mögulega gleypir orkuna sem framleidd verður í þeim virkjunum. Skrýtið.

Margt kom fram á fundi með heimamönnum og þeir voru mjög ósáttir við framgang Landsvirkjunar. Hver vill sjá heimahögunum og lifibrauðinu drekkt með uppistöðulóni? Landsvirkjun hefur auk þess komið þannig fram við fólk að það treystir hvorki fyrirtækinu né lögfræðingaher þess. Nú þegar hafa þeir gengið á bak orða sinna – af því eitthvað hentar þeim betur en það sem áður var lofað.

Dæmi er fyrirhugað Hagalón. Upphaflega átti það að vera 114 metra yfir sjávarmáli en Landsvirkjun breytti því í 116 því það hentaði þeim betur. Það munar um tvo metra. Gerir fólk sér grein fyrir hvað 116 metrar eru gríðarleg hæð? Snúum því yfir á borgarmál. Flestir íbúar höfuðborgarsvæðis kannast við glerturninn við Smáratorg. Hann er 78 metrar. Hallgrímskirkjuturn er 72 metrar. Ef gert er ráð fyrir 3 metrum á hæð jafnast 116 metrar á við 38 hæða íbúðarhús. Það er ekkert smáræði.

Á svæðinu sem drekkt verður fyrir Hagalón eru fagrar, grónar eyjar í ánni þar sem búfé hefur aldrei verið beitt svo gróður hefur fengið að vaxa óáreittur. Aðeins smábrot af stærstu eyjunni mun standa upp úr lóninu eins og lítið sker því lónsdýptin verður 10-12 metrar (4 hæða hús).

Ég þekki aðeins brot af þessu flókna máli, en nóg til að leggja mitt af mörkum. Ég er bara eitt atkvæði, eitt bréf, ein athugasemd – en við höfum séð hverju samtakamátturinn áorkar. Íbúar við Þjórsá þurfa hjálp og stuðning. Í auglýsingu um breytingu á aðalskipulagi Flóahrepps segir: „Þeir sem ekki gera athugasemdir innan tilskilins frests teljast samþykkir tillögunni“. Ég vil ekki teljast samþykk og skora á alla sem vilja það ekki heldur að senda athugasemd. Það tekur brot af lífi ykkar, kostar ferð á póstafgreiðslu og eitt frímerki. Sendið póst á lara@centrum.is ef þið þurfið aðstoð.

Tillagan sem mótmælt er heimilar virkjun og það rask sem henni fylgir. Á vef Flóahrepps (www.floahreppur.is) getur fólk kynnt sér hana nánar. Á Þjórsárvefnum (www.thjorsa.com) má lesa um málið og framgöngu þess og þar er uppkast af athugasemd. Skriflegar athugasemdir skulu póstlagðar til Flóahrepps, Þingborg, 801 Selfoss – eigi síðar en 1. ágúst 2008 – Í DAG!

Ég byrjaði á að tala um frasann „að virkja í sátt við náttúruna“. Ég hef aldrei heyrt talað um „að virkja í sátt við fólkið í landinu“. Er ekki tímabært að taka tillit til fólksins í landinu og ná sáttum við það? Er ekki tímabært að spyrja til hvers á að virkja og fyrir hvern áður en einstök náttúra Íslands er lögð í rúst?

*Höfundur er þýðandi og leiðsögumaður.*

## BRÉF TIL BLAÐSINS

### Óperuhús á Kársnesi

**Helgi Helgason, formaður Frjálslynda flokksins í Kópavogi, skrifa:**

Óperuhús á Kársnesi? Nei, það gengur aldrei, sagði bæjarstjóri Kópavogs á auka bæjarstjórnarfundi þ. 15. júlí. Á fundinum var meirihlutinn að liðka sig í valdníðslunni sem hann stundar gegn íbúum vesturbæjar Kópavogs. Þar var enn einu sinni keyrt í gegn skipulag í andstöðu við íbúana. Hugmyndir íbúa um skipulag svæðisins hafa m.a. verið þær að frekar vildu þeir sjá óperuhús á svæðinu en frekari þéttingu byggðar með blokkarbyggingum og tilheyrandi aukinni umferð. Og hver skyldu nú rök bæjarstjórans hafa verið fyrir því að ekki væri hægt að staðsetja óperuhús á Kársnesinu? Jú, það var vegna þess að umferðarþunginn yrði svo mikill. Bæjarstjórinn spurði, hneykslaður, hvort fólk gerði sér ekki grein fyrir hversu mikil umferð fylgdi svoleiðis húsi? Þetta var ákaflega merkileg yfirlýsing. Þá hlýtur maður að spyrja sig að því hvort það fylgi því eitthvað minni umferð að reisa húsið þar sem áætlað er, í Hamraborginni. Auðvitað ekki! Hvers eiga íbúarnir þar að gjalda? Umferðin um Hamraborgina er þegar töluverð. Ekki verður séð að neitt svigrúm sé til þess að breikka götur í kring. Hvað er þá til ráða? Jú, lausnin hjá Sjálfstæðisflokknum er að byggja bílastæðahús, eins og það minnki umferð. Ég læðist ekkert með veggjum með þá skoðun mína að ég er andvígur hugmyndum um óperuhús á græna svæðinu milli Salarins og Gerðarsafns. Ég hef líka þá skoðun að nóg sé komið af þéttingu gamalgróinna svæða í Kópavogi s.s. á Kársnesinu.












# Ódýrt og gott
## *í hádeginu*

Í kaffiteríunni Perlunnar er hægt að fá alls kyns góðgæti á frábæru verði: Fylltar pönnukökur (crépes), samlokur, pizzur, súpubar, nýbökuð brauð og gómsætan salatbar. Eins er hægt að fá heimatilbúinn ítalskan ís, alls kyns ísrétti, kökur og tertur. Nýlega bættust svo belgískar vöfflur á matseðilinn (láttu það eftir þér – þær eru algerlega þess virði).

Við Perluna eru **næg ókeypis bílastæði**.

*Gjafabréf Perlunnar*
*Góð tækifærisgjöf!*



**4ra rétta tilboð**
*á veitingastað Perlunnar*

**Léttreyktur lax**
með granateplum og wasabi-sósu
**Rjómalöguð humarsúpa**
með grilluðum humarhölum
**Lambahryggur**
með lambaskanka og rósmarínsósu
**Banana- og súkkulaðifrauð**
með vanillusósu

**Verð: 6.490 kr.**

PERLAN

Veitingahúsið Perlan - *Sími* 562 0200 - *Fax* 562 0207
*Netfang* perlan@perlan.is - *Heimasíða* www.perlan.is

Hringbrot




Marinó Jóhannsson segir tilvalið á að kæla sig niður á sólríkum dögum með ísköldum hollustudrykkjum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Svalandi drykkir í sólinni

***Marinó Jóhannsson pípulagningameistari veit vel hvað hann syngur þegar kemur að því að útbúa svalandi sumardrykki.***

„Fátt er betra en að sitja úti í garði á góðviðrisdögum með þeim sem maður þykir hvað mest vænt um og hollir og svalandi drykkir bæta bara stemninguna,“ segir Marinó Jóhannsson pípulagningameistari, sem kann uppskriftir að alls kyns drykkjum sem eru tilvaldir á sólríkum sumardögum. „Hægt er að skreyta þá að vild. Það liggur nánast við að maður sé staddur á framandi sólarströnd með svona fína drykki í hönd.“

Marinó segist vera orðinn ansi lunkinn við að búa til ýmsa svaladrykki og segir þrjá í sérstöku uppáhaldi. „Appelsínu- og engiferdrykkur, mangó- og vínberjakokteill og grænn eplakokteill,“ nefnir hann og bætir við að auðvelt sé að útbúa drykkina. Fyrirhöfnin sé nánast engin þar sem aðeins þurfi safapressu og klaka að hráefninu frátöldu. Eftirleikurinn sé einfaldur.

„Í appelsínu- og engiferdrykkinn þarf maður fjórar stórar appelsínur og lítinn engiferbút. Appelsínurnar þarf að flysja og pressa safann úr þeim öllum, afhýða engiferið, saxa niður í smátt og henda í safapressuna ásamt appelsínunum. Í mangó- og vínberjakokteilinn þarf einn mangó og 150 grömm af rauðum vínberjum. Mangóinn er flysjaður, steinninn fjarlægður og hann pressaður ásamt vínberjunum. Í eplakokteilinn þarf góðan bita af vætukarsa og þrjú niðurskorin græn epli sem á að pressa saman. Svo er um að gera að skreyta alla drykkina vel svo þetta líti sem sumarlegast út.“

*mikael@frettabladid.is*





SUMAR TILBOÐ
Djúpsteiktar rækjur með súrsætri sósu
Svínakjöt og grænmeti með mildri karrýsósu
Matarmiklar vorrúllur með grænmeti
Kjúklingur og grænmeti í Satay sósu

krónur 2790 fyrir tvo
krónur 1395 á mann

ATH! SUMARTILBOÐ ER EINGÖNGU AFGREITT FYRIR 2 EÐA FLEIRI • EF ÞÚ HRINGIR OG SÆKIR FYLGIR 2L. KÓK MEÐ TILBOÐINU

**Við drögum á föstudögum í allt sumar í morgunþætti Ívars Guðmundssonar á Bylgjunni.**
Borgarferð fyrir 2 til Evrópu með Icelandair, 6 mánaða kort í World Class Laugum, sumaráskrift að Séð og Heyrt, bensín úttekt frá Olís og sumarglaðning frá Vífilfelli.
**Og í lok sumars drögum við út Volkswagen Fox til afnota í heilt ár.**

NINGS
SUÐURLANDSBRAUT 6, HLÍÐASMÁRA 12 OG STÓRHÖFÐA 17
PÖNTUNARSÍMI: 588 9899
NINGS AKUREYRI PÖNTUNARSÍMI: 440 6600

**Matseld.is** er sniðug heimasíða fyrir þá sem vilja fræðast frekar um matargerð. Á síðunni er margt skemmtilegt að finna, svo sem uppskriftir, ýmsan fróðleik og fleira.



# Sniðugt og gott í gogginn

***Blaðamaður Fréttablaðsins fékk þrjá einstaklinga til að gefa lesendum hugmyndir að sniðugum útilegumat fyrir verslunarmannahelgina.***

Söng- og leikkonan Bryndís Ásmundsdóttir fer sjaldan í útilegu en þeim mun oftar í sumarbústað og þar upplifir hún smá útilegustemningu við grillið. Bryndís mælir með grilluðum skötusel á spjóti í bland við brakandi grænmeti. „Með þessu er tilvalið og fljótlegt að hafa léttsósu með engifer og jalapeño frá Salathúsinu.“

Bryndís segir langt síðan hún fór á útihátíð um verslunarmannahelgi. „Hin síðustu ár hef ég verið að vinna og upplifi því hátíðirnar meira „on stage“,“ segir hún og hlær en hún mun koma fram ásamt Siggu Beinteins á Einni með öllu á Akureyri.

Reynar Davíð Ottósson, nemi og starfsmaður í versluninni Brim, hefur ferðast mikið um landið og ósjaldan grillað úti í náttúrunni. Hann fór hringinn ásamt vinafólki um síðustu helgi og holugrillaði þá lambalæri, sem hann mælir eindregið með.

„Þá grefur maður um hálfs metra holu, sturtar kolum í hana og bleytir vel með grillolíu. Einfaldast er að kaupa þurrkryddað lambalæri, vefja álpappír utan um það og leggja ofan á kolin þegar þau eru orðin grá,“ útskýrir Reynar. Hann setur síðan plötu yfir holuna en skilur þó eftir smá rifu. Lærið er síðan eldað í klukkutíma á hvorri hlið. „Svona verður kjötið mjög „djúsí“ og rennur hreinlega af beinunum,“ fullyrðir hann. Reynar segir holugrillaða lærið þarfnast lítils útbúnaðar. „Um helgina gróf ég til dæmis holuna með frisbídiski og töng og mokaði síðan upp úr henni með höndunum.“

Helgi Svavar Helgason, trommuleikari í Flís og Hjálmum, er mikill matarspekúlant og myndi hiklaust þyngja ferðatöskurnar örlítið til að gera útilegumatinn óaðfinnanlegan.

„Ég mæli með því að fólk taki með sér salt- og piparkvörn og að minnsta kosti eitt skemmtilegt krydd en þetta vill oft gleymast.“ Helgi segir síðan Liquid Smokesósu ómissandi. „Hún er meðal þess sem ég hef sankað að mér á ferðalögum mínum um Bandaríkin. Ég kalla hana eiginlega reyksósu og henni er gott að pensla á kjöt, kjúkling og jafnvel pulsur.

Að endingu segir Helgi sniðugt að kippa með sterkri sósu eins og tabasco með habanero. „Hana hef ég til hliðar á disknum og set jafnvel nokkra dropa út í kartöflusalat sem hefur mikið að segja,“ segir Helgi sem mun spila á Innipúkanum á föstudag og á Græna hattinum á Akureyri á laugardag og sunnudag. *vera@frettabladid.is*



Helgi Svavar Helgason notar eingöngu kolagrill og hefur reyksósu og ferskt krydd ávallt með í útileguna.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Bryndís Ásmundsdóttir mælir með grilluðum skötusel.

FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL



Reynar Davíð Ottósson segir holugrillað lambalæri tilvalinn útilegumat sem þarfnist lítils útbúnaðar. Um helgina gróf hann holu með frisbídiski og töng og mokaði upp úr henni með höndunum.

BYLGJAN BER AF




BYLGJAN ÞAKKAR HLUSTENDUM SAMFYLGDINA Á HVERJUM DEGI

Hlustendur Bylgjunnar eru í eftirsóttasta markhópnum og stærsta neysluhópnum. Bylgjan ber af og tryggir að skilaboð auglýsenda komist áleiðis til mikilvægasta markhópsins.

Samkvæmt könnun Capacent í aldurshópnum 18-54 ára á tímabilinu 1. janúar til 29. júní 2008. Hlutdeild - hlustun í mínútum á dag.

LÉTT BYLGJAN 967
GULL BYLGJAN 909
BYLGJAN 989
- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!

Ekta fiskur
Sérfræðingar í saltfiski

Ekta réttir
NÝJUNG NÝJUNG NÝJUNG NÝJUNG

Fyrir verslanir, veitingahús, mötuneyti og stóreldhús, til suðu eða steikingar

- Saltfiskbitar, blandaðar stærðir
- Saltfiskhnakkar, tvær stærðir (lomos)
- Saltfiskkurl
- Gellur
- Gollaraþunnildi
- Ýsuflök og -hnakkar
- Steinbítskinnar og -bitar
- Þorskhnakkar
- Rækjur

PÖNTUNARSÍMI:
466 1016
www.ektafiskur.is

Einnig frábært úrval tilbúinna rétta frá **Ekta réttum**, kíkið á vörulistana á netinu!

FRUMKVÖÐLAFYRIRTÆKI ÁRSINS 2007 - VIÐURKENNING FRÁ MATUR ÚR HÉRAÐI - LOCALFOOD

allt

# helgin

**Verslunarmannahelgin** er gengin í garð og fer hver að verða síðastur að ákveða hvert skal halda. Á vefsíðunni verslunarmannahelgin.is er hægt að nálgast upplýsingar um alla þá atburði og hátíðir sem verða um helgina.



# Ævintýri í bænum

***Ýmislegt má finna sér til dundurs í Reykjavík og nánasta umhverfi um verslunarmannahelgina.***

Enginn heimsendir er fólginn í því að halda sig á höfuðborgarsvæðinu um helgina í stað þess að skella sér í útilegu eða á hátíð. Að frátöldum ýmsum skipulögðum uppákomum hefur Reykjavíkurborg og nánasta umhverfi ýmislegt fram að færa sem hægt er að njóta í góðu næði nú þegar stór hluti íbúanna streymir út á land. Með nokkrum einföldum aðferðum er hægt að skapa verulega skemmtilega verslunarmannahelgarstemningu sem jafnast á við hvaða útihátíð sem er. *martaf@frettabladid.is*





Lautarferð í garðinum heima er alltaf góðra gjalda verð. Hægt er að leggja ljúffengt nesti á litríkan dúk á grasflötinni og njóta í veðursælunni. Ef veðrið bregst er svo alltaf hægt að færa veisluna inn í hús, þar sem hægt er að njóta hennar áfram í stað þess að hýrast inni í tjaldi á meðan styttir upp.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Verslunarmannahelgin er tilvalin til að skella sér í sund. Á venjulegum sumardegi er aragrúi af fólki í sundlaugum bæjarins, en þar sem flestir fara út á land um helgina gæti verið sniðugt að nýta tímann vel og njóta þess að svamla um án þess að rekast í næsta mann.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Tilvalið er fara í hjólreiðatúr um Reykjavík, sem er heilsusamleg og góð leið til að kynnast betur hverfum borgarinnar. Deila þekkingunni svo með vinum og vandamönnum sem vörðu helginni margir á útihátíðum. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

Stutt er í eina helstu útivistarperlu landsins, Heiðmörk. Þar er hægt að bregða sér í göngutúr á milli iðandi, grænna trjáa og upplifa nokkurs konar útilegustemningu með því að taka sér pásu, borða nesti og njóta einstakrar náttúrufegurðar. Það er líka kostur að heimferðin verður stutt.
FRÉTTABLAÐIÐ/PÖK







Finnbogi Kjartans
spilar alla helgina

Eldhúsið er opið 11-15 & 18-22. Nýr og spennandi matseðill

Rain

Ævintýri á sjó
alla helgina

Hvalaskoðun 2,5 - 3,5 klst
Frábær skemmtun fyrir alla fjölskylduna



Lunda tímabil (Maí – Ágú)

| Apríl | Maí | Júní | Júlí | Águ | Sept | Okt |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 9:00 | 9:00 | 9:00 | 9:00 | 9:00 | 9:00 | |
| 13:00 | 13:00 | 13:00 | 13:00 | 13:00 | 13:00 | 13:00 |
| | | 17:00 | 17:00 | 17:00 | | |

Sjóstangaveiði 3 - 3,5 klst
Alla daga kl 11:00.
Allur búnaður til veiðanna innifalinn.



Viðey - Saga, náttúra og list
Siglingar á klst fresti.
Viðeyjarstofa opin frá 11:30 til 17:00.
Skemmtileg dagskrá í allt sumar.





Öðruvísi og skemmtileg upplifun!

Elding
adventure at sea

Hvalaskoðun Reykjavík
www.elding.is
sími: 555 3565

29. okt. - 3. nóv.
UPPLIFÐU FERÐALAGIÐ MEÐ OKKUR!
*EXPERIENCE YOUR TRAVELS WITH US!*

St. John's - Kanada



**Haustferð til St. John's 29. okt. - 3. nóv.**

Missið ekki af þessari vinsælu haustferð, í 3 - 3,5 klst. beinu leiguflugi með Icelandair. Brottför frá Keflavík er kl.17.00 og lent er á sama tíma í St. John's.

St. John's er höfuðborg Nýfundnalands austast í Kanada og er áhugaverð og ljúf borg heim að sækja eins og ótalmargir þekkja úr ferðum okkar þangað undanfarin 10 ár.

Þar er einstaklega hagstætt að versla, gestrisni heimamanna er frábær, góðir veitingastaðir til staðar, írsk pöbbastemmning og fjölbreyttar skoðunarferðir. Gist verður á glæsilegum hótelum.

Meðal viðburða þessa daga eru St. John's Halloween og Sjávarútvegssýningin.

**Verð pr. mann miðað við tvo í herbergi (með sköttum):**
Holiday Inn, kr. 77.900,- og Fairmont Newfoundland, kr. 89.900,-

**Innifalið:** Flug, skattar,gisting, íslensk fararstjórn ofl.

**Bókanir og frekari upplýsingar hjá ferðaskrifstofu TREX, Hesthálsi 10 í síma 587 6000 - netfang: info@trex.is**

*Hópferðamiðstöðin*
TREX
*Travel Experiences*

Hestháls 10, Reykjavík SÍMI/*TEL* 587 6000 FAX 567 4969 E-MAIL info@trex.is URL trex.is

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki



# FÖSTUDAGUR

1. ÁGÚST 2008

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS



## VEGGFÓÐUR EFTIR PÖNTUN
Nýstárleg íslensk hönnun vekur eftirtekt

## HAUSTFÖRÐUNIN
Dökkt og dramatískt allsráðandi í haust

# Konan á bak við tjöldin

Silja Hauksdóttir leikstjóri hefur komið víða við á ferlinum en finnst hún enn eiga allt eftir

## HVAÐ ÆTLAR ÞÚ AÐ GERA UM HELGINA?

*Atli Rafn Sigurðarson leikari*



„Ég ætla að gera ekki neitt. Ég er í Portúgal að heimsækja mömmu mína. Ég ætla bara að vera á sundlaugarbakkanum með henni.“

# Leiklistin heillaði ekki

Ugla Egilsdóttir, sem margir þekkja eflaust sem Öggu í Mávahlátri og af leik hennar í Veðramótum, hefur nám við leiklistardeild Listaháskóla Íslands í haust. Það er þó ekki sem leikaranemi, heldur hefur Ugla fengið inngöngu í fræði og framkvæmd, þriggja ára nám til BA-prófs. Ugla var ekki nema fimmtán ára þegar hún skaust fram á sjónarsviðið í Mávahlátri og hlaut mikið lof fyrir frammistöðu sína. Hún kveðst þó ekki hafa haft áhuga á að reyna fyrir sér í leikaranáminu, heldur heillast af fræðum og framkvæmd, sem er tiltölulega nýtt nám við skólann.

„Mér finnst það rosalega spennandi deild. Ég hafði heyrt af afspurn að hún væri mjög feminísk og tilraunakennd, sem höfðar mikið til mín,“ segir Ugla. „Þetta nám er mjög opið og bæði fræðilegt og verklegt. Það er í rauninni breitt og fínt grunnám, og svo er þá tilvalið að fara í mastersnám í leikstjórn eða dramatúrgíu. Nákvæmlega núna langar mig til þess að fara í leikstjórn, en það kemur bara í ljós,“ segir Ugla.

Skólinn hefst í ágúst, en í sumar hefur Ugla unnið bæði í Vinnuskóla Reykjavíkur og á sambýli og því fengið að njóta veðurblíðunnar sem mest. „Já, ég er orðin mjög brún eftir sumarið,“ segir hún og hlær við.



Ugla Egilsdóttir hyggur á nám í fræðum og framkvæmd við Listaháskóla Íslands í haust.

## fréttir



### FJÓRÐA BARNIÐ HJÁ SVALA

Útvarpsmaðurinn Sigvaldi Kaldalóns, betur þekktur sem Svali á FM 95,7, eignaðist lítinn dreng í gærmorgun. Drengurinn mun vera fjórða barn hans og Jóhönnu Katrínar Guðnadóttur, unnustu hans, en Jóhanna á tvö börn úr fyrra sambandi. Saman eignuðust þau soninn Sigvalda í janúar 2007 svo lítill aldursmunur er á drengjunum tveimur. Jóhanna starfar sem hárgreiðslukona, en Svali stjórnar útvarpsþættinum Zúúber, ásamt Gassa og Siggu, sem er á dagskrá FM 95,7 á morgnana alla virka daga.

### HÖNNUÐIR TAKA FLUGIÐ

Tískuvikan í Kaupmannahöfn hefst í næstu viku, en samhliða aðalsýningunum fer fram stór og vegleg sölusýning að nafni CPH Vision. Margir helstu hönnuðir hér á landi hafa lagt leið sína þangað á síðustu árum. Í ár eru það meðal annars Gunnar Hilmarsson og Kolbrún Petra Gunnarsdóttir, betur þekkt sem Gunni og Kolla, sem halda utan með merkið sitt, Andersen&Lauth. Guðrún Kristín Sveinbjörnsdóttir fer utan með GuSt og Jóel Pálsson og Bergþóra Guðnadóttir sýna vörur frá Farmer's Market.



*Grafískur hönnuður og innanhússarkitekt starfa saman*

# Hanna veggfóður og prenta á áklæði

Ég er búinn að vinna sem grafískur hönnuður í tíu ár, en hef líka verið að hanna veggfóður með alls kyns mynstrum með félaga mínum,“ segir Siggeir M. Hafsteinsson, sjálfstæður grafískur hönnuður, sem hefur ásamt Agnari Agnarssyni innanhúsarkitekt hannað mismunandi gerðir af veggfóðri.

„Við höfum verið að vinna saman í rúmt ár og störfum mjög vel saman. Við sáum til dæmis um hönnunina á Home sem Agnar rekur og eru lúxus hótelíbúðir í Skólastræti 1,“ segir Siggeir, en þar hanga listaverk hans sem eru öll til sölu. „Við gerum veggfóður eftir pöntun því það er erfitt að vera með þau á lager, en þá gerum við annaðhvort eitthvað alveg nýtt eða notum hugmyndir útfrá því sem við höfum gert áður. Ég geri samt ekki eitthvað sem fólk pantar ef ég fíla það ekki sjálfur,“ bætir hann við.

„Við höfum líka verið að prenta á áklæði sem eru notuð til að bólstra húsgögn. Það hefur ekki verið gert áður svo ég viti til og er að koma mjög vel út, það er virkilega gaman að prófa sig áfram með þetta og við Agnar höfum verið að gera gera upp tvo gamla stóla með flottu munstri til að prufukeyra áður en við förum í frekari framleiðslu,“ útskýrir Siggeir.



Veggfóðrið er eftir Siggeir og Agnar, en það prýðir eitt af glæsilegum herberjum Home í Skólastræti 1.



Spurður hvort vörur þeirra félaga komi til með að fást í verslunum borgarinnar á næstunni segir Siggeir prufur af veggfóðri þeirra vera fáanlegar í versluninni Liborius á Laugarveginum. „Við erum líka að byrja að hanna diska- og glasamottur sem munu fást í versluninni innan nokkurra vikna,“ segir Siggeir að lokum, en hönnun hans er hægt að sjá á vefsíðunni digital.sys.is/art.



Eitt af mörgum listaverkum Siggeirs sem hann prentar á striga. Hann mun halda sýningu á verkum sínum í The Lost Horse Gallery í Skólastræti í október.

### MARGBROTNAÐI OG FÓR ÚR LIÐI Á BÁÐUM HANDLEGGJUM

# Jóna Ingibjörg jafnar sig eftir slys

„Þetta var mjög sársaukafullt, ég neita því ekki,“ segir kynfræðingurinn Jóna Ingibjörg Jónsdóttir sem er í óðaönn að skipuleggja norræna sexólógíuráðstefnu sem fram fer í Reykjavík í byrjun september, en Jóna handleggsbrotnaði á báðum handleggjum þegar hún var að spranga í Eyjum um miðjan júní síðastliðinn. Hún fór úr olnbogalið á báðum höndum við sveiflu á kaðlinum og missti þar með takið, en við fallið margbrotnaði hún á báðum höndum við olnbogana.

„Það voru talsverðir innvortis áverkar þar sem ég fór úr liði á báðum handleggjum. Ég var í gifsi í tvær vikur á vinstri og fjórar vikur á hægri því hægri höndin var talsvert verri, en nú er ég laus við gifsið og er byrjuð að skrifa,“ útskýrir Jóna.

Spurð hvort slysið hafi ekki sett allt úr skorðum varðandi vinnu segir Jóna það hafa farið á besta veg. „Ég tók því rólega í einhverjar vikur, en ég er alla jafna mjög skipulögð og vinn hlutina fram í tímann svo allt skipulag fyrir ráðstefnuna var komið í góðan farveg áður en slysið átti sér stað. Svo hjálpar auðvitað til að hafa góða samstarfsfélaga í Kynfræðifélagi Íslands. Nú er maður bara að bíða eftir skráningum og fínpússa dagskrána,“ segir Jóna að lokum og vonast eftir að sjá sem flesta Íslendinga á ráðstefnunni sem mun fara fram dagana 4.-7. september næstkomandi, en þar verður aðalumfjöllunarefnið nám og rannsóknir í kynfræði. Áhugasömum er bent á heimasíðu Jónu, kynstur.is.



Jóna Ingibjörg var í gifsi á báðum höndum í nokkrar vikur eftir slysið.


FÖSTUDAGUR

**Útgáfufélag** 365 prentmiðlar
**Ritstjórn** Sunna Dís Másdóttir
*sunna@frettabladid.is*
Alma Guðmundsdóttir
*alma@frettabladid.is*
Marta María Jónasdóttir
*martamaria@frettabladid.is*
**Forsíðumynd** Anton Brink
**Útlitshönnun**
Arnór Bogason og
Kristín Agnarsdóttir
**Auglýsingar** Sigríður Dagný
Sigurbjörnsdóttir
*sigridurdagny@365.is sími 512 5462*
**Föstudagur** Skaftahlíð 24
105 Reykjavík, sími 512 5000


FINNST ÞÉR ÞETTA Í LAGI?
Um 50 þúsund Íslendingum finnst í lagi að keyra eftir að hafa fengið sér einn. Finnst þér það í lagi?
Á undanförnum fimm árum hafa 68 einstaklingar slasast alvarlega í umferðarslysum sem rekja má til ölvunaraksturs.
BARA EINN ER EINUM OF MIKIÐ
VÍNBÚÐIN
UMFERÐARSTOFA

# Engin kreppa hjá Eskimo

Þó að tal um kreppuna ógurlegu tröllríði öllu þessa dagana stendur sumur iðnaður í fullum blóma. „Það er bara brjálað að gera hjá okkur, og öllum þeim sem sinna útlendingum. Krónan er svo lág að það kostar fólk svo miklu minna að gera eitthvað hérna,“ segir Andrea Brabin hjá Eskimo, sem hefur haft nóg að gera að undanförnu.

„Við vorum að klára tyggjóauglýsinguna fyrir Kinski-bræður. Í þeirri auglýsingu voru fjörutíu aðalleikarar og sextíu statistar, og tökumaðurinn var sá sem tók myndina Seven, svo það er alveg öruggt að hún á eftir að líta vel út,“ segir Andrea. „Núna erum við svo að vinna verkefni fyrir Littlewoods, breskt vöruhús á borð við Marks&Spencer. Í það þurfum við tuttugu og fimm fyrirsætur. Við erum búin að ráða okkar flottustu stelpur, en erum alltaf með augun opin fyrir nýju fólki. Tökurnar hefjast ekki fyrr en í september, svo það er nógur tími til stefnu,“ segir hún.

Annað stórt verkefni er í uppsiglingu, en Eskimo leitar nú að 150 statistum fyrir þýska sjónvarpsmynd. „Það eru alls konar hlutverk í henni og sumir með línur. Elva Ósk Ólafsdóttir hefur líka tekið að sér stórt hlutverk í myndinni,“ segir Andrea, en myndin ku vera nokkurs konar spennusaga með ástarívafi.


Andrea Brabin og Eskimo hafa nóg að gera. Þau leita að 150 statistum í þýska sjónvarpsmynd sem Elva Ósk Ólafsdóttir fer með stórt hlutverk í.

Eskimo er stöðugt með augun opin fyrir nýju fólki og því um að gera fyrir áhugasama að hafa samband á eskimo@eskimo.is.




*Thelma design býður til spangarveislu í Trílogíu*

# Fleiri fylgihlutir væntanlegir

„Ég ætla að bjóða til spangaveislu í tilefni sumarsins í kvöld,“ segir hönnuðurinn Thelma Björk Jónsdóttir. Hún hefur að undanförnu verið búsett í París og getið sér gott orð bæði þar í landi og víðar með hönnun sinni á dýrindis hárspöngum, sem meðal annars hafa prýtt höfuð Noregsprinsessunnar Mette-Marit. Nú er hún hins vegar komin til að vera um stund á Íslandi.

„Á meðan það er gaman og mikið að gera verð ég um kyrrt, og að minnsta kosti út árið. Svo sé ég bara til,“ segir Thelma, sem mun leggja verslunina Trílogíu við Laugaveg undir sig næstu daga. „Hún hefur verið lokuð vegna breytinga í dálítinn tíma, en verður opnuð aftur í dag. Þá býð ég til spangaveislu með nýju sumarlínunni minni, sem ég gerði með Hrafnhildi Guðrúnardóttur,“ útskýrir Thelma. Hrafnhildur hefur hannað töskur sem einnig eru seldar í Trílogíu, en hún og Thelma hafa verið vinkonur um árabil. „Hugmyndin á bak við sumarlínuna er einmitt gömlu vinaböndin sem maður hnýtti sjálfur. Hún þróaðist út í að við notuðum alls konar kaðla, reipi, borða og slaufur, sem kom mjög skemmtilega út. Línan er komin í búðir erlendis, en nú kemur hún loksins í Trílogíu,“ segir Thelma.

Þótt hún sé horfin frá París í bili er ýmislegt í bígerð. Aðdáendur hárspanganna geta hugsað sér gott til glóðarinnar, því á næsta ári mun Thelma senda frá sér fleiri fylgihluti. „Þeir munu líta dagsins ljós á næsta ári. Ég ætla að vera með fylgihluti sem fara vel með spöngunum,“ útskýrir Thelma, sem hefur hingað til einbeitt sér að höfuðfötunum. „Það var samt alltaf á dagskrá að gera þetta líka, það kemur eiginlega bara í beinu framhaldi af spöngunum,“ segir Thelma. „Ég er að fá fyrstu prótótýpurnar núna og þori ekki að lofa neinni dagsetningu, en þetta verður á næsta ári.“ Nýju fylgihlutirnir verða einnig fáanlegir í Trílogíu.

Opnunin í dag hefst klukkan 15 og stendur til 19.

sunna@frettabladid.is


Thelma Björk Jónsdóttir hefur gert það gott með glæsilegum hárspöngum sínum en mun senda frá sér fleiri fylgihluti á næsta ári. MYND/PHAEDRA BRODIE

## borgin mín STRASSBORG

MARTIN LEIFSSON háskólanemi

**MORGUNMATURINN:**
Það liggur náttúrulega beinast við að rölta út í bakarí og kaupa sér ferskt brauð, kannski pain-au-chocolate með, ef maður vill vera góður við sig. Svo er hægt að kaupa dýrindis hummus þarna úti, hrikalega gott á brauðið, og einhvern ferskan safa með því að sjálfsögðu.

**SKYNDIBITINN:**
Frakkland skortir sárlega skyndibitastaði. Því veitti ekki af eins og einum pylsustandi hér og þar, jafnvel burrito-stað. Það er annaðhvort kebab eða kebab í Strassborg, en sá besti slíki heitir La Taverne Grecque.

**RÓMÓ ÚT AÐ BORÐA:**
Það eru endalaust margir litlir sætir staðir í felum í þröngum strætum í miðbænum. Ég fór með mína kærustu á marokkóskan stað þar sem hún sagði mér ýmislegt um matinn, en hún er ættuð þaðan.

**LÍKAMSRÆKTIN:**
Skokk meðfram ánni og í gegnum Orangerie-garðinn, sund í Hautepierre-sundlauginni eða ein af þeim mörgu íþróttum sem maður fær að taka þátt í næstum ókeypis ef maður er námsmaður; Capoeira, dans, lyftingar, hvað sem er. Ég dansaði til dæmis Lindy-hop sem er mjög gaman.

**UPPÁHALDSVERSLUNIN:**
Ég stundaði búðirnar nú mjög lítið. Mér þótti þá helst skemmtilegast að gramsa í bókum á markaði með notaðar bækur, eða versla á einhverjum öðrum af mörkuðunum sem eru þarna úti um allt með föt, notað dót, listaverk og allt mögulegt.

**BEST GEYMDA LEYNDARMÁLIÐ:**
Það er helst að ég segi skautasvellið sem er þarna, stórt og með diskóljósum, og meira að segja auðvelt að komast í það. Eða djass-spunakvöld í kjallaranum á l'Artichaut á fimmtudögum. Ég fór oft þangað, það er alltaf gaman.

**BEST VIÐ BORGINA:**
Klárlega líflegt menningarlíf. Mörg þúsund háskólanemar halda uppi barstemningunni og góðum anda. Þetta er ekki stórborg, en það er líf í henni. Svo er hún líka róleg stundum, sem er gott.



**HVERNIG ER BEST AÐ EYÐA DEGINUM:**
Ég gef mér að við séum að tala um frídag, þar sem ég þarf ekki að mæta í tíma í skólanum. Ég byrja þá á sundi fyrir hádegi til að hressa mig og koma mér í gang. Svo kebab í hádegismat með vinunum, borðaður úti að sjálfsögðu, í veðri eins og er búið að vera hér síðustu daga. Því næst er rölt um miðbæinn og kíkt á markaði og götutónlistarmenn, það er að segja ef þverfótað er fyrir túristum. Viðkoma í ísbúðinni sem býr til heimatilbúinn ís. Mæli með sjeik þar. Jafnvel spurning um að taka hann með í Orangerie-garðinn, því pikk-nikk þar er algjört möst á góðum degi í Strassborg. Svo live tónlist um kvöldið, annaðhvort framangreindur djass, sinfóníuhljómsveitin eða einhverjir aðrir tónleikar.





# Sony BRAVIA - listaverki líkast!

Sjónvarp sem svo sannarlega er eins og mynd á vegg.  E4000 línan er með Picture Frame-TV tækni sem gerir það mögulegt að nota tækið sem myndaramma fyrir myndir þínar á stafrænu formi, auk þess sem nokkur listaverk eru innbyggð í minni tækisins.






KDL-32E4000
Sony BRAVIA 32" LCD flatsjónvarp

Einstök myndarammahönnun
Full HD 1080p upplausn - Skerpa 33.000:1
Ný BRAVIA Engine 2 myndstýring
3 HDMI tengi - Stafrænn móttakari
Ný Xcross Media Bar valmynd

249.900,-






DSC-T70
Sony Cyber-shot stafræn myndavél

Glæsileg myndavél í stíl - hvít og flöt
8,1 megapixlar - 3" skjár
3x aðdráttur um linsu
Smile shutter - smellir af þegar fólk brosir
Face Detection - skynjar andlit og stillir fókus

Fylgir með á meðan birgðir
Verð 39.900,-

www.sonycenter.is

Sony Center
Kringlunni
103 Reykjavík
588-7669

Sony Center

# fatastíllinn

*Erna Hreinsdóttir grafískur hönnuður*

**1.** Hettubolurinn er frá Nakta apanum, en jakkinn frá Urban Outfitters, þar sem Erna verslar mikið þegar hún er í London. **2.** Mynstraði kjóllinn er úr litlli búð í Japan þar sem Ernu finnst gaman að versla. **3.** „Ég keypti svörtu skóna í London og nota þá mikið, en ég man ekkert frá hvaða merki þeir eru.“ **4.** „Ég er dálítið glysgjörn og veik fyrir alls konar glingri sem ég get hengt á sjálfa mig eða annað.“ **5.** Sebrakjólnum segist Erna varla hafa farið úr síðan hún keypti hann í Rokki og rósum. **6.** Gullbolurinn er úr Spúútnik. **7.** Fjólubláir skór frá merkinu Again&Again, sem Erna fékk í GS skóm. **8.** „Ég fékk þennan skræpótta jakka á útimarkaði í Gíneu-Bissá í Afríku.“

# Veikust fyrir glingri

Erna Hreinsdóttir hugsar lítið um merki og kaupir það sem henni finnst fallegt hverju sinni. Hún sækir sér innblástur úr ferðalögum til framandi landa, tískublöðum og frá japönskum vinum sínum og er dugleg að skreyta sig með glingri. Heima gengur hún hins vegar helst í margstolinni hettupeysu.

**Hvernig myndir þú lýsa þínum eigin stíl?** Svona áreynslulaus, en ég er samt dálítið glysgjörn! Ég er frekar tímalaus og dett oftast ekki inn í tískubólur.

**Hvaðan sækirðu þér innblástur þegar kemur að fatastílnum?** Ferðalög til framandi landa hafa mikil áhrif á mig og líka allir vinir mínir frá Japan. Svo er ég vitlaus í tískublöð.

**Hvar verslarðu helst?** Ég fylli alltaf ferðatöskurnar þegar ég er í útlöndum, oftast í London. Þá fer ég helst í Urban Outfitters og í second-hand búðir eins og Beyond Retro og allt í kringum Brick Lane. Hér á Íslandi fer ég helst í bænum til að versla, þá er það helst Spúútnik og svo stendur Nakti apinn alltaf fyrir sínu.

**Áttu þér einhvern uppáhaldshönnuð?** Já alveg fullt, en núna detta mér helst í hug Jeremy Scott, Marc Jacobs, Giles Deacon og Bernhard Wilhelm.

**Uppáhaldsfatamerki?** Full Circle, Adidas, American Apparel, Religion ... Annars reyni ég að hafa ekki fordóma eða snobba fyrir merkjum, þannig að ég kaupi bara það sem mér finnst flott hverju sinni.

**Bestu kaupin:** Sebrakjóllinn minn sem ég keypti í Rokki og rósum, hann er límdur við mig. Ég fæ ekki nóg af honum, en held samt að allir vinir mínir séu orðnir leiðir á honum!

**Verstu kaupin:** Ég man nú ekki eftir neinu sérstöku, en ég hef keypt fullt af fötum og glingri sem ég hef síðan aldrei notað. Mér tekst samt alltaf að sannfæra sjálfa mig um að ég muni hafa not fyrir það einhvern tíma seinna.

**Fyrir hverju ertu veikust:** Glingri! Öllu sem ég get hengt á sjálfa mig eða eitthvað annað. Það hringlar oft í mér þegar ég geng.

**Uppáhaldsbúðin:** Beyond The Valley í London, Kronkron og Nakti apinn á Íslandi og Hanjiro í Japan.

**Nauðsynlegt í fataskápinn?** Hlýrabolir í öllum stærðum, gerðum, litum og mynstrum! Svo er líka gott að eiga þó nokkuð mikið af beltum.

**Hvað dreymir þig um að eignast núna?** „Walk-in closet“, það er draumurinn. Ég væri líka til í að eignast alvöru kímonó, og reyndar líka gott sett af hárkollum.

**Hvernig er heimadressið þitt?** Ljótt! Ég færi aldrei í því út í búð. Oftast er ég í hettupeysu sem bróðir minn stal af hinum bróður mínum, og ég stal síðan af honum.

*sunna@frettabladid.is*

MYNDIR/STEFÁN





























Forðast þú aukaefni í mat?
**En í snyrtivörunni!**

Það skiptir jafnmiklu máli hvað þú setur á húðina, og það sem þú borðar. Aubrey Organics hefur framleitt hágæða náttúrulegar snyrtivörur í yfir 40 ár. Núna eru þeir byrjaðir að framleiða þessa frábæru sólarvörn sem hentar öllum húðgerðum. Allar varnirnar vernda gegn UVA/UVB geislum sólarinnar.

- SPF 8 létt vörn með góðum raka og PABA filter
- SPF 10 frábær vörn í spray formi, fyrir andlit og líkama, sniðugt að hafa í töskunni þegar hitnar
- SPF 20 lyktarlaus vörn, fyrir viðkvæma húð
- SPF 25 sólarvörn fyrir útivistarfólk, heldur húðinni rakafullri klukkutímunum saman
- SPF 25 fullkomin vörn fyrir börn og fullorðna, semi vatnsheld
- After-sun áburður fyllir húðina raka eftir heita daga í sól, sundi og hita
- Aloe vera gel, ekkert er betra til að kæla húðina eftir sólardaginn, gert úr 98% lífrænu Aloe vera

***Hugsaðu um hvað þú berð á húðina þína og barnanna þinna!!!***

*Fæst í Lyfju og Heilsuhúsunum.*

heilsa -hafðu það gott

# Blómið sem heldur að það sé grænmeti

## Áhugaverðar staðreyndir um ættfræði og frystimöguleika spergilkáls



Getur endurheimt ferskleikann þó það sé farið að fölna ef því er skellt í ískalt vatn

Inniheldur efni sem ver fóstur gegn fæðingargöllum

Er ásamt blómkáli eina grænmetistegundin sem er í raun blóm

Geymist best við kulda og er viðkvæmt fyrir birtu og dragsúg svo að ísskápurinn er hinn fullkomni geymslustaður

Er best þegar það er dökkgrænt með fjólubláum keim og stöngullinn er þéttur í sér

Hentar einkar vel til frystingar og er því gott að gera stórinnkaup á því þegar framboð er sem mest

Er sannarlega öflugur samherji í baráttu gegn myndun krabbameins

Hættir við þornun svo best er að vefja það plasti eða geyma í þeim umbúðum sem það kom í frá framleiðanda

ÞÚ VEIST HVAÐAN ÞAÐ KEMUR

íslenskt grænmeti

islenskt.is

ÍSLENSKA SIA.IS SFG 41470 07/08

*Tvær nýjar afurðir úr smiðju leikstjórans* **Silju Hauksdóttur** *verða teknar til sýninga á næstu mánuðum. Sunna Dís Másdóttir hitti konuna á bak við tjöldin nokkrum tímum áður en tökur á þáttaröðinni Ástríði hófust og ræddi meðal annars um lífið í kvikmyndabransanum, uppganginn í íslenskri dagskrárgerð og gagnsemi heimspekináms.*

# Finnst ég eiga allt eftir

Nafn Silju Hauksdóttur birtist flestum í fyrsta skiptið þegar bókin Dís heillaði landann upp úr skónum fyrir um átta árum. Silja skrifaði bókina í félagi við vinkonur sínar, þær Birnu Önnu Björnsdóttur og Oddnýju Sturludóttur, og leikstýrði síðar samnefndri kvikmynd. Síðan Dís rölti niður Laugaveginn hefur Silja tekið sér ýmislegt fyrir hendur; gert heimildarmyndina Kórinn sem er um ferð íslensks kvennakórs til Ítalíu, skrifað fyrir og leikstýrt grínþáttaröðinni Stelpunum auk þess að leikstýra fjölda auglýsinga. Silja segir Dís hafa reynst sér ágætis leið inn í kvikmyndaiðnaðinn.

„Ég held að það sé kannski eina leiðin, að fyrstu tækifærin manns spretti úr einhverju sem er manni mjög kært og hjartfólgið – að það sé eitthvað sem maður á mjög mikið í. Ég held að það verði að vera eitthvað sem maður hefur þróað með sér í langan tíma og hefur þörf á að deila. Það er einhvern veginn það eina sem maður hefur fram að færa, allavega svona til að byrja með,“ segir Silja.

## Ennþá að sjá til

Áhugi hennar á kvikmyndageiranum vaknaði þegar hún var orðin „gamall unglingur“, eins og hún orðar það sjálf. Silja hafði leikið aðeins á yngri árum, en segir áhuga sinn hafa þróast í aðrar áttir. „Það var ekki eitthvað sem ég gat séð fyrir mér sem mína framtíðarvinnu á þeim tíma,“ segir hún. Leikstjórnin höfðaði hins vegar til hennar sem atvinnuvegur. „Ég hugsaði með mér að þetta væri eitthvað sem ég væri til í að prófa að gera, læra og sjá svo til. Ég er ennþá að því, prófa og læra,“ segir Silja. „Ég gerði samt ekkert mikið í því fyrr en með háskólanámi og eftir það. Þá fór ég aðeins að þefa af þessu og fékk ýmis verkefni sem til féllu. Ég var í alls konar aðstoðarstörfum og í framleiðslu, aðstoðaði framleiðanda og vann sem skrifta,“ útskýrir Silja.

Hún er hins vegar viss um að háskólanámið, í heimspeki, gagnist henni í starfi í dag. „Ég fattaði mjög praktíska tengingu við heimspekina fyrir nokkrum vikum, þegar ég var að eiga við tryggingafélag, þá fékk ég hugljómun“ segir hún og hlær. „En, jú, ég held að þetta gagnist manni í öllu. Mér finnst líka að fólk eigi að læra það sem það langar til að læra, ef það stendur því til boða. Það nýtist manni alltaf á einhvern hátt,“ segir hún.

## Harðneskjulegur bransi

Silja segir íslenska kvikmyndaiðnaðinn oft og tíðum harðneskjulegri en gengur og gerist í öðrum löndum. Hann hefur þó þann kost að ungliðum getur reynst auðveldara að komast inn í hann en annars staðar tíðkast, eins og Silja komst að raun um eftir að hafa lagt stund á nám í kvikmyndagerð við FAMU-kvikmyndaskólann í Prag.

„Krakkar sem ég þekkti úr skólanum áttu mjög erfitt með að fá nokkur tækifæri – meira að segja með að fá að vinna launalaust,“ segir hún. „Það var auðveldara hér, þó að það sé eflaust orðið eitthvað erfiðara núna. Ég held hins vegar að þó að það geti verið auðvelt að komast inn í bransann og fá tækifæri sé erfiðara að haldast í honum. Maður þarf að standa sig rosalega vel og það er örugglega aðeins harðneskjulegra að vinna við þetta á Íslandi en í mörgum öðrum löndum. Það er oft meira álag og fólk þarf að láta sig hafa ýmislegt. Það eru líka oft og tíðum litlir peningar til ráðstöfunar, svo aðbúnaður er minni og annað slíkt,“ segir Silja. „Ég held að þetta geti verið grófari bransi á Íslandi en í stærri löndum, þar sem fjármagnið er meira.“

## Fínar fyrirmyndir

Oft hefur verið talað um að konur eigi erfitt uppdráttar í kvikmyndageiranum, nokkuð sem Silja segir síður en svo hafa fælt hana frá bransanum. „Ég hugsaði bara ekki út í það, enda ekki alin upp við það að slíkt skipti máli og held ég hafi ekki fattað það fyrr en það var orðið of seint,“ segir hún og hlær við. „Enda má ekki gleyma því að það eru til rosalega fínar fyrirmyndir á Íslandi, þó að þær mættu vera fleiri. Það eru til allnokkrar konur sem eru eldri en ég sem hafa gert kvikmyndir og þær góðar. Það má alls ekki gleymast í þessari umræðu, því hún er líka boðandi. Það má ekki gera lítið úr þeim konum sem þó vinna við þetta, og það hvetur ekki stelpur til að fara út í kvikmyndagerð að heyra að það séu engar konur í henni. Það ætti frekar að beina athyglinni að yngri konum og jafnvel stelpum sem eru að velta fyrir sér möguleikum sínum og framtíðinni, í staðinn fyrir að tala um að það sé ekki hægt að vera kona í þessum bransa, sem er augljóslega kjaftæði,“ segir Silja.

## Súrleiki og skrifstofulíf

Næsta verkefni Silju til að rata á sjónvarpsskjáinn er grínþáttaröðin Ríkið, sem Stöð 2 hefur sýningar á 22. ágúst næstkomandi. Þar er á ferðinni svokölluð „sketsasería“, sem sker sig þó úr öðrum slíkum að því leyti að Ríkið byggir að miklu leyti á sömu persónunum. „Þetta er aðallega skrifstofuumhverfi þessara karaktera, með örlitlum uppbrotum hér og þar. Þetta er súrt, rykfallið umhverfi þar sem furðulegustu hlutir gerast í hálfgerðri tíma- og staðleysu. Ríkið er eins og gleymd skrifstofa frá svona 1970 með stöku nútíma heimsóknum,“ útskýrir Silja.

Tökur á þáttaröðinni Ástríði, með Ilmi Kristjánsdóttur í aðalhlutverki, hófust einnig í vikunni, en hún mun væntanlega rata á sjónvarpsskjáinn eftir áramót. Í Ástríði er fylgst með ungri konu sem hefur störf í íslensku fjármálafyrirtæki og samskiptum hennar við samstarfsfólk og aðstandendur. „Ástríður gerist í fjármálabransa dagsins í dag, en hann er samt meira hugsaður sem sögusvið. Umfjöllunarefnið er ekki



MYND/ANTON

## Í HNOTSKURN

**Stjörnumerki:** Steingeit.
**Uppáhaldsmatur:** Bragðmikill.
**Besti tími dagsins:** Að vakna snemma er gaman og stundum að vaka líka.
**Uppáhaldsdrykkur:** Vatn.
**Draumafríið:** Búenos Aíres í allnokkurn tíma.
**Skemmtilegast:** Gott fólk á góðum stundum.
**Leiðinlegast:** Að vera á eftir áætlun.
**Hverju myndirðu sleppa ef þú þyrftir að spara:** Bara gera aðeins minna af flestu.
**Mesta freistingin:** *Sjá:* skemmtilegast.
**Uppáhaldsborgin:** New York.
**Besta kvikmyndin:** Núna, Efter Brylluppet eftir Susanne Bier.


Hún er dauðvona og efst á óskalista hennar er að sofa hjá áður en hún deyr

„Falleg frásögn um líf og ótta, grimmd og fegurð.“
Soffía Auður Birgisdóttir / Morgunblaðið

„Sumarbókin í ár! Lætur engan ósnortinn … tárin láku niður í stríðum straumi.“
Kolbrún Ósk Skaftadóttir / Eymundsson

„Falleg saga um ungt fólk.“
Gerður Kristný / Mannamál

Þessari bók gleymirðu aldrei




2. prentun KOMIN

1. SÆTI
METS.LISTI EYMUNDSSON
skáldv/vasabrot 22.07.2008

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is



Silja Hauksdóttir leikstýrir tveimur nýjum þáttaröðum sem sýndar verða í haust og vetur. Hún segist enn eiga allt eftir.

hagkerfið eða sveiflur á fjármálamörkuðum og það verður því lítið um gengisgröf í þáttunum,“ segir Silja kímin. Þættirnir eru frekar kómískar sögur um ungt fólk á öllum aldri í leit að ástinni eða hamingjunni.

## Íslenskt efni í sókn

Ríkið og Ástríður eru bara tvö dæmi um þá uppsveiflu sem hefur átt sér stað í íslenskri dagskrárgerð á síðustu árum og Silja kveðst afar ánægð með að fá að vera hluti af henni. „Ég held að þetta sé ótrúleg lyftistöng fyrir íslenskan sjónvarps- og kvikmyndageira. Hún leyfir mörgu hæfileikafólki að þroska hæfileika sína á hátt sem það hefur kannski ekki fengið tækifæri til áður,“ segir Silja. Hún segist þó vart geta bent á sérstakar ástæður fyrir umræddri uppbyggingu.

„Ég held að það séu margar og flóknar skýringar á henni. Oft er það þannig að eitt kallar á annað og hlutirnir hafa tilhneigingu til að safnast þar sem þeir eru fyrir. Auðvitað hljóta sjónvarpsstöðvarnar svo að vera ráðandi í því hvert peningarnir fara. Viðbrögð almennings eru líka númer eitt, tvö og þrjú. Fólk hefur tekið ótrúlega vel í þetta, eins og sjá má til dæmis á frábærum viðtökum við Næturvaktinni og fleiri nýlegum þáttum. Íslenskt leikið efni er bara orðið drullugott og batnar með hverri viku. Gæðin eru að aukast og fólk er ánægt með það,“ segir Silja.

## Formið skiptir minnstu máli

Leikið efni er þó ekki það eina sem heillar, eins og ferilskrá Silju gefur til kynna. Auk heimildarmyndarinnar um kvennakórinn fylgdi hún Sigur Rós eftir á ferðalagi um Svasíland á síðasta ári og hefur komið að handritagerð, bæði fyrir Stelpurnar og nú fyrir Ástríði. Hún er þar að auki með handrit að kvikmynd í smíðum. Það hefur vinnuheitið Skýjað með köflum og hefur fylgt Silju um skeið. „Ég þarf að eyða meiri tíma með því áður en framhaldið skýrist nokkuð og mér liggur ekkert á með það,“ segir Silja, sem segir handritagerðina ekki síður spennandi en leikstjórnina.

„Mér finnst gaman að geta bæði leikstýrt og skrifað handrit, en ég verð að viðurkenna að mér finnst skemmtilegast að skrifa fyrir sjálfa mig. Þá veit ég án efa hvað ég var að meina þegar ég svo síðar leikstýri efninu, sem er óneitanlega einfaldara,“ segir Silja brosandi. „Annars finnst mér erfitt að velja eitt form fram yfir annað. Það er eitthvað frábært og rosalega lærdómsríkt við hvert verkefni fyrir sig. Þegar maður er inni í því sér maður ekkert annað og finnst það vera það eina rétta í stöðunni. Maður fer í nokkurs konar ástand í kringum verkefni og verður bara heltekinn af því.”

En finnst henni hún þá eiga eftir að spreyta sig á einhverju innan kvikmyndagerðarinnar? „Í rauninni finnst mér formið ekki skipta öllu, á meðan sagan er góð og ég tengi við hana og finnst hún hafa eitthvað erindi. Þannig að ég segi nei, ekki formlega séð, en samt allt annað, alveg óháð forminu. Mér finnst ég eiga allt eftir.”

> „ Það er eitthvað frábært og rosalega lærdómsríkt við hvert verkefni fyrir sig. Þegar maður er inni í því sér maður ekkert annað


NORDICASPA

Hilton Reykjavík Nordica Hotel
Suðurlandsbraut 2
Sími 444 5090
nordicaspa@nordicaspa.is
www.nordicaspa.is

# Fjögurra vikna lúxusnámskeið

fyrir konur og karla





**Rannveig I. Marelsdóttir** 48 ára
bókari hjá Mannviti

**Björk Baldvinsdóttir** 29 ára
sérfræðingur hjá Kaupþingi

*Markviss leiðsögn, frábær aðstaða og mesta aðhald sem hægt er að fá. Hér eru engar öfgar á ferð. Farið er vel ofan í mataræðið á skynsaman hátt og bætt við skemmtilegri hreyfingu – útkoman er aukinn orka, úthald og vellíðan í daglegu lífi. Getum mælt með þessu námskeiði við hvern sem er – 100% árangur.*

**Styrmir Þór Bragason** 37 ára
forstjóri MP Fjárfestingarbanka

*Skemmtilegt og fjölbreytt námskeið og besta aðhald sem ég hef fengið og það er það sem skiptir öllu máli þegar maður er að koma sér í form með breyttu mataræði og meiri hreyfingu. Ég var farinn að hlakka til að komast á æfingar og ég fann að orkan jókst mikið á skömmum tíma sem skipir miklu máli í minni vinnu.*



**Lúxusnámskeið NordicaSpa er hannað til að koma þér af stað á mjög árangursríkan og einfaldan hátt. Tilgangur námskeiðisins er að koma þér á æðra stig hvað varðar líkamlega og andlega heilsu.**

- Fimm tímar í viku – Brennsla og styrkur
- 3 öflugir brennslutímar
- 2 styrktartímar í sal undir handleiðslu þjálfara
- Vikulegar mælingar
- Ítarleg næringarráðgjöf
- Fyrirlestur – Borðaðu til að léttast og auka orkuna
- Slökun og herðanudd eftir hverja æfingu
- Hollustudrykkur eftir hverja æfingu
- Takmarkaður fjöldi
- Tímar eru: **6:30, 7:30, 10:00, 12:00, 16:30** og **18:30** fimm sinnum í viku
- Þjálfari er Gunnar Már Sigfússon

**1. vika – Orkuhleðsla**
Í fyrstu vikunni byggir þú upp orku og kemur líkamanum í jafnvægi.

**2. vika – Öflug melting – Aukin brennsla**
Í viku tvö er verið að efla og bæta meltinguna til að þú fáir sem mest út úr holla matnum sem þú ert að borða.

**3. vika – Hormóna jafnvægi – Hreinsun**
Þriðja vikan mun koma jafnvægi á hormónaflæði líkamanns sem mun hafa áhrif á skap þitt, lífsorku og kraft.

**4. vika – Ónæmiskerfi eflt – Jafnvægi**
Í viku fjögur byggjum við upp ónæmiskerfið og hjálpum því að verja líkamann á náttúrulegan hátt.

**Ný námskeið hefjast 11. ágúst**
**Skráning** er hafin í síma 444 5090 eða
nordicaspa@nordicaspa.is ■ www.nordicaspa.is

# tíska
*ferskleiki dagsins í dag*

## SKRIFSTOFUSKÓR
Breska skóverslunin Office nýtur mikilla vinsælda úti, enda um auðugan skógarð að gresja þar á bæ. Íslendingar sem ekki hyggja á Londonferð í bráð þurfa þó ekki að örvænta, því verslunin heldur úti vefnum Office.co.uk þar sem hægt er að panta augnakonfekt á borð við þessa skemmtilegu, bláu skvísuskó fyrir veturinn. Sent er til landsins gegn 15 punda gjaldi.



# Köflótt sveitasæla
Ófáir hönnuðir leituðu í smiðju skoska sveitalífsins fyrir haustið og veturinn, sem sést bersýnilega á því að verslanir eru nú að fyllast af köflóttum klæðnaði. Þó að sumir hafi farið alla leið og sýnt köflóttar skyrtur í bland við loðhúfur, tvídjakka og ullarflíkur þarf daður við köflótt klæði þó ekki að jafngilda því að bóndalúkkið ráði öllu. Dolce & Gabbana blönduðu köflóttum blússum við pils eða skó með hlébarðamunstri til að búa til skemmtilegan árekstur stíla. Köflótt má einnig para saman við blúndur, sem verða líka úti um allt í haust, lakkskó og leðurjakka til að gefa mynstrinu nýtt og skemmtilegt líf.

Það er líka af nógu að taka: köflótt mynstur er að finna á öllu frá gerðarlegum ullarkjólum og kápum og yfir í gegnsæjar blússur eða hálsklúta – allt eftir því hversu langt inn í sveitalífið fólk er tilbúið að ganga. Hvar er heygaffallinn?

SUNNA@FRETTABLADID.IS




1. Örþunnt efnið í blússunni hjá Dolce & Gabbana gerir klæðnaðinn fágaðri en ella. 2. Köflótt og köflótt við glansandi skó hjá Dolce & Gabbana. 3. Kjóllinn úr Zöru væri flottur við sokkabuxur og lakkskó í vetur. 4. Sumarlegur og sætur með mynstri vetursins. Úr Topshop. 5. Vestið frá Vila færi vel yfir mynstruðum bol á borð við þann frá Karen Walker. 6. Sveitarómansinn ræður ríkjum í köflóttri skyrtu með pífukraga frá Zöru. 7. Flott pils frá Topshop sem bæði má nota í sumar og haust. 8. Köflótta kápan hjá Karen Walker er flott við munstraðan bol og gyllta skó. 9. Hálfgegnsæ mussa fyrir þær sem vilja fara dömulega í stílinn.




G-STAR RAW
REYKJAVIK STORE
LAUGAVEGUR 86-94, S: 511-2007
OPERATED BY V8 EHF

Ný sending,
nýjar gallabuxur

**Opið:**
föstudag 11-18.30.
laugardag 11-17

G-STAR RAW DENIM · RAW DEFENDER · RAW DENIM 3301 · RAW · g-star.com

© 2008 G-Star International B.V. All rights reserved. All trademarks used herein are the property of the G-Star group of companies.

HÖFUM OPNAÐ AÐ LAUGARÁSVEGI 1

JUST FOOD TO GO

VIÐ BJÓÐUM UPP Á HEIMALAGAÐAR MÁLTÍÐIR SEM ERU FERSKAR, HOLLAR OG GÓÐAR. TILVALIÐ FYRIR FÓLK Á FERÐINNI. VIÐ NOTUM EINGÖNGU NÁTTÚRULEG HRÁEFNI OG ENGINN ÓÆSKILEG AUKAEFNI.

JUST MEAT

JUST CHICKEN

JUST FISH

JUST PASTA

JUST SOUP

JUST BREAD

OPIÐ ALLA HELGINA 11:00 – 20:00

SÍMI:588 8 588

# útlit

*smáatriðin skipta öllu máli*

## SPEGILL, SPEGILL

Nýju Ombre Stretch-augnskuggarnir frá Bourjois koma í mörgum flottum litum og skemmtilega óhefðbundnum umbúðum með einkar handhægum spegli.



## TE OG LÓTUS

Green Tea-ilmirnir frá Elizabeth Arden hafa verið afar vinsælir og nýjasta viðbótin, Green Tea Lotus, á eflaust eftir að slá í gegn líka. Ferskur og heillandi ilmur af grænu tei og vatnaliljum.



## BOSS TIL BJARGAR KARLMÖNNUM

Boss Skin sendir nú frá sér nýjar húðvörur fyrir karlmenn, til að koma til móts við aukna eftirspurn eftir vörum sem vinna gegn húðgljáa. Andlitssápan Shine Control Face Wash hreinsar andlitið og undirbýr það fyrir fitulausa rakagelið Shine Control Moisture Gel, sem smýgur hratt inn í húðina og hjálpar til við að stýra rakastiginu á yfirborði hennar. Þannig stuðla báðar vörurnar að því að húðin glansi síður, en rannsóknir sýna að karlmenn hafa áhyggjur af feitri húð.

Á sama tíma kynnir Boss nýja ilminn Boss Pure, sem sækir innblástur sinn í hreint og óstöðvandi afl vatnsins. Boss Pure leggur áherslu á ferskleika og er bæði fíngerður og fágaður. Í topptónunum er meðal annars fíkjusafi, sem ásamt sítrusávöxtum skapar ferskleikann. Hjartatónarnir eru sóttir í liljur og hýasintur, en grunnurinn er hreinn viðartónn.



## BRASILÍSK SÓLARVÖRN

Þótt mörgum finnist yfirvofandi verslunarmannahelgi marka upphafið að endalokum sumarsins er ekki tímabært að pakka sólarvörninni innst í baðskápinn. Sólin hefur ekki yfirgefið okkur alfarið ennþá, margir hyggja enn á utanlandsferðir og þar fyrir utan ættu allir að nota sólarvörn árið um kring – í það minnsta velja sér húðkrem með innifalinni vörn.

Þeir sem enn eiga eftir að sleikja sólina á framandi slóðum, eða treysta á að önnur hitabylgja blessi okkur með nærveru sinni, geta prófað sólarvörnina frá L'Occitane. Línan kallast L'Occitane do Brasil, því fyrirtækið leitaði í náttúrulegar afurðir frá Brasilíu til að búa til sólarvörn sem er bæði mild og góð. Auk varnarinnar sjálfrar er boðið upp á þessa olíu, sem verndar hárið fyrir geislum sólarinnar og er einnig rakagefandi fyrir húðina þegar sólböðum er lokið.





NAIL ENVY
NAGLAHERÐIR




Þessi upprunalegi.
Goðsögnin.

Frábær naglaherðir fyrir neglur sem flagna og brotna.

O·P·I


*Heitast í haustförðuninni*

# Dökkt og dramatískt



Svandís Unnur Sigurðardóttur í MAC segir að rauðar varir í ýmsum tónum verði meðal annars mjög áberandi í haust.

Föstudagur fór á stúfana til að forvitnast um hvað verður heitast í haustförðuninni. Ferðinni var heitið í þrjár glæsilegar snyrtivöruverslanir þar sem við fengum forskot á sæluna og fræddumst um nýjustu förðunarvörurnar.



**Svandís Unnur Sigurðardóttir, starfsmaður í MAC**

„Það verður mikið af bronslituðum og gylltum augum, bæði „smoky" og ekki, en kisuaugun verða enn þá sterk inni. Varirnar verða rauðar eins og í fyrra, bara aðeins dekkri. Það verða ekki bara skærrauðir. heldur alls konar tónar, svo sem dökk- og rauðbrúnir, svo allir ættu að geta fundið rauðan lit við hæfi," útskýrir Svandís.

„Það verður mikið af steinefnafarða, bæði í meiki, kinnalitum og augnskuggum. Húðin á að vera náttúruleg, ekki mjög mött, en þó ekki eins glansandi og í sumar," bætir hún við.

„Ég er mjög hrifin af mineralize skinfinish-púðri sem er tvískipt og er væntanlegt í verslunina hjá okkur í næstu viku. Annar liturinn er náttúrulegur, frekar mattur en ljómar og svo er hinn helmingurinn í sama lit en með smá sanseringu. Með púðrinu næst þessi eðlilega áferð vel og svo getur maður lagt áherslu á þá staði sem maður vill með sanseraða helmingnum," segir Svandís að lokum, en fleiri haustvörur eru væntanlegar í verslanir MAC á næstu þremur mánuðum.

**Elísabet Kristín Oddsdóttir verslunarstjóri, Make Up Store í Kringlunni**

„Það er að koma mikil dramatík og drungi með haustinu. Mjög dökkir og mattir litir, út í fjólu- og plómulitað. Á móti er mikið af augnskuggum í duftformi sem gefa glans á móti þessu matta," segir Elísabet.

„Það verður mikið um mjög dökk naglalökk, eins og svört og dökkfjólublá. Varirnar verða dökkar á móti dökkum augum og við verðum til dæmis með svartan varalit sem er gegnsær svo það er hægt að blanda honum við aðra liti, svo sem rauðan, bleikan eða fjólubláan. Þetta verður mjög drungalegt miðað við litadýrðina sem hefur verið í gangi í sumar, en það er hægt að ná fram flottum glæsileika með þessum vörum," útskýrir Elísabet.

„Það sem mér finnst voðalega fallegt núna er svartur glimmer eyeliner sem heitir Holiday Glam og kemur rosalega vel út og svarta naglalakkið Johanna er mjög flott, en það er með silfurglimmeri í," segir Elísabet að lokum.

**Helga Emilsdóttir, förðunarfræðingur hjá Bobbi Brown**

„Nýja lúkkið sem er að koma í haust heitir Mauve og þar verður mikið um fjólubláan lit sem er mitt á milli þess að vera brúnn og fjólublár. Það verður mikið um smokey augu í haust og vetur og við erum að taka konur í förðunarstólinn til okkar í Bobbi Brown og kenna þeim að verða sínir eigin förðunarfræðingar og læra til dæmis að gera smokey augu á fimm mínútum," segir Helga.

„Í línu sem kallast Get personal verðum við með pallettur sem konur geta hannað sjálfar með því að velja sér mismunandi litaða augnskugga eftir því sem hentar þeim. Svo er alltaf hægt að skipta augnskuggunum út því þeim er bara smellt í og úr pallettuna," bætir hún við.

„Þessa stundina er í uppáhaldi hjá mér palletta sem inniheldur þrjá augnskugga, einn kinnalit og þrjá varagljáa. Ég nota hana mjög mikið enda þægileg í notkun," segir Helga að lokum.



Elísabet Kristín Oddsdóttir, verslunarstjóri Make Up Store í Kringlunni, segir mikla dramatík og drunga fylgja haustförðuninni.



Helga Emilsdóttir, förðunarfræðingur hjá Bobbi Brown, segir fjólubláan lit með brúnum tóni vera áberandi í nýjustu haustvörunum.




# HUMARSKIPIÐ

Humarskipið er vinsælt veitingarhús sem rekið er í gamla Árnesinu, sem liggur við Suðurbugt í Reykjavíkurhöfn.

Boðið er upp á ferskan fisk, humar og kjöt.

Skemmtilegt og öðruvísi umhverfi.

Humarskipið - Sími: 562 2300

Hildur Hlín Jónsdóttir / hildur@dv.is









# bland

*í gær og á morgun ...*

## HELGIN

**FÖSTUDAGUR:**
Innipúkar geta sameinast á Nasa, þar sem Múgsefjun og Benni Hemm Hemm eru meðal þeirra sem troða upp í kvöld.



**LAUGARDAGUR:**
Organ fagnar afmæli sínu um helgina og meðal þeirra sem koma fram í kvöld er enginn annar en Bjartmar Guðlaugsson.

## díana mist

**FÖSTUDAGUR 25. JÚLÍ**
Fyrir einhverja guðs mildi hafði kúlumaðurinn, fyrrverandi kærasti sem ég gekk allsendis óvart í skrokk á fyrr í mánuðinum, ekki ákveðið að senda á eftir mér handrukkara til að ná fram hefndum. Honum virtist aftur á móti þykja sjarmerandi að fá blómapott í hausinn (aftur: alveg óvart) og hefur tekið upp símhringingar og sms-sendingar að nýju. Ég legg hins vegar mikla áherslu á að missa kúlið ekki alveg strax aftur og ákvað því að drífa mig á Mugisontónleika með gömlum vini í stað þess að þiggja boð um sötur og sætindi heima hjá Kúla. Þar úði og grúði af fólki og allt stappað af fótboltamönnum. Þar voru til dæmis Gunnlaugur Jónsson úr KR, Árni Gautur Arason, fyrrverandi landsliðsmarkvörður, Hjörtur Hjartarson íþróttafréttamaður og Andrés Vilhjálmsson úr Þrótti.



**LAUGARDAGUR 26. JÚLÍ**
Þar sem föstudagskvöldið markaði lítil spor í heilsuna var stefnan tekin á útsölurnar í Smáralind. Þar var varla þverfótað fyrir liði, og nokkur kunnugleg andlit að sjá í mannmergðinni. Ég gekk til dæmis á líkamsræktarfrömuðinn Arnar Grant og sá líka glitta í Jónsa, sem var reyndar ekki að skoða svört föt, með Rósu eiginkonu sinni og parið Adda Fannar og Yesmine Olsson.

Um kvöldið puntaði ég mig upp og tók stefnuna á bæinn. Eftir dans og djús á ýmsum stöðum bæjarins gafst ég upp og fór að hitta Kúla sem var staddur á Café Cultura í Alþjóðahúsinu. Þar gekk ég reyndar beint í flasið á Þorvaldi Davíð og fríðu föruneyti hans úr Juilliard-skólanum, en rataði að lokum að réttu borði. Það var reyndar ekki setið lengi við það, heldur stefnan fljótlega tekin heim á leið. Ég held ég þurfi að fara að rifja upp af hverju Kúli er fyrrverandi.





# í Árbæjarsafni

Sunnudaginn 3. ágúst verður dagskrá í Árbæjarsafni í tengslum við sýninguna *Diskó og Pönk – ólíkir straumar?*

15.00 - málþing þar sem varpað er ljósi á ákveðna þætti þessara menningarstrauma og leitað svara við því hvað einkenndi íslenskt diskó og íslenskt pönk.
16.00 - tónleikar. Flytjendur verða tónlistamenn úr hljómsveitum eins og Fræbbblunum, Q4U og Taugadeildinni.









# Kristjana Stefánsdóttir söngkona

**TOPP 10**





**Dóttir mín, Ragnheiður Lóa Ólafsdóttir, er það mikilvægasta í mínu lífi. Hún er fimm ára upprennandi listamaður og semur bæði tónlist og býr til málverk.**




**Tónlistin er mjög mikilvægur partur af mínu lífi. Þetta er kynningareintak af plötunni minni sem inniheldur bæði frumsamið efni í bland við gamla góða blúsa og kemur út 20. ágúst. Ég ætla svo að vera með útgáfutónleika á Jazzhátíð Reykjavíkur 30. ágúst á Nasa.**

MYNDIR/GVA



**Ég nota MacBook-tölvuna mína gríðarlega mikið, bæði í samskiptum við fólk og svo inniheldur hún alla tónlistarsköpunina mína. Ég tek hana með mér nánast hvert sem ég fer og keypti á hana rauða hlíf til að verja hana þar sem hún er alveg hvít á litinn.**



**Píanóið er erfðagripur frá föðurömmu og afa á Flókagötunni. Ég nota það daglega við æfingar og þegar ég er að semja tónlist. Svo er það líka mikið stofustáss.**



**Það væri glatað líf án bókar. Ég er mikill Harry Potter-aðdáandi og held líka upp á allar kiljurnar mínar.**



**Dóttir mín er alltaf að búa til eitthvað brilljant og listaverkin hennar eru í miklu uppáhaldi. Hún tíndi blóm og gerði blómailmvatn fyrir mig sem hún setti í krukku. Málverkin og legokubbarnir eru líka eftir hana.**



**Ég fer með dóttur minni í sund minnst einu sinni í viku, allan ársins hring. Það endurnærir mann bæði andlega og líkamlega.**



**Íslenska náttúran veitir mér innblástur og gerir mig afslappaða. Þórsmörk er í miklu uppáhaldi en ég hef ekki farið þangað síðan ég var unglingur, svo ég hef heitið því að fara þangað í ár.**



**Ég kemst ekki í gegnum daginn án þess að fá mér minnst einn kaffibolla.**



**Hugmyndabækurnar mínar innihalda bæði texta, teikningar og ýmsar hugrenningar. Ég er yfirleitt með eina bók á þvælingi með tölvunni þegar ég er á ferðinni.**




# Fjólan

## Veitum alla almenna veisluþjónustu

**Fjólan er staðsett í hjarta bæjarins, Vestmannabraut 28 (Hótel Þórshamri).**

**Opið er Frá 07:00-22:00 alla daga. Tökum á móti hópum og höfum sæti fyrir 100 manns.**

**Mömmumatur í hádeginu alla virka daga frá 11:00-14:00**

**Auk þess er fjölbreyttur matseðill í boði allann daginn.**

**Fjólan - Vestmannabraut 28 - 900 Vestmanneyjum**
**Sími: 481-3663 - fjolan@internet.is**






FÖSTU DAGUR

SIGRÍÐUR KLINGENBERG *spáir fyrir Hreimi Erni Heimissyni*

# Kærir sig ekkert um heimsfrægð



Hreimur Örn Heimisson er fæddur 01.07.1978. Út úr því kemur talan 33 sem er jafnt og sex. Lífstalan sex gerir hann að ljúfum einstaklingi sem er samt ákveðinn og fylginn sér. Sexurnar eru yfirleitt búnar að ákveða hlutina langt fram í tímann, láta ekkert koma sér úr jafnvægi og heilla alla í kringum sig, jafnt unga sem aldna. Sexurnar eru oft á tíðum svolítið gamlar sálir og þar af leiðandi nokkuð yfirvegaðar og þykir ágætt að fá að vera í friði. Þær eru heillandi svo þær fá oft mikla athygli án þess þó endilega að þær séu að biðja um hana. Það er afar sjaldgæft að sexur lendi í óreglu eða veseni því þær nenna ekki slíku. Hreimur er alveg hin týpíska sexa, ljúfur, fallegur, góður og hjartahlýr. Hann gefur endalaust af sér og græðgin hefur ekki verið í kringum hann. Hann ber virðingu fyrir lífinu og það af leiðandi ber lífið virðingu fyrir honum. Hann er með fasta fætur á jörðinni, fer áfram hægt, en kemst ávallt á áfangastað. Hann á eftir að eiga ljúft líf, sterka fjölskyldu og þægilegt heimili. Það er hægt að segja um Hreim: „Hann er bara þarna, alveg eins og sólin.“ Hann er trygglyndur og trúr og hefur aldrei fundist hann vera neitt merkilegri en aðrir. Hreimur er á tölunni 9, sem við fáum út með því að leggja fæðingardag og ár við árið 2008 svo hann er að ljúka ýmsu í kringum sig og þó nokkrar breytingar eru búnar að eiga sér stað. Hann er að koma sér vel fyrir og byrja í nýju þriggja ára tímabili. Ef Hreimur ákveður eitthvað, þá getur jafnvel ekki guð fengið hann til að skipta um skoðun. Hann er búinn að hreinsa vel í kringum sig, nýtt upphaf er komið og það verða töluverðar breytingar næstu tólf mánuði varðandi heimilishald. Það kæmi mér ekki á óvart að árið 2009 yrði hann mun meira í umfjölluninni en hann hefur verið þetta ár, en hann kærir sig ekkert um heimsfrægð.



www.klingenberg.is

## 5 LEIÐIR TIL AÐ GERA FÖSTUDAG ÓGLEYMANLEGAN



Berglind Häsler söngkona hljómsveitarinnar Skakkamanage



1. Mæta edrú á útihátíð rétt fyrir miðnætti. Maður fær taugaáfall við að sjá allan þennan viðbjóð. Ég hef reynt þetta sjálf og húkkaði far strax aftur í bæinn. Það var dagur sem ég mun aldrei gleyma. Því miður.



2. Úða á mig góðum slurk af Old Spice og kíkja svo í kaffi til pabba. Þegar ég var lítil úðaði pabbi þessu á sig við öll tilefni og fyrir mig sem unga stúlku með næmt lyktarskyn var stundum erfitt að búa við þetta. Það væri gaman að borga honum í sömu mynt.



3. Fara með köttinn í bíltúr, opna rúðuna við Humarhúsið og loka henni strax aftur. Kötturinn minn fær stundum að fara á rúntinn með mér og þetta er skemmtileg leið til að stríða ketti eins og mínum.



4. Fara á Borgarfjörð eystri í góðu veðri. Ég var á Borgarfirði eystri um síðustu helgi á Bræðslutónleikum og þetta er einn fallegasti staður sem ég hef nokkurn tímann komið á. Þetta er alveg ótrúlegur staður og náttúrufegurðin mun seint gleymast.



5. Flytja út á land, þar eru allir dagar eins og föstudagar, að minnsta kosti til að byrja með. Úti á landi finnst manni eins og maður sé kominn í frí þegar maður er búinn að vinna því umhverfið er svo afslappað. Það er auðvitað frábært ef allir dagar eru eins og föstudagar.




## Fjármál




Viðskiptaáætlanir (business plans), fjármálaráðgjöf, rekstrarráðgjöf, áætlanagerð, stofnun fyrirtækja atoz@atoz.is s: 771 45 45

## Málarar




**Múrum og málum !**
**Tökum að okkur múr- og málningarvinnu, stór og smá verk. Örugg þjónusta, vanir menn vönduð vinna. Gerum verðtilboð þér að kostnaðarlausu. Upplýsingar gefur Sverrir s.661-7000**

Getum bætt við okkur verkefnum úti og inni. Tilboð eða tímavinna. Lítið mál ehf. S. 896 5758.

Óskum eftir góðum málurum. Góð laun í boði fyrir góða menn. Uppl. í s. 692 7622.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

Tökum að okkur alla búslóðaflutninga og aðra flutninga. Góð þjónusta. Erum með besta verðið. Uppl. í síma 899 2536 & 659 4403.

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir innsiglaðar í plasti á brettum. Starfað í 20 ár. Geymt í vöktuðu og upphituðu húsnæði. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar. www.buslodageymsla.iceware.net

**Búslóðaflutningar !**
Búslóða flutn., vörufl., píanó flutn. og & aukamenn ef óskað er. Hvert á land sem er. Stórir bílar s. 899 7188 & 692 7078. Millibílar s. 659 1047.

## Húsaviðhald




**Húsaviðhald!**
Þak- og utanhússklæðningar og allt húsaviðhald. Ragnar V. Sigurðsson ehf. S. 892 8647.

**Magnhús ehf**
Alhliða viðhald fasteigna, innan og utan. S. 847 6391 & 891 9890.

**Trésmíði**
Tek að mér allt almennt viðhald húsa, trésmíði og m.fl. S. 662 6092.

**Flísalagnir**
Tek að mér flísalagnir. Uppl. í s. 860 0286, Julian.

**Húsaviðgerðir og málun**
Málum þök, skiptum um bárujárn á þökum og smávægilegar múrviðgerðir og fl. Uppl. í s. 659 3598.

**Ryð og lekavarnir á þökum**
Við sérhæfum okkur í viðgerðum og málun á öllum stærðum og gerðum þaka. Kristján s. 694 9626.

## Tölvur

**Tölvuþjónusta**
Kem á staðinn. 11 ára reynsla. Microsoft vottun. Miðnet ehf. Ríkharður s. 615 2000.

## Nudd

Aðeins Heilnudd. Uppl. í s. 849 5247.

## Spádómar




**Englaljós til þín S. 908 5050 & 863 1987. Lára spámiðill**
**Er spennandi tími framundan? Hvað viltu vita um framtíðina? Andleg leiðsögn, fyrirbænir, trúnaður. Er við alla virka daga frá kl. 09-01 & helgar frá kl. 12-03.**
**Visa/Euro.**

Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Árspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

**Ólöf spámiðill**
Er á landinu. Leiðsögn, spádómar. Vantar þig hlustanda eða ráðgjöf. Spái í spil, tarrot o.fl. S. 901 5000 frá kl. 17-23, helgar 11-24. Geymið auglýsinguna

## Veisluþjónusta

**Stórar sem smáar veislur**
Tökum að okkur stórar sem smáar veislur, allt frá 10-200 manns. Þjónum mikið í heimahús. Veisluþjónustan LB Baldurshagi. Nánari upplýsingar í síma 567 2025 & 848 0185.

## Rafvirkjun




## Viðgerðir




Smávélaviðgerðir: Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, garðlýsing, jarðvegsþjöppur, dælur, kerrusmíði, Gokart þjónusta, keðjusagir, hekkklippur, rafstöðvar. Vélverk JS S. 554 0661. www.velaverkjs.is

## Önnur þjónusta




Tökum að okkur alla almenna jarðvegsvinnu. Erum með 16t hjólagröfu 3,5t gröfu með brotfleyg. Föst tilboð eða tímavinna. S. 894 0210 Guðmundur & 849 9571 Páll.

# KEYPT & SELT

## Útilegudót

Hústjald Sóló frá Ægi rúmar 6 manns til sölu, ásamt ýmsu útilegudóti. Sími 696 2193.

## Til sölu



**Stubbastandar**
Burt með sóðaskapinn!Utanhúss öskubakkar,bæði standar og á vegg. Standur ehf. S. 842 2535 stubbastandur@gmail.com

**Iðnaðar - saumavélar til sölu**
PFAFF hraðsaumavél með klippum og JUKI overlockvél 5 þráða til sölu. Vel með farnar. Sími: 847 8263 & 568 0288.

Á ýmsar stærðir af ísskápum á 8 og 10þ. Skápar á 5 þ. Bakaraofn á 5 þ. Þurrkari á 10þ. 28" TV á 10þ. Þvottavél á 10þ. Uppþvottavél á 10þ. Bílahátalarar á 5 þ. Ný rafmagnshjól á 22 þ. stelpuhjól á 10 þ. barnavagn á 5 þ. Kingsize rúm á 20 þ. Nýtt billiard borð á 10 þ. Hillusamstæða á 10 þ. S. 896 8568.

Til sölu leirbrennsluoft Potterý Crafts Limitits nýr, aldrei notaður. S. 690 8080.

## Hljóðfæri




**Dúndurtilboð!**
Þjóðlagagítar pakki frá kr. 9.900. Rafmagns Gítarpakki frá kr. 19.900. Bassag. pakki frá 29.900 kr. Trommusett frá kr. 49.900 með diskum. Gítarinn Stórhöfða 27. S. 552 2125 www.gitarinn.is

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Til bygginga

Mótaborð (dokar) 1.675 kr/m, mótabitar 1.185 kr/m, timbur 2x4 205 kr/m, allt verð m/vsk. Kíktu á ulfurinn.is eða s: 840 7273, Halldór

## Verslun












Icenative/Midnight1977 Verslun Strandgötu 25 Akureyri. Full búð af Goth vörum, fatnaði ,skarti og gjafavöru & fl . Opið um Versló til 20.00 http://www.midnight1977.com/



Waringblandarinn, hin upprunalega mulningsvél frá Ameríku. 2 ja hraða öflugur mótorinn. Fer létt með erfiðustu verk. Auðveldur í notkun og þrifum.Verð frá 27.900 Kaffifélagið, Skólavörðustíg 10



# Morgunstund gefur gull í mund

Hvernig væri að taka daginn snemma, njóta þess að fara út á morgnana og hreyfa sig í klukkutíma á launum?

Pósthúsið leitar að duglegu og morgunhressu fólki til að bera út blöð milli 6 og 7 virka daga, eða um helgar.

Nánari upplýsingar gefur dreifingardeild í síma 585 8330. Einnig er hægt að fylla út umsóknarform á **www.posthusid.is**

Pósthúsið er öflugt dreifingarfyrirtæki sem starfar á skemmtilegum og fjölbreyttum vettvangi. Pósthúsið dreifir blöðum og tímaritum 7 daga vikunnar, flesta daga ársins og sér að auki um vörudreifingu fyrir stærri sem smærri fyrirtæki.

Póst húsið
www.posthusid.is

Pósthúsið ehf, Suðurhraun 1, 210 Garðabær, s: 585 8300

## Ýmislegt



**BAKKMYNDAVÉL**
Bakkmyndavél í allar tegundir bíla, hjólhýsi hestakerrur ofl. Mjög auðveld í uppsetningu 3,5" litaskjár frábær vél á góðu verði MV heildsala ehf S. 897 2902 / netfang:mvehf@hive.is

# HEILSA

## Heilsuvörur

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Árangur með Herbalife í 28 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd



**Þægindi - Slökun - Vellíðan**
Þú átt það skilið. Kynningarverð. Nýr Still Langarima 21, 112 Reykjavík. S. 557 9009 nuddstolar.is

Whole body massage Telepone 846 4768.

Nudd nudd nudd heilnudd. Uppl. í s. 616 6469.

# HEIMILIÐ

## Húsgögn



**útsala! 50% afsláttur**
Einstök húsgögn til sölu, henta bæði úti og inni. Úthöggvin úr heilli trjárót. Opið alla daga. Uppl. í s. 861 4082.

Stórt hjónarúm selst ódýrt vegna flutninga. Einungis 30 þ. S. 695 1514 Daníel.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Gisting

Budget accommodation Hafnarfjörður for sleeping bag. Dorm 1.500 kr./p.day. Info 770 5451 & 770 5503.

## Fyrir veiðimenn

**Góðir Maðkar**
Laxa og silungs. Sími 695 2572

Veiðileyfi - Sjóbleikja Til sölu veiðileyfi í Fellsá, Kollafirði, Strandabyggð. Upplýsingar veitir Barbara Ósk í síma: 451-3343 og GSM 6634628

**Góðir maðkar**
Til sölu! Silungs og Laxa. Margra ára reynsla. S. 692 5133.

**Sjóbirtingur,Sjóbirtingur**
Eigum örfá óseld leyfir í ágúst og sept í Grenlæk. Nýtt og glæsilegt Veiðihús. Uppl www.kippur.is

Laxamaðkar til sölu. 40kr. stk. Fyrstir koma fyrstir fá. Uppl. í s. 562 5013 & 866 8112

## Ýmislegt

9 feta Billiard borð. Tré borð í góðu lagi, ýmsir fylgihlutir. Verð 190 þ. S. 695 1612.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

NOVOS
FASTEIGNAFÉLAG
Erum með flottar íbúðir til leigu núna strax í Keflavík og einnig einbýlishús í Grindavík.
Kíkið á heimasíðu okkar:
www.novos.is
eða hafið samband í síma 420 9515

Gistiheimili til langtíma leigu í Reykjavík & Hafnarfirði. Aðgangur að eldhúsi, baðherb., þvottav. og þurrkara, gervihnattasjónv. og interneti. Verð frá 45 þús, pr mán. Uppl. í s. 824 4530.

Glæný, björt, stórglæsileg 4 herb. 150 fm íbúð á efri hæð í Ásahverfi í Garðabæ til leigu. Lokuð bílageymsla, geymsla og aukageymsla fylgja. Verð eftir samkomulagi. Uppl. gefur Haukur í s. 849 7699.

3 herb. (75m2) íbúð v/Hringbraut Rvík til leigu í 1 ár frá 1.ágúst nk. 125þús á mán. Rafm/hiti innif. Ísskápur, eldhúsborð/stólar geta fylgt. Uppl. Steinunn, 822-0182.

Kjallara herbergi til leigu við Miklubraut. Laust strax. Uppl. í s. 861 4732.

Lítið herbergi í Kóp. inni í íbúð með aðgangi að öllu til leigu á 42þ. s. 8616034.

Er með 3 herb. íbúð til leigu í hverfi 101, steinhús, nýuppgert. Reglusemi og reykleysi skilyrði. Uppl. í s. 861 6841.

Til leigu 40 fm verslunarh. Þverholti 5, Mos. beint að götu. WC, vaskur, hægt að setja sturtu. Undir ýmisl. Laus. S. 893 8166 eða grensas@isl.is

Til leigu nýlegt raðhús 113 fm. 4ra herbergja í Hraunbæ 109 Reykjavík. Leiga pr. mán. 175þ. Trygging kr.525þ. Laust nú frá 1. n.k. S. 898 3420.

Herbergi ca. 17 fm. til leigu er laust, wc og sérinngangur. Uppl. í síma 696 2193.

2 herb íbúð með sérinngangi í einbýlishúsi í seljahverfi Rvk, íbúðin er björt og falleg. Verð 110 þús á mán með hita + rafm. Nánari uppl. í s. 694 2526.

**Lítið herbergi f/einn**
Til leigu lítið herb. á sv. 105. Með sameig. eldh. & baðh. Uppl. í s. 895 1441. e.kl 14.

Útsýnis íbúð í hjarta Fossvogsdalsins (200 Kóp). 4 herb. 86 fm. Verð 150 þús. Uppl. yfirdalinn@gmail.com

3-4 herb. íbúð til leigu í Seljahverfi. Erum líka með tvær lúxus íbúðir í Orlando til leigu. Uppl. í s. 820 0007.

Til leigu 50 fm. íbúð á svæði 110. Eingöngu reglusamir einstaklingar koma til greina. S. 899 4666.

## Húsnæði óskast

Ungur maður óskar eftir herbergi frá 1. ágúst. S. 663 8498 Einar.

Óska eftir 2 herbergja eða stúdío íbúð á höfuðborgasvæðinu. Skilvísum greiðslum heitið. S. 896 8568.

## Sumarbústaðir




Til sölu lóðir undir sumarhús á góðum stað í Grímsnesi ca. 75 km. frá Reykjavík. Uppl. í síma 8683592.www.lyngborgir

## Atvinnuhúsnæði

Óskum eftir meðleigjundum að iðnaðarhúsnæði á Skemmuvegi. 3.stæði í boði. Verð 40.þ. per stæði á mán. með hita og raf. S: Snorri 898 1052 & Knut 898 7847.

## Geymsluhúsnæði

Til leigu sér geymslubil 7, 10 og 17 m2, og bretti á 2900.- kr stk. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500. www.geymslaeitt.is

**geymslur.com**
Geymslur frá 5990.- kr á mán.Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) S. 555 3464

Búslóðageymsla Olivers, 100 kr. á dag fyrir Euro brettið. S. 567 4046 & 892 2074. www.buslodageymsla.iceware.net

Vantar þig geymsluhúsnæði undir tjaldvagna kr. 9 þ., fellihýsi 13 þ., húsbíla og hjólhýsi frá kr. 17 þ. allan veturinn. S. 892 4791, eftir kl. 20. Ólafsfirði.

## Bílskúr

Til leigu bílskúr í Hafnarfirði 25.000 á mánuði. Uppl. í síma 864 7272.

Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

# TIL SÖLU

**Náttúrulækningabúðin**
**www.ullogsilki.is**

**Brjóstagjafafatnaður í úrvali** Gott verð



Buxnaframlengingar 999 kr.
Brjóstahaldara-framlengingar 370 kr.
Gjafabrjóstahaldarar 3790-4990 kr.
Meðgöngunærbuxur, belti o.m.fl.

**Hlíðasmára 14 • 201 Kópavogur**
**Opið mán - fös 11-18 og lau 11 - 17**
**Sendum frítt um land allt**

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Employment agency seeks:**
Carpenters, general workers, electricians, ironbinders, plummers, masons, heavy duty drivers, paintors and more for the construction area.
- Proventus - Call Margrét 699 1060

Örlaga línan

**Örlagalínan**
Örlagalínan óskar eftir fólki til starfa á línunni. Einungis fólk með andlega tengingu og reynslu af andlegum málefnum koma til greina.
Fyrir nánari upplýsingar hringið í síma 863 8055 & bjork@nt.is

**Öryggisgæslan ehf.**
Óskar eftir starfsfólki í vaktavinnu á næturnar frá kl.23-08 alla daga. Umsóknir liggja frammi á skrifstofu okkar í Auðbrekku 6 - Kópavogi.
Skilyrði: Lágmarksaldur 18 ár - hreint sakavottorð - góð íslensku kunnátta.

**Hjá Jóa Fel Holtagarðar / Kringlan**
Óskum eftir að ráða hressar og duglegar manneskjur í afgreiðslu í bakaríið hjá Jóa Fel Holtagörðum og Kringlunni. Upplýsingar gefur Dóra í síma 861 2417 eða Unnur í síma 893 0076 einnig umsóknir á unnur@joifel.is

BISON
Vantar fólk í hlutastarf í Kringlunni og Smáralind. Upplýsingar í síma 663 1562.

**Atvinna í boði**
óskum eftir að ráða menn í húsaviðgerðir / múr og steypuvinnu, þurfa ekki að vera vanir.
Uppl. í s. 517 0117

panorama
restaurant

Panorama Veitingastaður, nýr,spennandi og glæsilegur staður óskar eftir flottu og duglegu starfsfólki.þjónum, barþjónum, aðstoðum í sal og aðstoðum í eldhús. Umsóknir sendist á fb@centerhotels.is

GK GLUGGAR
**Áhugaverð störf í boði**
Óskum eftir að ráða vana smiði eða laghenta menn/konur til starfa við framleiðslu á gluggum og hurðum.
**Umsóknir sendist til:**
gkgluggar@gkgluggar.is
Umsóknarfrestur er til **8. ágúst**
**Nánari upplýsingar:**
Hallgrímur 893-2045
Gyða 864-8084
www.gkgluggar.is Sími: 566-6787
Völuteigur, 270 Mosfellsbæ

JUST FOOD TO GO

Vegna mikilla anna vantar okkur starfsfólk. Laust starf í dagvinnu, og hlutastörf í kvöld-og helgarvinnu. Uppl. í s. 588 8588 & 699 2363, Stefán.

**HENDUR.IS**
Tugir starfa í boði á vefsíðu okkar.

We are looking for painters. Good salary for good people. Info tel: 692 7622.

Reglusaman starfsmann vantar í Gróðrarstöðina Lambhaga í Reykjavík. S. 895 4141.

Óskum eftir góðu og hressu starfsfólki í þjónustustarf. Umsóknir sendist á steakandplay@steakandplay.is

Rótari óskast til starfa strax. Upplýsingar í síma 770 5900.

## Atvinna óskast

**Vantar þig Smiði, múrara eða járnabindingamenn?**
Höfum á skrá menn sem að óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar.
Proventus starfsmannaþjónusta s. 661 7000.

**HENDUR.IS**
Auglýstu FRÍTT eftir starfskrafti á vefsíðu okkar.

2 smiðir óska eftir vinnu. Allt kemur til greina. Uppl. í s. 893 5908.

# TILKYNNINGAR

## Tilkynningar

AA fundur Hverfisgötu karla föstudag kl. 19:30 að Seljavegi 2 (Héðinshúsinu) Rvk. flytur frá og með 1. júní að Borgartúni 6. Minni á neyðarsíma deildarinnar 848 9931.

## Einkamál

**SÍMAÞJÓNUSTUR**
**Stefnumót**
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (frítt, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Spjall**
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535-9988 (kreditkort)
**Sögur**
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

**908 6666**
Við viljum vera sumardísirnar þínar í nótt. Opið allan sólarhringinn.

# FASTEIGNIR

**Eyjatún við Meðalfellsvatn**
270 Mosfellsbær
Öll skipti skoðuð....

Stærð: 117 fm
Fjöldi herbergja: 4
Byggingarár: 2007
Brunabótamat: 0
Bílskúr: Nei

RE/MAX Heimili & Skip

Opið Hús



**Opið hús alla verslunarmannahelgi, engin tímamörk!**
**Verð: 31.900.000**





RE/MAX Í REYKJANESBÆ 4-200-800 KYNNIR : Heilsárshús við Meðalfellsvatn í Kjós. ****Öll skipti skoðuð***** Húsin skiptast í eftirfarandi. Neðri hæð: geymsla, forstofa, hol,baðherbergi, tvö svefnherbergi, eldhús, sjónvarpsstofa. Efrihæð: hol, tvö svefnherbergi, arinstofa, tölvuafdrep/sjónvarpshol, yfirbyggðar svalir. Náttúrusteinn er á neðri hæð en eikarparket á efrihæð. Innihurðir eru fulningarhurðir úr furu. Loftaefni er furupanill og einangrun í loftum 8" steinull. Öll lýsing er halogen úti og inni. Húsin eru á steyptum sökklum með steyptri gólfplötu og hiti er í gólfi. Húsin eru á tveimur hæðum, lofthæð niðri 250cm og uppi frá 60cm upp í 300cm en gólfflötur beggja jæða er 153m2 (nýtingarhlutfall 117m2). Fyrir framan er 90fm2 sólpallur og á efri hæð er 25m2 yfirbyggðar svalir með glæsilegu útsýni yfir Meðalfellsvatn! (og Snæfellsjökul) Lóðirnar eru 2852m2 (Eyjatún 7) og 2568m2 (Eyjatún 5) og eru leigulóðir með forkaupsréttarákvæði. Húsin eru teiknuð af AGIS teiknistofu. Fallegar hvítar háglans innréttingar á baði og eldhúsi.



Sigurður
Sölufulltrúi
693 2080
siggi@remax.is



Þröstur Ástþórsson
Lögg. fasteignasali
4200800
tab@remax.is

**RE/MAX Heimili & Skip - Hafnargata 54 - 230 Reykjanesbær - Sími: 4200800 - www.remax.is**

Skipulags stofnun

## Mat á umhverfisáhrifum

### - Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmda

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að eftirtaldar framkvæmdir skulu ekki háðar mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

**Breyting á Lagarfosslínu, milli Eyvindarár og Tókastaða, Fljótsdalshéraði.**

**Hellisheiðarvirkjun, bygging á nýju stöðvarhúsi fyrir vélar 5 og 6, Sveitarfélaginu Ölfus.**

**Vegur úr Eysteinsdal að Snæfellsjökli og lagfæring tengingar yfir á Jökulhálsveg, Snæfellsbæ.**

Ákvarðanirnar liggja frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Þær er einnig að finna á heimasíðu Skipulagsstofnunar: **www.skipulag.is.**

Ákvörðun Skipulagsstofnunar má kæra til umhverfisráðherra og er kærufrestur til **2. september 2008.**

**Skipulagsstofnun**

## Íslandshreyfingin – lifandi land

Aðalfundur Íslandshreyfingarinnar verður haldinn fimmtudaginn 14. ágúst á Kornhlöðuloftinu, Lækjarbrekku kl. 20.

Dagskrá
- Ávarp formanns, Ómars Ragnarssonar
- Lög félagsins
- Reikningar félagsins
- Stjórnarkjör
- Önnur mál

**Stjórnin.**

Framboð til stjórnar skal tilkynna í síðasta lagi viku fyrir aðalfund. Einungis þeir sem hafa verið skráðir í félagið að lágmarki í réttan mánuð fyrir aðalfund hafa **framboðs- og atkvæðisrétt** á aðalfund-inum.

„...fyrst á visir.is“



vísir.is
...ég sá það á visir.is

# VANTAR ÞIG

## SMIÐI, MÚRARA, JÁRNABINDINGAMENN, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?

Höfum á skrá fólk sem óskar eftir mikilli vinnu.
Getur hafið störf nú þegar.

**Proventus starfsmannaþjónusta s. 661 7000**

Háskólinn á Bifröst býður upp á grunn- og meistaranám í þremur háskóladeildum; viðskiptadeild, lagadeild og félagsvísindadeild. Auk þess er starfrækt frumgreinadeild, sem er eins árs undirbúningur fyrir nám í háskóladeildunum, og símenntunardeild. Nemendur eru um 1100 talsins, bæði í fjar- og staðnámi. Við náms- og starfsráðgjöf skólans starfa tveir ráðgjafar.

# Laus staða náms- og starfsráðgjafa eða sálfræðings

### HELSTU VERKEFNI
- Náms- og starfsráðgjöf fyrir nemendur skólans og væntanlega nemendur
- Ráðgjöf vegna persónulegra örðugleika
- Námskeiðahald um starfsval og atvinnuleit fyrir útskriftarnema
- Umsjón með Framatorginu – atvinnuþjónustu háskólans
- Þátttaka í áætlanagerð og þróunarverkefnum

### HÆFNISKRÖFUR
- Háskólamenntun í náms- og starfsráðgjöf og/eða sálfræði, meistaragráða eða sambærileg framhaldsmenntun áskilin
- Reynsla af ráðgjöf fyrir fullorðna
- Reynsla af námskeiðahaldi
- Góð samstarfsfærni
- Sjálfstæði og frumkvæði í starfi
- Skipulögð og fagleg vinnubrögð

Um 80% stöðu er að ræða og þarf viðkomandi að geta hafið störf sem fyrst. Vinnutími er sveigjanlegur og góð laun eru í boði.
Möguleiki er á húsnæði á staðnum.

**UMSÓKNARFRESTUR ER TIL 10. ÁGÚST**

WWW.BIFRÖST.IS

ENNEMM / SÍA / NM34777

Nánari upplýsingar veitir Ragnheiður Bóasdóttir, náms- og starfsráðgjafi við skólann, sími 433 3000 eða ragnheidur@bifrost.is.

FRUMGREINADEILD
VIÐSKIPTADEILD
LAGADEILD
FÉLAGSVÍSINDADEILD

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY



1908 2008
Hafnarfjörður hundrað ára

## Fræðslusvið Hafnarfjarðar
## Lausar stöður í leikskólum

**Hlíðarberg**
(565 0556 hlidarberg@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennara og/eða starfsfólk með aðra uppeldismenntun
Aðstoð í eldhús e. hádegi

**Hlíðarendi**
(555 1440 hlidarendi@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennarar

**Hraunvallaskóli**
(664 5835 sigrunk@hraunvallaskoli.is)
Þroskaþjálfi
Leikskólakennara/starfsfólk með aðra uppeldismenntun

**Hvammur**
(664 5885 hvammur@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennarar frá hausti
Aðstoð í eldhús nú þegar

**Hörðuvellir**
( 555 0721 horduvellir@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennari frá 1. sept.

**Norðurberg**
(555 3484 nordurberg@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennarar

**Stekkjarás**
(517 5920/664 5862 stekkjaras@hafnarfjordur.is)
Deildarstjóri
Leikskólakennarar og/eða starfsfólk með aðra uppeldismenntun.
Aðstoð í eldhús

**Tjarnarás**
(565 9710 tjarnaras@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennarar eða annað uppeldismenntað starfsfólk
Aðstoð í eldhús

**Vesturkot**
(565 0220 vesturkot@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennarar og/eða starfsfólk með aðra uppeldismenntun (frá hausti 2008)

Allar upplýsingar um störfin gefa skólastjórar viðkomandi skóla.

Sjá nánar á heimasíðum skólanna.
Karlar jafnt sem konur eru hvattir til að sækja um störfin.

Fræðslustjórinn í Hafnarfirði

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐAR SÍMI 585 5500
WWW.HAFNARFJORDUR.IS

1908 2008
Hafnarfjörður hundrað ára

## Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar
## Lausar stöður í grunnskólum skólaárið 2008-2009

**Áslandsskóli**
(664-5501 leifur@aslandsskoli.is)
Umsjónarkennari á yngsta stigi
Verkefnastj. v/fæðingarorlofs aðstoðarskólastjóra
Forstöðumaður heilsdagsskóla
Skólaliði

**Engidalsskóli**
(664-5867 audur@engidalsskoli.is)
Umsjónarkennari á yngsta stigi

**Hraunvallaskóli**
(664-5874 agusta@hraunvallaskoli.is;sigrunk@hraunvallaskoli.is)
Umsjónarkennari á yngsta stigi
Umsjónarkennari á miðstigi
Þroskaþjálfi
Skólaliðar
Stuðningsfulltrúi
Leikskólakennarar

**Hvaleyrarskóli**
( 664-5893 helgi@hvaleyrarskoli.is)
Náttúrufræðikennsla á unglingstigi
Skólaliði

**Lækjarskóli**
(664-5877 haraldur@laekjarskoli.is)
Umsjónarkennari á miðstigi

**Setbergsskóli**
(664-5880 maria@setbergsskoli.is)
Kennari/þroskaþjálfi í sérúrræði vegna einhverfra nemenda
Skólaliðar

**Víðistaðaskóli**
(664-5891/664-5890 annakr@vidistadaskoli.is)
Umsjónarkennari á miðstigi
Tónmennt
Sérkennsla
Matráður í mötuneyti starfsmanna
Stuðningsfulltrúi
Skólaliði

**Öldutúnsskóli**
(664-5896 herla@oldutunsskoli.is)
Umsjónarkennari á yngsta stigi
Umsjónarkennari á miðstigi
Íslenska og náttúrufræði á unglingastigi
Kennari/eða þroskaþjálfi í sérdeild
Námsráðgjafi

Allar upplýsingar um störfin gefa skólastjórnendur viðkomandi skóla.
Sjá nánar á www.hafnarfjordur.is/fraedslumal/grunnskolar
Karlar jafnt sem konur eru hvattir til að sækja um störfin.

Fræðslustjórinn í Hafnarfirði

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐAR SÍMI 585 5500
WWW.HAFNARFJORDUR.IS

Auglýsingasími
512 50 50




– Mest lesið

# Fjármagnstekjuskattur

**UMRÆÐAN**

Grímur Atlason skrifar um skatta



GRÍMUR ATLASON

Nú er álagning ársins 2007 ljós. Við síðasta uppgjör varð talsvert fár vegna fjármagnstekjuskatts og hlutdeildarleysis sveitarfélaganna í skattinum. Undirritaður benti á þá staðreynd að fjölmargir einstaklingar hefðu þorra tekna sinna af fjármagnstekjum og eins og kerfið er sett upp greiddu þeir skatta til ríkisins en ekki sveitarfélagsins. Þetta eru ósanngjörn býtti. Flestir eru sammála um að svo sé utan fjármálaráðherra og nokkurra kvótagreifa sem misskildu málflutning minn og tóku hann persónulega. Fjármagnseigendur borga skatta eins og aðrir – hann rennur því miður bara í eina átt; til ríkisins.

## Hallar á sveitarfélög

Í samantekt fjármálaráðuneytisins kemur eftirfarandi fram um fjármagnstekjuskatt ársins 2007:

*Álagður fjármagnstekjuskattur einstaklinga nemur 25,3 milljörðum króna og hækkar um tæplega 55% milli ára. Greiðendur fjármagnstekjuskatts eru tæplega 99 þúsund og fjölgar um rúmlega 6% milli ára. Söluhagnaður skýrir 58% af skattstofni fjármagnstekjuskatts en arður og vaxtatekjur tæpan fimmtung hvor liður. Hlutur fjármagnstekjuskatts af tekjusköttum einstaklinga til ríkissjóðs jókst verulega og nam 22,6% en hlutfallið var 16,6% í fyrra.*

Þessar tölur lýsa því í rauninni hve ósanngjörn þessi skattheimta er sveitarfélögunum í landinu. Hlutfall fjármagnstekjuskatts af tekjusköttum einstaklinga hækkar um 34,5% á milli ára. 25,3 milljarðar renna óskiptir til ríkisins. Ef hlutdeild sveitarfélaganna væri eins og af venjulegum launatekjum fengju þau 9,1 milljarð í sinn hlut. Það er undarlegt hve stjórnvöld taka fálega í hugmyndir um hlutdeild sveitarfélaganna í þessum skatti. Rök um að þessi skattur sveiflist á milli ára breytir þar engu. Skattar eru í eðli sínu breytilegir. Hverju breytir það þótt upphæð næsta árs verði aðeins helmingur af upphæð þessa árs vegna efnahagsástands – þá er bara minna til skiptanna.

Rök ráðamanna, og þá fjármálaráðherra sérstaklega, að flókið sé að deila þessum skatti út til sveitarfélaganna halda ekki vatni. Jöfnunarsjóður yrði notaður sem tæki og úthlutunarreglur mótaðar sem tækju mið af stærð og stöðu sveitarfélaganna. Nú er komið að stjórnvöldum að taka skref í samskiptum sínum við sveitarfélögin. Síðustu ár hafa að mestu snúist um tæknileg atriði í samskiptum ríkis og sveitarfélaga og á meðan aukast tekjustofnar ríkisins á kostnað sveitarfélaganna. Þessu verður að breyta.

## Útsvar

Þróun byggðar á Íslandi hefur verið í átt að stóru borgríki. Frá aldamótunum þarsíðustu hefur íbúatala höfuðborgarsvæðisins þrjátíufaldast. Hér er að mörgu leyti um eðlilega þróun að ræða en stjórnvöld á hverjum tíma hafa þó jafnan ýtt undir búferlaflutningana og styrkt stöðu borgríkisins á kostnað landsbyggðarinnar. Kvótakerfið og það arðrán sem það stuðlaði að hefur síðan ýtt enn frekar á þessa þróun. Þrátt fyrir þetta eru átthagatengslin sterk á Íslandi og kynslóð á mölinni segist gjarnan vera utan af landi þegar spurningin „hverra manna ertu?“ er borin upp.

Undanfarin ár hefur orðið nokkur breyting á búsetu landsmanna. Hugsanlega er það átthagaástin sem togar í. Fólk hefur í auknum mæli valið sér tvöfalda búsetu. Jarðir og hús í þorpum hafa þannig orðið að heimili einstaklinga stóran hluta ársins sem ekki eru með lögheimili í viðkomandi sveitarfélagi. Það er í sjálfu sér ekkert athugavert við þetta ef ekki væri fyrir tekjumissi sveitarfélagsins sem verður búsetukostur þessara einstaklinga númer tvö. Önnur neikvæð áhrif er að skortur verður á íbúðarhúsnæði í mörgum sveitarfélögum sem eru á köldum hagsvæðum. Nýliðun í bændastétt er lítil sem engin enda nær ógjörningur að leigja að kaupa jörð undir búskap – frístundabyggðin hefur tekið yfir.

Það er sjálfsögð krafa sveitarfélaganna í landinu að hægt verði að taka upp tvöfalda búsetu. Hér er um kröfu nútímans að ræða og hrein mannréttindi þeirra einstaklinga sem njóta þjónustu úti um allt land. Sveitarfélögin eiga að sameinast í baráttunni um að ná þessu fram auk hlutdeildar í fjármagnstekjuskattinum.

*Höfundur er sveitarstjóri Dalabyggðar.*

**BRÉF TIL BLAÐSINS**

## Íslenskur draumur

**Albert Einarsson skrifar:**

Ég las með athygli umræðupistil Ögmundar Jónassonar alþingismanns 2. júlí. Látlaust og hnitmiðað. EES til óþurftar. Meginspurning Ögmundar er: „Hvað ætlum við að ganga langt í því að láta aðild okkar að hinu Evrópska efnahagssvæði brjóta niður allt sem heitir samfélag?“

Án þess að taka afstöðu til EES sýnist mér spurningin ætti heldur að hljóða: Hvað hafa Íslendingar gengið langt í að brjóta niður allt sem heitir samfélag? Kannski veit Ögmundur betur en ég um hvaða öfl stóðu að mestu einkavæðingu sögunnar og þeirri gjörbreytingu á samfélaginu sem orðið hefur á sl. 15-20 árum. Liggur aðildin að EES hér að baki?

Um það er ekki deilt að einkavæðingin leysti úr læðingi ótrúlegt frumkvæði og orku til viðskipta. „Útrásin“ hefur á yfirborðinu verið miklu meira áberandi en „EES-aðildarinnrásin“ þó hún hafi leitt til þess að Ísland sé í verki betur aðlagað að ESB en mörg aðildarlandanna.

Þar sem ég sit hér hinum megin við pollinn í stóra EES-landinu Noregi og geri samanburð á samfélaginu í löndunum tveimur verður niðurstaðan auðvitað sú að það hafa gerst stærri breytingar á Íslandi en í Noregi. Bæði löndin fylgjast að í EES og eru álíka aðlöguð að ESB. Munurinn liggur í því sem gerist óháð aðild að EES. Þar hafa Íslendingar farið hratt, spennt bogann og gert grundvallarbreytingar á efnahagsstoðum samfélagsins. Norðmenn fara sér fremur hægt, taka minni skref og breytingar á efnahagsstoðunum taka lengri tíma. Það hafa fá ef nokkur lönd í Evrópu farið í gegn um svo miklar breytingar á efnahagskerfinu á svo stuttum tíma eins og Ísland hefur gert. Að baki þessu liggur „íslenskur draumur“, sem hefur ekkert með aðildina að EES að gera.



**YVES SAINT LAURENT HEFÐI ORÐIÐ 72 ÁRA Í DAG**

*„Í áranna rás hef ég lært að það mikilvægasta við kjól er konan sem klæðist honum.“*

***Yves Saint Laurent er einn allra þekktasti tískuhönnuður 20. aldarinnar. Hann lést á þessu ári, 71 árs að aldri.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 1. ÁGÚST 1981

## *Sjónvarpið sigrar útvarpsstjörnuna*




Þennan dag, 1. ágúst, árið 1981 hóf tónlistar-sjónvarpsstöðin MTV útsendingar í Bandaríkjunum. Reyndar náðu einungis nokkur þúsund manns stöðinni í norðanverðu New Jersey-fylki, en boltinn var byrjaður að rúlla.
Upphaflega átti sjónvarpsstöðin einungis að sýna myndbönd undir stjórn „myndbandssnúða“ (VJ's).
Reynt hafði verið að búa til ýmsar „útvarps-sjónvarpsstöðvar“ fyrir tíma MTV en þær náðu aldrei fótfestu. MTV náði hinsvegar fljótlega miklu áhorfi og var í raun brautryðjandi á sviði þeirrar sjónvæðingar sem tónlistariðnaðurinn hefur gengið í gegnum.

Fyrsta lagið sem MTV spilaði var auðvitað „Video Killed The Radio Star“ eða „Myndbandið drap útvarpsstjörnuna“, með Buggles. Næsta lagið var „You better run“ með Pat Benatar. Eftir það varð allt svart á sjónvarpsskjánum því starfsmaður stöðvarinnar setti fyrir slysni kassettu í myndbandstæki.
MTV hefur átt sinn þátt í að búa til stjörnur og ber þar helst að nefna Madonnu og auðvitað Michael Jackson. Reyndar vildu forsvarsmenn MTV ekki spila lög hans til að byrja með vegna litarhafts hans. Þá hótaði útgefandi Jacksons að fara með málið í fjölmiðla og MTV byrjaði að spila „Billie Jean“.

### MERKISATBURÐIR

1774 Frumefnið súrefni er uppgötvað í þriðja og síðasta sinn.
1874 Stjórnarskrá Íslands tekur gildi. Stofnað var sérstakt stjórnarráð fyrir Ísland í Kaupmannahöfn.
1897 Oddfellowreglan á Íslandi er stofnuð. Hún leggur áherslu á bræðralag og samhjálp.
1914 Þýskaland lýsir yfir stríði á hendur Sovétríkjunum í fyrri heimsstyrjöldinni.
1935 Talsímasamband frá Íslandi við útlönd kemst á.
1936 Ólympíuleikarnir í Berlín eru settir.
1944 Anna Frank færir síðustu færsluna í dagbók sína eftir að hafa falið sig fyrir nasistum svo mánuðum skipti.



**DEILDARMYRKVI** verður í Reykjavík á föstudag frá klukkan 8.15 til 10.09. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

## Sólskoðun á Austurvelli

Á föstudagsmorgun mun deildarmyrkvi á sólu vera sýnilegur á Íslandi og ætlar Stjörnuskoðunarfélag Seltjarnarness að efna til sólskoðunar af því tilefni, ef veður leyfir.
Skoðunin mun fara fram á Austurvelli og gefst fólki þannig tækifæri til að skoða myrkvann í gegnum öruggan búnað, en hættulegt er að horfa beint í sólina. Enn fremur býðst forvitnum að skoða sólgos og fræðast betur um sólina.
Í deildarmyrkva fer tunglið að hluta til fyrir sólu frá okkur séð. Við það myndast eins og sigð í sólina í skamman tíma. Deildarmyrkvinn á að hefjast í Reykjavík klukkan 8.15 og ljúka klukkan 10.09. Hann verður mestur klukkan 9.11 og mun tunglið þá skyggja á 59 prósent sólarinnar.

-mþþ



## 70 ára afmæli

**Guðrún Edda Júlíusdóttir**
Furugrund 38, Akranesi,
er sjötug sunnudaginn 3. ágúst.
Á þeim merku tímamótum tekur Edda á móti gestum í félagsheimilinu Miðgarði, Innri-Akraneshreppi, milli kl. 15-18 sunnudag

†

*Okkar ástkæra vinkona og systir,*

**Guðrún Valdimarsdóttir**
frá Sóleyjarbakka, Hrunamannahreppi,

lést þann 21. júlí á Droplaugarstöðum.
Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Sóley Valdimarsdóttir**
**Erna Kristín Ernudóttir**
**Erna Gréta Garðarsdóttir**



†

**Birna Jónsdóttir**
Freyjugötu, 13 Sauðárkróki,

andaðist á Heilbrigðisstofnuninni á Sauðárkróki 28. júlí síðastliðinn. Útförin fer fram frá Sauðárkrókskirkju laugardaginn 2. ágúst klukkan 14.

**Börn, aðrir afkomendur og tengdabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**




**GUÐMUNDUR** á eftir að sakna Langa-Manga en segir að tími hafi verið kominn til að breyta til. MYND/HALLDÓR SVEINBJÖRNSSON, BÆJARINS BESTU

KAFFIHÚSIÐ LANGI MANGI: HÆTTIR STARFSEMI Í DAG

# Tónlist, menning og matur

Kaffihúsinu Langi-Mangi, sem er í miðbæ Ísafjarðar, verður lokað í dag eftir fimm ára blómlega starfsemi.
Sérstök kveðjuvika var haldin í tilefni af tímamótunum og var mikið lagt í dagskrá hennar. Uppákomur voru haldnar daglega en þeim lauk í gær með hinni vinsælu spurningakeppni Drekktu betur.
Guðmundur Hjaltason eigandi staðarins segist kveðja staðinn með söknuði en að það hafi verið kominn tími fyrir sig að breyta til. „Kaffihúsarekstur er lýjandi starf en söknuðurinn verður mikill. Ég var vanur að mæta á kaffihúsið klukkan tíu á morgnana og byrja að elda. Ég var svo yfirleitt á fullu fram að lokun. Um helgar spilaði ég líka stundum á staðnum því ég er trúbador. Ég hef ekki enn ákveðið hvað tekur við hjá mér en ég er að hugsa um að byrja á því að leggja mig,“ segir Guðmundur og hlær.
Langi Mangi opnaði í byrjun árs 2003 og varð strax mjög vinsæll, en Guðmundur tók við rekstrinum haustið 2005. Staðurinn var allt í senn skemmtistaður, matsölustaður, menningarmiðstöð og kaffihús. Alla virka daga var boðið upp á heitan mat. Yfir daginn var staðurinn kaffihús og samkomustaður fyrir unga sem aldna. Á kvöldin og um helgar var svo nóg um að vera.
„Á hverjum fimmtudegi var haldin spurningakeppnin Drekktu betur og hefur hún verið haldin óslitin frá opnun, fyrir utan aðfangadag, jóladag og gamlársdag. Um helgar vorum við alltaf með lifandi tónlist og reglulega voru hér málverkasýningar, ljóðakvöld og tónleikar,“ segir Guðmundur.
Upphafleg áform voru að selja staðinn en það hefur ekki gengið eftir og því lokar hann. „Margir hafa sýnt staðnum áhuga en eins og staðan er í þjóðfélaginu er fólk tregt til að taka áhættu,“ útskýrir Guðmundur.
Staðurinn var alla tíð vel sóttur en að sögn Guðmundar voru það ekki bara heimamenn sem stunduðu staðinn heldur var ætíð mikill straumur af erlendum ferðamönnum.
„Þessi tími er búinn að vera mjög skemmtilegur og mig langar að þakka öllum þeim sem hafa komið til okkar kærlega fyrir,“ segir Guðmundur.

**klara@frettabladid.is**

**NAFNIÐ MITT:** MJÖLL HÓLM

## *Tvær með sama nafn*



Mjöll Hólm söngkona segir að þegar hún hafi verið lítil hafi hún líklega verið sú eina sem bar þetta nafn.
„Ég var alltaf mjög meðvituð um nafnið mitt en svo komst ég að því að það var til ein önnur Mjöll á landinu og þá varð ég stolt af nafninu mínu.“
Hún segir að henni hafi ekki verið strítt en að fólk hafi oft hváð þegar hún sagði þeim nafn sitt, enda óalgengt nafn á þeim tíma.
„Í dag er nafnið orðið mun algengara en er oftar notað með öðrum nöfnum frekar en eitt og sér,“ segir Mjöll.
Mjöll segist ekki vera skírð í höfuðið á neinum. „Það var vinur hennar mömmu sem stakk upp á þessu nafni þegar hann sá mig fyrst. Ekki það að ég hafi verið svona föl heldur var hann einfaldlega með þetta nafn í huga.“
Erlendis lendir Mjöll í stökustu vandræðum með nafnið sitt. „Það getur aldrei neinn sagt nafnið, það liggur við að ég segist bara heita eitthvað allt annað þegar ég þarf að kynna mig fyrir útlendingum því það tekur svo langan tíma að útskýra hvernig bera á nafnið mitt fram,“ segir hún og hlær.




512 5100 | STOD2SPORT.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000




## STUÐ MILLI STRÍÐA Fimm stjörnu hótel

**HELGA ÞÓREY JÓNSDÓTTIR** PLEBBAST EKKI Á HÁLENDINU



Þegar ég reika um lendur internetsins gerist ég stundum svo heppin að rekast á það sem ég kalla óvefengjanlega ritsnilli. Um daginn rak ég augun í færslu þar sem bent var á að á Íslandi væru engin fimm stjörnu hótel eða resort. Þetta þótti mér afar merkilegt að lesa. Þvílík hneisa! Ekkert fimm stjörnu hótel! Ég get svo svarið það að ef það væru ekki fimm stjörnu hótel í París og New York þá myndi ég aldrei nenna að fara þangað. Ég ferðast nefnilega aðeins til þess að geta gist á góðum hótelum.

Fimm stjörnu hótel skipta miklu meira máli en einhver lási ferðafélagsskúr uppi á fjalli. Þau eru tákn um velmegun okkar og hugvit. Mér finnst það hræðileg afdalamennska að láta sér detta það í hug að fólk vilji synda í drullupollum eins og Landmannalaugum þegar það gæti verið á alvöru resorti eins og í útlöndum. Það þyrfti ekki að kosta svo mikið að fara. Kannski hundraðþúsundkall fyrir helgina með öllu. Það væri vel sloppið, að minnsta kosti fyrir meðallaunafólk.

Svo er náttúrulega ótækt að ef fólk vill sjá hálendið að þá verði það að búa í jöklatjöldum og kuldaþolnum svefnpokum. Það eyðileggur einhvern veginn stemminguna að þurfa að sofa svona á jörðinni. Maður getur ekki einu sinni verið í venjulegum fötum.

Þá kýs ég heldur sæluna hér í Reykjavík þar sem hægt er að keyra hvert sem mann lystir án þess að þurfa að stoppa fyrir einhverju bakpokapakki. Hér er líka hægt að fá mannsæmandi mat á góðu verði. Ég mæli með Thorvaldsen á Austurvelli. Þar er hægt að fá þrjár sneiðar af mozzarella og þrjár af tómati á tólfhundruðkall.

Það vantar líka fleiri hótel í Reykjavík. Til dæmis niðri í miðbæ. Þar væri hægt að rífa nokkur kaffihús eða aðra staði til mannamóta og byggja fleiri hótel. Rífa hús til að byggja hótel fyrir fólk sem kom til að sjá mannlífið í húsinu sem var rifið.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# 40 POTTÞÉTT LÖG




**PLATA 1**

1. **Sálin hans Jóns míns**
   Gott að vera til 3:41
2. **Simon Mathew**
   All Night Long 2:54
3. **Maria**
   Hold On Be Strong 3:04
4. **Amy Macdonald**
   Run 3:50
5. **OneRepublic**
   Stop And Stare 3:43
6. **MGMT**
   Time To Pretend 4:21
7. **Daughtry**
   What About Now 4:10
8. **Duffy**
   Warwick Avenue 3:47
9. **Haffi Haff**
   Bin Laden 4:04
10. **Hjálmar**
    Þá mun vorið vaxa 3:59
11. **Bubbi**
    Fjórir naglar 3:13
12. **Sniglabandið**
    Plógstúlkan 3:45
13. **Land og synir**
    Brim og boðaföll 3:46
14. **Sverrir Bergmann**
    Wrong Side Of The Sun 4:18
15. **Gavin DeGraw**
    In Love With A Girl 3:27
16. **Jordin Sparks**
    Tattoo 3:53
17. **3 Doors Down**
    It's Not My Time 3:59
18. **Toggi**
    Wonderful 3:18
19. **Sam Sparro**
    Black And Gold 4:35
20. **Natasha Bedingfield**
    Pocketful Of Sunshine 3:22




**PLATA 2**

1. **Páll Óskar**
   Sama hvar þú ert 4:41
2. **September**
   Cry For You 2:49
3. **Mariah Carey**
   Touch My Body 3:27
4. **Rihanna**
   Take A Bow 3:50
5. **Ne-Yo**
   Closer 3:58
6. **Chris Brown**
   Forever 4:38
7. **Rehab**
   Sittin' At A Bar 3:50
8. **Hjaltalín**
   Þú komst við hjartað í mér 4:09
9. **Nýdönsk**
   Náttúran 4:36
10. **Gabriella Cilmi**
    Sweet About Me 3:23
11. **John Mayer**
    Say 3:50
12. **James Blunt**
    Carry You Home 3:49
13. **Buff**
    Í gær 4:55
14. **Múgsefjun**
    Lauslát 4:04
15. **Lil Wayne**
    Lollipop 4:10
16. **Usher feat. Young Jeezy**
    Love In This Club 4:23
17. **Britney Spears**
    Break The Ice 3:16
18. **Sébastian Tellier**
    Divine 2:54
19. **Baggalútur**
    Kósíkvöld í kvöld 3:40
20. **BMV**
    Runaway 3:35

## KOMIN Í VERSLANIR!

sena
okkar heimur // þín skemmtun




**!**

## Kl. 20

*Blandaður kór frá bænum Pori í Finnlandi kemur fram á tónleikum í Norræna húsinu í kvöld kl. 20. Á efnisskrá kórsins eru finnsk þjóðlög, valsar, finnskir tangóar og söngvar frá Svíþjóð og Finnlandi. Stjórnandi kórsins er Leelo Lipping fiðluleikari. Aðgangur að tónleikunum er ókeypis og öllum opinn og er því hér á ferð tilvalin skemmtun fyrir alla söngunnendur.*

# menning

menning@frettabladid.is

# *Laukvik með tvenna tónleika*



Hinn virti orgelleikari og -kennari Jon Laukvik er gestur Alþjóðlegs orgelsumars í Hallgrímskirkju um verslunarmannahelgina. Það vakti athygli í orgelheiminum þegar hann, einungis 28 ára gamall, var ráðinn prófessor í orgelleik við Listaháskólann í Stuttgart. Þar hefur hann kennt síðan og frá árinu 2001 hefur hann einnig verið prófessor við tónlistarháskólann í Ósló. Þetta er í þriðja sinn sem Laukvik kemur fram á tónleikum í Hallgrímskirkju en tónleikarnir verða á morgun kl. 12 og á sunnudagskvöld kl. 20.

Á efnisskrá Laukviks á hádegistónleikunum á laugardag eru fyrst fjórir þættir úr Les Indes galantes sem er óperuballet eftir franska barokktónskáldið Jean-Philippe Rameau en Rameau umritaði sjálfur þessa þætti fyrir sembal. Þá leikur Laukvik allegro maestoso-kaflann úr Konsert eftir þýska 19. aldar tónskáldið Christian Heinrich Rinck og tónleikunum lýkur með 4. og 5. kafla úr 3. orgelsinfóníu Louis Vierne.

Tónleikar sunnudagskvöldsins hefjast einnig á verki eftir Jean-Philippe Rameau en á eftir því leikur Jon Laukvik Floeten-Concert í F-dúr eftir Christian Heinrich Rinck. Það mætti halda að þetta væri umritun á konsert fyrir flautu og hljómsveit en svo er ekki. Rinck skrifaði aðallega fyrir orgelið og með þessu verki vildi hann sýna hvað það gæti sem konserthljóðfæri.

Jon Laukvik hefur einnig samið töluvert fyrir orgel og á þessum tónleikum flytur hann verk sitt Triptychon sem hann skrifaði á árunum 1974-8 og er verkið undir áhrifum nýrra strauma í franskri orgelhefð og spuna. Eftir Robert Schumann leikur hann Fjórar skissur frá 1845 og tónleikunum lýkur síðan á 4. og 5. kafla úr 3. orgelsinfóníu eftir hinn blinda organista Frúarkirkju í París, Louis Vierne.

- vþ

## NÝJAR BÆKUR



Með stein í skónum er nýtt smásagnasafn eftir Ara Kr. Sæmundsen. Í safninu eru þrettán smásögur sem segja meðal annars frá misheppnuðu bankaráni, hremmingum við girðingavinnu og dreng sem þráir bjúgu í jólamatinn af því honum þykja rjúpur vondar. Salka gefur út.




Villibörn, ný skáldsaga eftir Björn Þorláksson er komin út á forlagi Tinda. Þar er tekist á við eina stærstu spurningu samtíma okkar, segir í fréttatilkynningu útgáfunnar: fólk í sveit sem stendur frammi fyrir nýjum tækifærum. Björn hefur áður gefið út þrjár bækur.




Út er komin þýðing Orra Harðarsonar á sjálfævisögu Erics Clapton sem kom út í fyrra og vakti þá mikla athygli fyrir opinskáa lýsingu á einkahögum gítarsnillingsins sem hingað kemur síðar í mánuðinum og leikur hér. Fjölvi gefur út. Clapton rekur feril sinn frá bernsku, og segir meðal annars frá hinum óvenjulegu aðstæðum þeirra mæðgina. Ævisagan spannar allan feril hans til okkar daga og er um leið krufning á lifnaðarháttum helstu poppara okkar tíma.




Bókin Ferð um himingeiminn er komin út. Í henni er að finna stórar og glæsilegar myndir sem sýna sjónarspil alheimsins í allri sinni dýrð. Myndunum fylgja síðan stuttir en innihaldsríkir skýringartextar. Höfundur bókarinnar er danski stjörnufræðingurinn Jan Teuber. Þýðingu annaðist Vilhelm S. Sigmundsson. Myndirnar sem birtast í Ferð um himingeimin er safn af nýjustu ljósmyndum úr himingeimnum sem teknar hafa verið með bestu tækni sem völ er á. Jan Teuber er einn þekktasti stjarneðlisfræðingur Danmerkur og hefur sérhæft í kosmólógíu. Hann hefur skrifað fjölda bóka og vísindagreina um stjörnufræði og tengd efni. Opna gefur út. Bókin er í stóru broti og 193 blaðsíður að stærð.



**MENNINGARNÆTURPOTTUR** Hrólfur Jónsson, Sif Gunnarsdóttir og Björgólfur Guðmundsson.

# Menningarpottur á torgin

**Landsbanki Íslands og Menningarnótt í Reykjavík styrktu bönd sín á miðvikudag en þá var tilkynnt um sérstaka dagskrárliði sem bankinn kostar en Landsbankinn hefur verið aðalstyrktaraðili hátíðahaldanna í Reykjavík þriðja laugardag í ágúst sem nú verða haldin í þrettánda sinn.**

Sjö verkefni hlutu á fimmtudag styrk úr nýstofnuðum menningarnæturpotti Landsbankans. Þau þóttu öll taka á skemmtilegan hátt mið af þema menningarnætur 2008 – Torg í borg. Menningarnæturpottur Landsbankans er ný leið til að veita frumlegum og sérstökum hugmyndum brautargengi á menningarnótt. Markmiðið er að styrkja lítil og meðalstór verkefni einstaklinga, hópa eða félagasamtaka sem verða síðan hluti af dagskrá menningarnætur. Þessi nýjung er liður í nýundirrituðum þriggja ára samstarfssamningi Höfuðborgarstofu við Landsbankann sem áfram verður máttarstólpi menningarnætur – eins og verið hefur frá því að menningarnótt var fyrst haldin fyrir þrettán árum.

„Hugmyndin með menningarnæturpottinum er að gefa fleira fólki kost á að sýna hvað í þeim býr – og styrkja einstaklinga og hópa til að láta hugmynd sína verða að veruleika,“ segir Björgólfur Guðmundsson, formaður bankaráðs Landsbankans, en fram til þessa hefur marga skort fjármagn til að koma upp atriðum þennan dag þegar þúsundir Reykvíkinga og nærsveitarmanna sækja miðborgina heim. „Við í bankanum lögðum mikla áherslu á að hluti af framlagi bankans til menningarnætur yrði nýttur á þennan hátt, svo að fleiri hugmyndir fengju notið sín. Vonandi verður þetta meðal annars til þess að einhverjir nýliðar fái tækifæri til að koma fram á menningarnótt í ár.“

Hrólfur Jónsson, formaður stjórnar Menningarnætur, sagði við styrkveitinguna: „Menningarnæturpotturinn er mikilvægur þáttur í vaxandi samstarfi Menningarnætur og Landsbankans. Landsbankinn hefur frá upphafi verið óhræddur við að leggja nýjum og óvenjulegum hugmyndum lið og við fögnum frumkvæði bankans við að koma þessum potti á laggirnar í samvinnu við okkur.“

Á hverju ári streyma hugmyndir inn frá skapandi og skemmtilegum Reykvíkingum sem vilja setja svip sinn á menningarnótt þegar lýst er eftir tillögum um atburði á þessum degi, sem í ár verður haldinn laugardaginn 23. ágúst. Reykjavíkurborg reynir að greiða götur sem flestra og styrkir fjölda viðburða bæði með fjárframlögum sem og annarri aðstoð svo að hugmyndir þeirra líti dagsins ljós á hátíðinni en það dugar oft ekki til.

Verkefnin sem valin voru úr innsendum tillögum reyndust sjö og eru marbreytileg: Hilmir Jensson og Ingibjörg Huld Haraldsdóttir búa til litla eyju í mannþrönginni og sýna frumsamda leiksýningu sem hverfist um sögur og sagnalist. Eyjan verður á staðsett á mörkum Laugavegs og Bankastrætis. Íbúasamtök Grjótaþorps ætla að bjóða upp á fjölbreytta dagskrá í þorpinu sem kennt er við Grjóta, en þar leynast nokkur torg. Á Edinborgartorgi, í Álfasteinsgarði og í Vinaminnisgarðinum verður kátt á hjalla. Sagnafólk, ratleikur, stéttamálun, grímur og fornir leikir, ljósmyndasýning, tónlist og þöglar kvikmyndir.

Hópur meistaranema í lýðheilsufræði býður upp á ýmsa leiki fyrir alla fjölskylduna. Heilbrigði, fjölskylda og kátína eru lykilorðin. Nuddhringur, gullkornakista, risasápukúlur, sippó og risateygjó, fjöllistaverk með þátttöku aðvífandi krakka, hlaupið í skarðið og fleiri góðir leikir sem nú eru margir horfnir úr leikbanka barna verða þar rifjaðir upp.

Óskar Ericsson sjónlistamaður gerir vatnslistaverk á Skólavörðuholti sem er búið til úr þvottavélum og leikhópurinn Stígis mun setja ljóðið í nýtt form, nánar tiltekið mennskt og fimm metra langt. Ljóðið mun lifna við sem risavaxin mennsk fígúra sett saman af þremur pappírsklæddum verum í dularfullri athöfn. Gjörningurinn mun eiga sér stað í portinu við hlið Hverfisgötu 32 og mun taka nokkrar klukkustundir.

Leikmyndahönnuðurinn Gustavo Blanco og myndlistarmaðurinn Davíð Örn Halldórsson umbreyta verslunarrými á Laugavegi 66 í torg og í Sirkusportinu niður við Klapparstíg setur Lost Horse Gallery upp vídeó-innsetningu sem er unnin í samstarfi við fjölda listamanna svo sem Eyeloveiceland, Kippa Kaninus, Kiru Kiru, Biogen og Subaqua og sýnir þverskurð íslenskrar vídeólistar.

Forráðamenn Landsbankans og forkólfar Menningarnætur voru bjartir yfirlitum þegar þessi nýnæmi voru kynnt. Úti skein sólin á stræti miðborgarinnar.

pbb@frettabladid.is

# Úrval af myndavélum á frábæru verði

Öll raftæki fást í Hagkaup Smáralind, minna úrval í öðrum verslunum

OPIÐ til 20 alla daga




13.990kr
GOTT VERÐ

**Olympus myndavél** FE270
- 7.1 MegaPixel
- 3x Optical Zoom og 4x Digital Zoom
- Linsa: 6.3 - 18.9mm (35mm samb.: 38 - 114mm)
- 2,5"" LCD Skjár
- Autofocus og Auto White Balance
- Auto Exposure og þrjár manual stillingar
- Hreyfimyndataka með hljóði (Hámarksupplausn 640x480)
- Fjórar myndstærðir
- 15 Scene Modes
- Auto Flass, Red Eye Reduction og tímarofi
- USB tenging við tölvu
- Tekur xD kort
- 6,9MB innra minni, USB snúra og AA rafhlöður fylgja
- Hugbúnaður fylgir
- Stærð í cm (bxhxd): 9,02x6,35x3,07
- Þyngd: 122g (án rafhlöðu og korts)




18.990kr
GOTT VERÐ

**Panasonic Lumix myndavél** DMCLS80SILLFUR
- Stafræn með 8,1 milljón punkta upplausn
- Venus Engine III
- Intelligent ISO Control
- MEGA OIS hristivörn í linsu
- LUMIX DC Vario - linsa
- 3x Optical Zoom og 4x Digital Zoom
- Linsa: 5.5 - 16.5mm (35mm Samb. 33 - 100mm)
- ISO 100-1250
- 22 Scene Programmes
- 2.5"" LCD skjár (230.000 pixlar)
- Hágæða hreyfimyndataka (Hámarksupplausn: 16:9 848x480 - 30fps)
- Rauf fyrir SD/SDHC kort
- Notar AA rafhlöður
- Hugbúnaður fylgir
- Litur: Silfur



27.990kr
GOTT VERÐ

**Olympus myndavél** MJU840SIL
- 8 MegaPixel
- 5x Optical Zoom og 5.6x Digital Zoom
- Linsa: 6.4 - 32mm (35mm samb.: 36 - 180mm)
- 2,7"" LCD Skjár (230.000 pixlar)
- Frábær við öll birtuskilyrði
- Dual Image Stabilization - Hristivörn
- Face Detection Technology
- TruePic III myndvinnsla
- Autofocus og Auto White Balance
- Auto Exposure og þrjár manual stillingar
- Hreyfimyndataka með hljóði (640x480 - 30fps)
- Átta myndstærðir
- 20 Scene Programmes
- Auto Flass og Red Eye Reduction
- Tímarofi
- Háhraða USB 2.0 tenging við tölvu
- Tekur xD kort
- Hugbúnaður fylgir




Tilboð
29.990kr
VERÐ ÁÐUR 39.990 kr

**Digital Tökuvél með 2,5" skjá** JVC - GRD740
- 1/6" upptökuflaga með 800.000 punkta upplausn
- 520 línu upplausn
- 34x Optical Zoom og 800x Digital Zoom
- 2,7" LCD breiðskjár
- Digital Color NightScope
- Snapshot möguleiki
- Titringsdeyfir
- DV útgangur
- Vefmyndavél
- Fylgihlutir: Spennubreytir, rafhlaða og kaplar




39.990kr
GOTT VERÐ

**Olympus myndavél** MJU850SWSIL
- 8 MegaPixel
- Vatnsheld að 3m dýpi
- Höggheld upp í 1.5m hæð
- 3x Optical Zoom og 5x Digital Zoom
- Linsa: 6.7 - 20.1mm (35mm samb.: 38 - 114mm)
- 2,5"" LCD Skjár (230.000 pixlar)
- Frábær við öll birtuskilyrði
- Digital Image Stabilisation
- Face Detection Technology
- TruePic III myndvinnsla
- Autofocus og Auto White Balance
- Auto Exposure og þrjár manual stillingar
- Hreyfimyndataka með hljóði (640x480 - 30fps)
- Auto Flass og Red Eye Reduction
- Háhraða USB 2.0 tenging við tölvu
- Átta myndstærðir
- 24 Scene Programmes
- Tímarofi
- Tekur xD kort
- Hugbúnaður fylgir




22.990kr
GOTT VERÐ

**Olympus myndavél** FE340SV
- 8 MegaPixel
- 5x Optical Zoom og 4x Digital Zoom
- Linsa: 6.1 - 31.5mm (35mm samb.: 36 - 180mm)
- 2,7"" LCD Skjár
- Face Detection
- Brightcapture Technology - Frábær við öll birtuskilyrði
- Digital Image Stabilisation
- Autofocus og Auto White Balance
- Auto Exposure og þrjár manual stillingar
- Hreyfimyndataka með hljóði (Hámarksupplausn 640x480 - 30fps)
- Sjö myndstærðir
- 18 Scene Modes
- Auto Flass, Red Eye Reduction og Tímarofi
- Háhraða USB 2.0 tenging við tölvu
- Tekur xD kort
- USB snúra og hleðslurafhlöður fylgja
- Hugbúnaður fylgir
- Stærð í cm (bxhxd): 9,7x 5,8x2,3
- Þyngd: 116g (án rafhlöðu og korts)

Gildir til 07.ágúst eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð


BON IVER


ÓLAFUR ARNALDS

## > Í SPILARANUM

Ólafur Arnalds - Variations of Static
Brendan Canning - Something For All Of Us...
Okkervil River - The Stand Ins
The Walkmen - You and Me
Bon Iver - For Emma, Forever Ago

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# Stefson í Sundlaug

Ungmennasveitin Retro Stefson hefur vakið á sér athygli að undanförnu fyrir ærslafulla og frumlega tónlist. Sveitin tekur nú upp sína fyrstu breiðskífu í Sundlauginni í Mosfellsbæ. Við takkana sitja Benni Hemm Hemm og Árni lífsins, sem er betur þekktur sem Árni Plúseinn. Smiðshögg á verkið verður rekið með mixi í Heita pottinum við Rauðavatn. Platan kemur út fyrir lok árs hjá Kimi Records. Hljómsveitin spilar ekki mikið á tónleikum á næstunni en þó verða þau eitthvað á flakki á menningarnótt og svo spila þau á tónlistarhátíðinni „Freeze Festival“ í Frieslandi á Niðurlöndum um miðjan september.


**TAKA UPP FRUMRAUN SÍNA** Retro Stefson, ærslabelgir.



## > Plata vikunnar

Megas & Senuþjófarnir - Á morgun

★★★★

„Tökulagaplata Megasar & Senuþjófanna Á morgun inniheldur sextán lög sem Megas ólst upp við og hefur dálæti á. Vel heppnað hliðarspor sem á tryggt sæti í spilaranum á meðan beðið er eftir næstu alvöru Megasarplötu.“ TJ



## TÓNNINN GEFINN
### Steinþór Helgi Arnsteinsson

# *Bjargar haustið tónlistarárinu?*

Sumarið er tími deyfðar í allri útgáfu tónlistar, að minnsta kosti úti í heimi því útgáfa hefur verið með líflegasta móti hérlendis. Tónlistarfólk og útgefendur sleikja sólina eins og aðrir og það er helst að fólk reyni að henda frá sér sumarslögurum með mistilkomumiklum árangri. Strax í september hefst fjörið hins vegar á ný. Boltinn fer þá að rúlla, vindur upp á sig og stöðvast ekki fyrr en í desember þegar fólk staldrar við og fer yfir árið.

Tónlistarárið til þessa hefur verið upp og ofan en heilt yfir verður að segjast að það hefur valdið þó nokkrum vonbrigðum. Haustið gæti hins vegar komið til bjargar og því ágætt að líta yfir það sem koma skal.

Þegar rennt er yfir útgáfulistann er reyndar ekki margt sem gefur ástæðu til mikillar tilhlökkunar. Svo virðist sem síðasta ár, sem var algjörlega frábært hvað varðar tónlist, hafi blóðmjólkað útgáfuna. Reyndar telst það til undantekninga hin seinni ár að árferðið í tónlistinni teljist frábært tvö ár í röð.

En hverjir eru líklegir til stórræða? Deerhoof kemur með plötu í byrjun október sem er mikið fagnaðarefni og einnig sprelligosarnir í of Montreal. Aðrar, frekar traustar sveitir, Okkervil River og Mogwai, hyggja einnig á plötuútgáfu. Nokkrar fleiri sveitir sem gætu komið til greina á árslistum margra senda einnig frá sér plötu á næstu mánuðum, svo sem The Wrens, Franz Ferdinand, The Streets, MF Doom & Ghostface, Eagles of Death Metal og Junior Boys.


**NÝ PLATA Í HAUST** Franz Ferdinand stefna á að gefa út þriðju plötu sína á árinu. NORDICPHOTOS/GETTY

Í meginstraumnum kennir einnig ýmissa grasa. Metallica ætlar að rokka á ný, Black Eyed Peas gætu slegið öll met og Staind ætlar að afsanna dauða nu-metalsins. Einnig má nefna að The Game, Pearl Jam, Nelly, Slipknot, Jessica Simpson, Kings of Leon, AC/DC og Travis stefna öll á útgáfu. Og hver veit, kannski að ný U2-plata líti dagsins ljós?

Á Íslandi er einnig von á útgáfubombu í haust eins og hefðinni sæmir fyrir jól. Reykjavík!, Sprengjuhöllin, Retro Stefson og FM Belfast eru öll með plötu í pípunum og svo er ekki ólíklegt að gamlir refir á borð við Ný dönsk og Sálin hendi frá sér plötu. Þetta er kannski ekki svo slæmt eftir allt saman.

# Nýtt lag frá Maus eftir langt hlé

„Við ákváðum að geyma þetta lag til betri tíma eftir að við tókum það upp, en nú eru fimmtán ár liðin frá því að við spiluðum okkar fyrstu tónleika svo okkur fannst tímabært að sleppa því lausu,“ segir Birgir Örn Steinarsson, söngvari Maus, um áður óútgefið lag hljómsveitarinnar, Cover my eyes, sem var frumflutt á Rás 2 síðastliðinn mánudag.


**NÝTT LAG FRÁ MAUS** Strákarnir í Maus sendu nýverið frá sér lagið Cover My Eyes sem hægt er að hlusta á inni á síðu þeirra myspace.com/mausiceland. Á myndinni eru Palli gítarleikari og Biggi söngvari. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Við höfum ekki spilað á tónleikum í fjögur ár og varla verið í sama herbergi síðan við spiluðum saman síðast. Meðlimir sveitarinnar fluttu til annarra landa á vit nýrra ævintýra, en áður en leiðir skildi tókum við meðal annars upp Cover My Eyes sem er fyrst núna að líta dagsins ljós,“ útskýrir Birgir, en auk nýja lagsins er allt áður útgefið efni hljómsveitarinnar nú fáanlegt á Grapewire.net. „Við höfum lítið sem ekkert fengið borgað frá tonlist.is svo við ákváðum frekar að halda utan um þetta sjálfir,“ bætir hann við.

„Þó svo að við höfum ekki spilað saman lengi höfum við aldrei beint hætt. Við kjósum frekar að segja að við séum ekki starfandi því við viljum ekki vera svona hljómsveitir sem hættir og kemur svo með „come-back“ tónleika. Við erum mikið spurðir hvenær við ætlum að koma aftur saman, en það er ólíklegt að það verði í náinni framtíð þar sem við erum allir að sinna öðrum verkefnum,“ segir Birgir. - ag


**TRICKY** Endurnýjar kynnin við íslenskar tónlistarkonur. Hafdís Huld syngur á nýju plötunni, en Emilíana Torrini á eitt laganna. NORDICPHOTOS/GETTY

# Aftur í bæjarblokkina

**Breski tónlistarmaðurinn Tricky var einn af höfuðpaurum Bristol-senunnar ásamt Massive Attack og Portishead. Ferill hans er búinn að vera ansi skrautlegur þau þrettán ár sem eru liðin frá því að fyrsta platan hans, meistaraverkið Maxinquaye, kom út. Trausti Júlíusson tékkaði á kauða sem var að senda frá sér nýja plötu, Knowle West Boy, en tvær íslenskar tónlistarkonur komu við sögu á henni.**

„Ég er fæddur í Knowle West. Það er fátækrahverfi hvítra. Ég vissi ekki hvað kynþáttafordómar voru fyrr en ég fór þaðan. Mín fjölskylda var blönduð þannig að við gerðum ekki greinarmun á fólki eftir húðlit,“ segir Tricky um nafnið á nýju plötunni hans Knowle West Boy. „Ég ólst upp í bæjarblokkunum sem hvítur krakki, en ættaður frá Jamaica. Við sem bjuggum þar áttum öll eitt sameiginlegt. Við vorum fátæk.“ Og hann heldur áfram: „Ég áttaði mig á því að ég hef aldrei samið neitt fyrir þetta fólk. Ég hitti náunga í Notting Hill sem sagði mér að tónlistin mín hefði hjálpað honum í gegnum fangelsisdvöl. Það er meiriháttar, en ég hafði aldrei samið meðvitað fyrir hann eða mig eða fólkið sem ég ólst upp með …“

### Endurkomuplata

Knowle West Boy er áttunda plata Trickys og sú fyrsta sem hann gerir fyrir Domino-plötufyrirtækið. Hún er kynnt sem endurkoma hans til heimahaganna. Hún var að mestu unnin í London, en Tricky var reyndar ekki nógu ánægður með árangurinn þannig að hann endurhljóðritaði hana að stórum hluta í LA. Hann sá um upptökustjórn sjálfur ef frá eru talin tvö lög sem Switch gerði með honum, en Switch er þekktastur fyrir vinnu sína á M.I.A.-plötunni Kala. Switch setti mark sitt meðal annars á fyrsta smáskífulagið Council Estate.

### Erfiður uppvöxtur

Tricky heitir réttu nafni Adrian Thaws. Hann er fæddur 27. janúar 1968 í Bristol. Faðir hans stakk af áður en hann fæddist og móðir hans framdi sjálfsmorð þegar hann var fjögurra ára. Hann ólst upp hjá ömmu sinni sem leyfði honum víst oft að horfa á hryllingsmyndir í sjónvarpinu í staðinn fyrir að fara í skólann.

Tricky byrjaði að semja texta fimmtán ára og vakti fyrst athygli sem hluti af hipphopp-genginu The Wild Bunch sem seinna þróaðist yfir í Massive Attack. Það var Mark Stewart, forsprakki póstpunksveitarinnar Pop Group, sem einn daginn spurði Tricky hvort hann vildi ekki taka upp lag og fór með hann í hljóðver. Þá varð lagið Aftermath til og upp úr því fyrsta platan hans Maxinquaye sem er eitt af höfuðverkum trip-hop-senunnar sem kennd er við Bristol ásamt fyrstu plötum Massive Attack og Portishead. Síðan er hann búinn að gera sjö plötur, misjafnar að gerð og gæðum. Hann hefur búið undanfarin ár í Bandaríkjunum og hefur hrökklast á milli plötufyrirtækja.

### Hafdís Huld og Emilíana

Nýja platan markar endurkomu Trickys til Bretlands, endurkomu til Bristol og endurkomu í bæjarblokkirnar í Knowle West. Platan er nokkuð fjölbreytt, en líka auðheyranlega Tricky-plata. Tricky hefur lýst því yfir að hann hafi viljað hafa textana í líkingu við þá texta sem hann dáði þegar hann var ungur, texta með listamönnum eins og Specials, Banshees og Blondie.

Tricky lítur ekki á sig sem söngvara og þess vegna eru fjölmargir gestasöngvarar á Knowle West Boy. Þar á meðal jamaískur ættingi Trickys frá New York, Rodigan; Joseph sem hann hitti á götu í LA og svo fullt af stelpum þar á meðal ein ensk, ein spænsk, ein ítölsk, ein frönsk og ein íslensk … Hafdís Huld syngur í laginu Cross to Bear. Önnur íslensk tónlistarkona kemur líka við sögu, Emilíana Torrini, en á plötunni er útgáfa Trickys af laginu sem hún samdi fyrir Kylie, Slow. Það má segja að hér endurnýi Tricky kynnin við íslenskar tónlistarkonur, en hann vann sem kunnugt er töluvert með Björk Guðmundsdóttur snemma á ferlinum.



## FLÚÐI TIL NEW YORK VEGNA BJARKAR

Tricky gerir upp ferilinn í viðtali sem birtist á heimasíðu The Australian nýlega. Þar talar hann um hvernig honum skaut óvænt upp á stjörnuhimininn með Maxinquaye. „Ég kom úr rappi þess tíma þegar maður átti að vera neðanjarðar, öfugt við í dag þegar þetta er bara popp. Þá snerist þetta um að láta í sér heyra, ekki láta sjá sig. Svo vissi ég ekki fyrr en ég var kominn á forsíðu The Sun með Björk.“

Í greininni segir að sambandið við Björk hafi verið stutt og það hafi að mestu farið fram hjá pressunni. En þegar blaðasnápar komust á snoðir um samband þeirra ákvað Tricky að flýja. Hann settist í kjölfarið að í New York.

Stærsta útihátíð landsins um hverja verslunarmannahelgi er í Reykjavík!

*Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn í samvinnu við Rás 2 kynna:*

**SUNNUDAGURINN**
**3. ágúst kl. 18:30**

# TÖÐUGLEÐI

## 2008

## STUÐMENN
ásamt Sigurjóni Digra

## NÝDÖNSK
horfa til himins

## INGÓ & VEÐURGUÐIRNIR
frá Bahama

*Sérstakur heiðursgestur og kynnir er spaugfuglinn og útvarpsmaðurinn skondni*

## FREYR EYJÓLFSSON

- *Ókeypis í öll leiktækin frá kl. 18:30.*
- *Veitingatjöld opin fyrir unga sem aldna.*
- *Forsala hafin á staðnum og á midi.is.*

*Miðaverð aðeins kr. 1.000.*
*(5-12 ára í fylgd með fullorðnum kr. 500)*
*Tónleikunum verður útvarpað beint á Rás 2.*

***ATHUGIÐ! - Forðist biðraðir og mætið tímanlega!***
***Svæðið opnar kl. 18:30 og tónleikarnir hefjast stundvíslega kl. 19:30.***

## KVÖLDHÁTÍÐ ALLRA KYNSLÓÐA!

FJÖLSKYLDU- OG HÚSDÝRAGARÐURINN



## > ENGAN KOSS

Unglingastjarnan Miley Cyrus hefur afþakkað boð söngkonunnar Katy Perry um koss á Teen Choice Awards-hátíðinni í næstu viku. Perry, sem hefur gert það gott með laginu I Kissed A Girl, vildi gera grín að viðfrægum kossi Madonnu og Britney Spears með þessum hætti, en Miley þverneitar - enda hefur hún eflaust valdið nægum skandölum á árinu.



**fólk**

folk@frettabladid.is

# Systkini keppa um draggtitilinn í ár

„Þetta er umfangmesta draggkeppni sem hefur verið. Það er mjög ánægjulegt að sjá þetta blómstra. Nú erum við á stærra sviði, það skiptir svo mikli máli," segir Georg Erlingsson, framkvæmdastjóri Draggkeppninnar í ár. Keppnin fer fram í Óperunni, miðvikudaginn 6. ágúst.

„Við erum með átta keppendur, af báðum kynjum, sem eru að sækjast eftir því að fá kónga og drottiningarsætið. Það eru alltaf einhverjir sem hafa verið viðloðnir draggið einhverntíman eða tekið þátt í öðrum keppnum en Þetta er í fyrsta skipti sem allir keppendur koma nýir af götunni. Meðal annars erum við með ein systkini sem taka þátt og það hefur heldur aldrei gerst áður. Öll atriðin eru ofboðslega litrík og mismunandi innanborðs. Keppnin verður algjört augnakonfekt fyrir gesti." Einhverjir frægir? „Ég get ekki sagt það að keppendur séu þekktir í menningarlífinu, allavega ekki ennþá." Hann bætir við að reyndar sé ein, en vill halda því leyndu hver það er að svo stöddu.

Þema keppninnar er draugagangur og munu aðilar úr íslenska sirkusnum sjá um opnunaratriði. „Svo eru Steini (Þorsteinn Jóhannsson) og Ylfa Lind (Gylfadóttir) sem unnu í fyrra með atriði. Ylfa er nýbúin að eignast strák en er algjör nagli og er tilbúin með allt saman. Búin að senda lagið út til London í hljóðritun, skildist mér og eitthvað fleira. Það verður rífandi góð stemming."

Forsala er hafin á Q bar, en miðinn kostar 1800 krónur þar, 2000 við dyrnar. Húsið opnar klukkan átta.

-kbs



**DROTTNING** Blær hlaut titilinn í fyrra.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI







LD3080501

*Glucomed inniheldur glúkósamín*

**Ekki má nota Glucomed:**
- ef þú ert með ofnæmi fyrir glúkósamíni, einhverju öðru af innihaldsefnunum eða skelfiski
- ef þú ert undir 18 ára
- ef þú ert þunguð eða með barn á brjósti

Gæta skal varúðar við notkun Glucomed ef þú þolir illa glúkósa, ef þú ert með vanstarfsemi í nýrum eða lifur eða ef þú ert með þekktan áhættuþátt fyrir hjarta- og æðasjúkdómum.
**Tvær töflur á dag til að draga úr einkennum.**
*Lesið vandlega leiðbeiningar á fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá*

512 Auglýsingasími 50 50
– Mest lesið




**ÝMSAR AÐFERÐIR TIL TÍMADRÁPS** Stundum getur tekið á að hanga of lengi í bíl.

# 10 leiðir til að drepa tímann í bílnum

**1. Hver er maðurinn?**
Einn ímyndar sér persónu sem allir í bílnum þekkja. Hinir spyrja nei- eða já-spurninga. Sá sem vinnur fær að hugsa sér næsta mann (og fær úr bland-í-pokapokanum).

**2. Númeraplötuleikurinn**
Allir í bílnum búa til setningu úr fyrstu stöfunum í númerum fimm bíla sem koma á móti – P.M.E.Y.S - Pétur má ekki ydda sprellann. Fyndnasta tillagan vinnur (má fá sér úr bland-í-poka-pokanum).

**3. Hljóðbók**
Leigðu hljóðbók í bókasafninu og láttu góðan leikara lesa fyrir ykkur á leiðinni.

**4. Sagan endalausa**
Sögð er saga þar sem hver farþegi leggur til eitt orð í einu. Ekki má setja punkt nema kind og/eða hjólhýsi sjáist.

**5. Hummaðu lag**
Farþegar humma eða flauta lög. Hinir reyna að geta hvaða lag þetta er.

**6. Fullyrðingaleikurinn**
Farþegar skiptast á að telja upp fullyrðingar um sjálfa sig. Tvær eru réttar, ein er röng. Hinir skiptast á að geta hver fyllyrðingana er röng. Sá sem vinnur fær úr bland-í-poka-pokanum.

**7. Hin hliðin**
Farþegar svara til skiptis eins og þeir séu að svara spurningum dagblaða sem þar birtast undir nöfnum eins og „Hin hliðin" eða „Aðalsmaður vikunnar". Helsti veikleiki? Mestu vonbrigði? Hvað er það vandræðalegasta sem þú hefur lent í? Og svo framvegis.

**8. Hljómsveitaleikurinn**
Einn byrjar að nefna hljómsveitarnafn eða nafn flytjanda. Svo gengur hringurinn. Aftasti bókstafur er fyrsti stafur næsta nafns. BítlarniR - Rolling StoneS - Sigga BeinteinS - StuðmenN - Nina HageN... Og svo framvegis. Enginn vinnur en þetta drepur tímann. Svo má líka nota annað en hljómsveitir, til dæmis nöfn á bíómyndum, mannanöfn eða staðanöfn.

**9. Steinn, pappír, skæri**
Farþegar gera „steinn, pappír eða skæri". Sá sem vinnur í hverri umferð má fá sér úr bland-í-pokapokanum.

**10. Mixdiskurinn**
Búðu til góðan mixdisk eða hladdu tónhlöðuna af góðri músík sem öllum í bílnum líkar. Það er ekki víst þú náir uppáhaldsútvarpsstöðinni þinni úti á landi.





I

LAUGUNIN

Lögmál 1: Bikarinn skal vera tandurhreinn, þveginn upp úr fitulausri sápu og skolaður í köldu vatni þar til hann nær sama hitastigi og ölið. Þannig verður froðan þéttari og heldur hvítum hlífiskildi sínum lengur yfir hinum dýrmæta vökva. Minnstu óhreinindi geta spillt fyrir og mengað fullkomin bragðgæði Stellu Artois.

II

GULLGERÐIN

Lögmál 2: Þegar byrjað er að hella er bikarnum hallað um 45 gráður. Þá sjáum við hvernig dýrmætur vökvinn hringar sig ofan í bikarinn og myndar iðuna sem er galdurinn við fljótandi gullgerðarlist. Þegar ölið kemst í samband við súrefni myndast smám saman þétt froða sem innsiglar innihaldið og verndar það frá fyrsta sopa til hins síðasta.




III

KRÝNINGIN

Lögmál 3: Þegar bikarinn, sem hingað til hefur hallað um 45 gráður, hefur verið fylltur að þremur fjórðu skal hann réttur við. Með jafnri hreyfingu er hann samtímis færður niður frá flöskuopi um sem nemur hæð bikarins. Þannig krýnum við ölið þéttri froðu sem skýlir innihaldi bikarsins og tryggir ferskleika og líf þessa fljótandi gulls.

# Katie komin með nóg af tengdó

Katie Holmes virðist vera orðin þreytt á að deila heimili sínu með tengdafjölskyldu sinni og vill nú fá smá frið og næði. Hjónin hafa hingað til haldið heimili með móður Toms Cruise og systrum hans og börnum þeirra. „Þetta er eins og að mæta á ættarmót hvern einasta dag. Það er löngu orðið tímabært fyrir Katie og Tom að búa bara tvö,“ sagði vinur leikkonunnar um ástandið. Tom og Katie festu kaup á nýrri glæsivillu fyrir stuttu og á Katie að hafa sagt við Tom að hún vilji ekki að tengdafjölskyldan flytji inn með þeim. „Tom er mjög náinn móður sinni og systrum og hafa þær ávallt verið velkomnar á heimili hans. Tom er þó orðinn sammála Katie um að hlutirnir gangi ekki svona lengur og hefur fullvissað hana um að tengdafjölskyldan muni ekki flytja með þeim í nýja húsið,“ sagði fjölskylduvinur. Mamma Cruise og systurnar munu í staðinn flytja í íbúðarhverfi í eigu vísindakirkjunnar, en allir fjölskyldumeðlimirnir aðhyllast þá trú.



**KATIE SEGIR STOPP** Móðir Toms Cruise og systur hans fá ekki að flytja með hjónunum á nýja heimilið. Þær fá íbúð á vegum vísindakirkjunnar í staðinn. NORDICPHOTOS/GETTY

# Jessica beitt ofbeldi

Jessica Simpson segist hafa verið beitt ofbeldi í nýlegu viðtali við tískuritið Elle. Söngkonan sagði þá að öll lög á komandi kántríplötu hennar, Do You Know, væru byggð á lífsreynslu hennar. Í textanum við eitt laganna, Rembember That, skrifar Simpson um ofbeldi. Textinn útleggst eitthvað á þessa leið á íslensku: „Það skiptir ekki máli hvernig hann meiðir þig, með höndum eða orðum, þú átt það ekki skilið, það er ekki þess virði, taktu hjartað þitt og forðaðu þér.“

Spurð um textann svaraði Simpson: „Ég vil ekki ræða það, en ég hef svo sannarlega upplifað þannig ofbeldi að ég myndi segja fólki að taka hjartað sitt og flýja.“

Simpson hefur áður sagt frá því að hún hafi verið lögð í einelti í barnaskóla. „Þegar ég gekk eftir göngunum heyrði ég fólk tala um mig. Sumir hentu klósettpappír í húsið mitt eða hentu eggjum í útidyrahurðina. Þau skrifuðu líka hluti á gangstéttina með tússpennum sem ekki nást af. Þeim var virkilega í nöp við mig,“ hefur Jessica sagt um lífsreynsluna.



**EINELTI OG OFBELDI** Jessica Simpson segist hafa verið beitt ofbeldi í viðtali við bandaríska Elle, en hún var einnig lögð í einelti á yngri árum.



**BRITNEY SPEARS** Komin með nýjan mann upp á arminn.

# Ástfangin af lífverðinum

Söngkonan Britney Spears virðist hafa fundið ástina á ný og er sá heppni einn af lífvörðum hennar. Hinn ísraelski Lee hefur unnið sem lífvörður söngkonunnar um nokkurt skeið og var haft eftir vini Britney að söngkonan hefði strax laðast að Lee. „Hann er einmitt hennar týpa, hún er mjög hrifin af karlmönnum sem fara í ræktina og hann er í mjög góðu formi eftir að hafa verið í ísraelska hernum. Hann er líka með nokkur húðflúr, sem Britney finnst æðislegt. Þau hafa eytt miklum tíma saman og eitt leiddi að öðru og nú eru þau orðin par,“ sagði vinur söngkonunnar. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem Britney á í ástarsambandi við starfsmann, fyrrverandi eiginmaður hennar, Kevin Federline, var áður dansari í myndböndum hennar og einnig átti hún í stuttu sambandi við umboðsmann sinn fyrr á árinu.

# Bjartmar mættur á mölina

**Meistari Bjartmar er kominn í bæinn en hann býr á Eiðum fyrir austan. Hann verður með tónleika á Organ á laugardaginn og ætlar þá að gefa breiða mynd af sjálfum sér og þjóðinni. Segir rétt um verslunarmannahelgi að syngja: „Hey!“ og „Ólé!“ Bjartmarsklúbburinn fagnar.**

„Já, ég er í bænum. Er að fara að spila á Organ á laugardaginn. Það er alveg hægt að góla inni þó það sé verslunarmannahelgi,“ segir Bjartmar Guðlaugsson, tónlistarmaður með meiru.

Eins og jafnan liggur straumurinn út á land um verslunarmannahelgi en þá mætir sveitalubbinn Bjartmar á mölina. Og ætlar að gefa gestum tónlistarbúllunnar Organ breiða mynd af þjóðinni og sjálfum sér. „Mjög breiða. Ég ætla ekkert að velta mér upp úr nýju efni þessa helgina. Heldur 15 ára á föstu, Vottorðið ... og allt þetta. Við verðum að heyra smá svona Hey! Olé! um verslunarmannahelgi,“ segir Bjartmar hress að vanda.

Aðdáendaklúbbur Bjartmars hefur nokkurn viðbúnað vegna komu hans. Því miður verður talsmaður klúbbsins, rapparinn Erpur, vant við látinn og grætur það en Rottweilerhundar eru að spila í Bjarkarlundi þessa helgina. „Það er hátíð í hvert skipti sem Bjartmar kemur á mölina. Og aðdáendaklúbburinn sendir að sjálfsögðu verðuga fulltrúa. Og það verða ekki einhverjir lágt settir,“ segir Erpur.




**FRIÐARDÚFAN BJARTMAR** Vill ekki láta draga sig inn í umræður um lög í auglýsingum – og neitar að fordæma kollega sína Bubba og Megas í þeim efnum. FRÉTTABLAÐIÐ/JAKOB

Bjartmar er ánægður með klúbbinn og er þegar búinn að hitta meðlimi hans: „Þetta er allt að virka. Það er alveg undirbúningur. Allt í fínum málum.“ Bjartmar verður í trúbadorsstellingum en fær gesti til sín á sviðið og þá verður gefið í. Bjartmar bendir einnig á það að hann verði ekki einn á Organ heldur verði þetta heljarinnar mikil veisla sem stendur alla helgina. Og vill síður, hlédrægur sem hann er, vera í öndvegi þegar fjallað er um hátíðina. Þá vill hann aðspurður lítt tjá sig um þau vígi sem hafa verið að falla þegar auglýsingamennska og list er annars vegar. Valur Gunnarsson rithöfundur hefur gagnrýnt Megas og Bubba harðlega fyrir að falbjóða tónlist sína á markaðstorginu. En á það hefur verið bent að hann einn standi á því fastar en fótunum að selja ekki verk sín í auglýsingar. „Ég nenni ekkert að vera síðasti móhíkaninn í einhverjum leik. Og ætla síður en svo að vera að ritskoða aðra með þetta. Menn hafa fullan umráðarétt yfir sínum höfundarverkum. Ég veit bara hvað ég vil ekki og þetta er eitt af því. Þetta veitir gleði í ákveðinn tíma. Í partýinu. En kallar, held ég, yfir mann samviskubit þegar fram líða stundir. En í guðanna bænum ... ég ætla ekki að dæma aðra og vil ekki tjá mig frekar um þessi mál,“ segir Bjartmar.

jakob@frettabladid.is



**ENN SAMAN** Matthew Broderick og Sarah Jessica Parker sáust í fyrsta sinn saman í gær eftir ásakanir um framhjáhald hans. NORDICPHOTOS/GETTY

# Sarah og Matthew enn saman

**Leikkonan geðþekka Sarah Jessica Parker og eiginmaður hennar, Matthew Broderick, sáust í gær í fyrsta sinn saman opinberlega eftir að sögusagnir um meint framhjáhald Brodericks fóru á kreik. Þau brostu til ljósmyndaranna sem umkringdu þau og hélt Matthew utan um konu sína. Matthew var sagður hafa átt í þriggja mánaða löngu ástarsambandi við unga konu á meðan Sarah Jessica var í Los Angeles við tökur á kvikmyndinni Sex and the City. Í kjölfar þess fór af stað sá orðrómur að sambandið hefði staðið á brauðfótum um árabil og að þau væru aðeins saman vegna sonarins, hins fimm ára James.**



# Villtir í Húsdýragarðinum

„Þetta er mun stærra núna,“ segir Stuðmaðurinn Jakob Frímann Magnússon um tónleika sem fara fram í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum á sunnudagskvöldið. Þetta er í sjötta sinn sem tónleikar þessir eru haldnir en hingað til hafa Stuðmenn og leynigestir þeirra séð alfarið um stemninguna. Nú er þó bætt í dagskrána en Veðurguðirnir og Nýdönsk spila einnig á tónleikunum. „Síðan verður sérstakur MC. Freyr Eyjólfsson, Geirfugl, háðfugl og spéfugl,“ segir Jakob en Freyr mun sjá um kynna hljómsveitirnar á svið og bjóða upp á spaug milli atriða.

Jakob segir Fjölskyldu- og húsdýragarðinn vera að perlu í miðri Reykjavík sem hafi vaxið skemmtilega. „Hann verður sífellt skemmtilegri og öll aðstaða til fyrirmyndar. Dýrunum og fjölgar svo ekki sé minnst á þau villidýr sem verða sviðinu á sunnudagskvöldið. Þau villidýr sem að tilheyra mínum hóp eru væld, en með snyrtimennskuna í fyrirrúmi.“


**STUÐMENN Í LAUGARDAL** Það er ævinlega mikið fjör á tónleikum Stuðmanna. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Stuðmenn hafa gengið í gegnum ákveðnar mannabreytingar undanfarin misseri. Fyrst hvarf Ragnhildur Gísladóttir á braut og því næst gítarleikarinn Þórður Árnason. Birgitta Haukdal hefur fyllt skarð Ragnhildar um nokkurt skeið en Guðmundur Pétursson hefur komið í stað Þórðar. Er hann orðinn Stuðmaður? „Ætli hann sé ekki á sama stað og Ronnie Wood var í Rolling Stones fyrstu tíu árin. Í nagandi óvissu um framtíð sína,“ segir Jakob.

Tónleikarnir hefjast klukkan 19.30 og verða Nýdanskir fyrstir á svið. Þar á eftir koma Veðurguðirnir og síðan munu Stuðmenn loka kvöldinu. **- shs**

# Stórmerkilegt lífshlaup

**Sjálfsævisaga Erics Clapton er komin út á íslensku. Bókin fer yfir feril tónlistarmannsins og ætti að vera góð upphitun fyrir tónleikana hans í Egilshöll 8. ágúst. Tónlistarmaðurinn Orri Harðarson þýddi bókina.**

„Lífshlaup hans er stórmerkilegt og að mörgu leyti merkilegra en tónlistarferillinn hans,“ segir Orri Harðarson, tónlistarmaður og þýðandi. Orri þýddi sjálfsævisögu popparans Erics Claptons sem var að koma út.

„Hann var í innsta hring lengi og lýsir samferðamönnum, atburðum og tíðaranda vel og ítarlega. Þótt þetta sé opinber sjálfsævisaga finnst mér þetta heiðarleg og opinská bók. Clapton dregur hvergi undan. Hann rekur til dæmis ferlið þegar hann eyddi mörgum árum í að reyna að stinga undan besta vini sínum, George Harrison. Það gekk upp á endanum og þau Patty hófu samband en svo nennti hún honum ekkert.“

Það sem kom Orra mest á óvart við Clapton var hversu takmarkaður hann taldi sig vera. „Hann var nervus að spila með mönnum sem hann taldi betri hljóðfæraleikara, en hann talar líka um að tónlistariðkun sé ekki íþrótt heldur snúist meira um „touch-ið“. Það kom mér líka á óvart hvað heróínkaflinn í lífi hans er stuttur. Hann háði aðallega baráttu við brennivínið og þegar hann náði að sigrast á því breyttist hann í dæmigerðan AA-mann sem talar í frösum.“

Orri hefur meðal annars þýtt ævisögur George Best og Bono en gefur út sína fyrstu bók í haust. „Hún heitir Alkasamfélagið og er samfélagsspegill byggður á eigin reynslu. Þar sting ég á kýlum og tala um hluti sem legið hafa í þagnargildi.“ Orri ætlar að snúa sér aftur að tónlistinni í haust en síðast gerði hana plötuna Trú árið 2005.

En ætlar þýðandinn að fara á tónleika viðfangsefnisins, Erics Clapton? „Nei. Ég er bara svo slæmur í fótunum að ég meika ekki að standa heila svona tónleika.“


**ERIC CLAPTON** Lífshlaup hans er að mörgu leyti merkara en tónlistarferillinn, að mati þýðandans.


**HEIÐARLEG OG OPINSKÁ** Orri Harðarson, þýðandi sjálfsævisögu Claptons, segir hann ekkert draga undan.

**gunnarh@frettabladid.is**

# Raggi fékk tölvuna aftur

Fyrr í vikunni greindi Fréttablaðið frá því að brotist hafði verið inn til bassaleikarans Ragnars Páls Steinssonar og tölvunni hans stolið af heimili hans.

Í tölvunni var að finna ýmisleg persónuleg gögn, þar á meðal myndir af dóttur Ragnars. Í viðtalinu við Fréttablaðið biðlaði Ragnar til innbrotsþjófanna að skila tölvunni og sagðist jafnframt vera tilbúinn til að greiða fyrir hana yrði henni skilað. Tölvan er nú komin aftur í réttar hendur og er Ragnar að vonum mjög ánægður.

„Ég er að sjálfsögðu mjög þakklátur fyrir að hafa fengið tölvuna aftur. Það hefði verið mjög svekkjandi hefði ég aldrei fengið myndirnar mínar aftur,“ segir Ragnar.

**- sm**


**ÁNÆGÐUR BASSALEIKARI** Raggi úr Botnleðju hefur fengið tölvuna sína aftur.


Nýtt í bíó
LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus

★★★★ Tommi - kvikmyndir.is ★★★★½ Ásgeir J - DV
★★★★ - Ó.H.T, Rás 2

SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| THE LOVE GURU | kl. 4, 6, 8 og 10 | 12 |
| WALL–E | kl. 4 og 6.10 | L |
| THE DARK KNIGHT | kl. 7 og 10 | 12 |
| MAMMA MIA | kl. 4, 8 og 10.10 | L |

SAMbio.is SAMBÍÓIN
STÆRSTA OPNUN Á ÍSLANDI FYRR OG SÍÐAR ★★★★★ L.I.B.Topp5.is
33.000 manns á 8 dögum.
FRÁ ÞEIM SÖMU OG FÆRÐU OKKUR FINDING NEMO OG RATATOUILLE
„...einhver besta teiknimynd sem ég hef séð.“
„...meistaraverk.“ – New York Magazine
FÓR BEINT Á TOPPINN Í USA.

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| DARK KNIGHT | kl. 2 - 5 - 8 - 11:10 | 12 |
| DARK KNIGHT | kl. 2 - 5 - 8 - 11:10 | VIP |
| WALL-E m/ísl. tali DIGITAL | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 | L |
| WALL-E m/ensku tali DIGITAL | kl. 1:30 -3:40 - 5:50 - 8 - 10:10 | L |
| MAMMA MÍA | kl. 2 - 5:50 - 8:20 | L |
| DECEPTION | kl. 11:10 | 14 |
| KUNG FU PANDA m/ísl. tali | kl. 1:30 - 3:40 | L |
| KUNG FU PANDA m/ensku tali | kl. 8 | L |
| WANTED | kl. 11:10 | 16 |
| NARNIA 2 | kl. 5 | 7 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| LOVE GURU | kl. 6 - 8 - 10:20 | 12 |
| WALL-E m/ísl. tali | kl. 3:40 - 5:50 DIGITAL | L |
| WALL-E m/ensku tali | kl. 10 | L |
| DARK KNIGHT | kl. 5 - 8 - (11:10 Power) | 12 |
| DECEPTION | kl. 8 | 14 |
| KUNG FU PANDA m/ísl. tali | kl. 4 | L |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| DARK KNIGHT | kl. 5 - 8 - 11 | 12 |
| WALL-E m/ísl. tali | kl. 5:50 | L |
| MAMMA MÍA | kl. 8 | L |
| HELLBOY 2 | kl. 10:20 | 12 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| WALL-E m/ísl. tali | kl. 6 - 8 | L |
| DARK KNIGHT | kl. 5 - 8 - 11 | 12 |
| DECEPTION | kl. 10 | 12 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| WALL-E m/ísl. tali | kl. 5:45 | L |
| LOVE GURU | kl. 6 - 8 - 10 | 12 |
| DARK KNIGHT | kl. 8 - 11 | 12 |

UPPSELT
ÖRFÁ SÆTI

NÝTT Í BÍÓ!
Frá mannfólkinu sem færði okkur „Finding Nemo“ og „Ratatouille“
„...meistaraverk.“ – New York Magazine
LÚXUS
EIN BESTA MYND ALDARINNAR! EF ÞÚ SÉRÐ EINA MYND Á ÁRINU ÞÁ ER ÞETTA MYNDIN!
STRANGLEGA BÖNNUÐ INNAN 16 ÁRA
„SVONA Á AÐ GERA HROLLVEKJUR!“ - STEPHEN KING
STÆRSTA OPNUN ÁRSINS Á SPENNUTRYLLI Í USA!
Það er heill heimur inni í honum sem heldur honum gangandi!
AÐ BJARGA HEIMINUM ER HELJARINNAR VINNA!
HAGKAUP

SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| THE LOVE GURU | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | 12 |
| THE LOVE GURU LÚXUS | kl. 8 - 10 | 12 |
| WALL-E ÍSL. TAL | kl. 3.30D - 5.45D | L |
| WALL-E LÚXUS ÍSL. TAL | kl. 3.30D - 5.45D | L |
| THE STRANGERS | kl. 8 - 10 | 16 |
| HELLBOY 2 | kl. 8 - 10.30 | 12 |
| MAMMA MIA | kl. 5.30 - 8D - 10.30D | L |
| KUNG FU PANDA ÍSL. TAL | kl. 3.45D - 5.50D | L |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 650 kr. SUMARTILBOÐ

| | | |
|---|---|---|
| THE STRANGERS | kl. 6 - 8 - 10 | 16 |
| HELLBOY 2 | kl. 5.30 - 8 - 10.20 | 12 |
| MAMMA MIA | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| MEET DAVE | kl. 5.50 - 8 | 7 |
| THE INCREDIBLE HULK | kl. 10.10 | 12 |

allar myndir - allar sýningar - alla daga í allt sumar

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| THE DARK KNIGHT | kl. 6 - 9 | 12 |
| HELLBOY 2 | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| MAMMA MIA | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| SEX AND THE CITY | kl. 6 - 9 | 14 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| THE LOVE GURU | kl. 6 - 8 - 10 | 12 |
| THE STRANGERS | kl. 10.10 | 16 |
| MAMMA MIA | kl. 6 - 8 | 12 |

AUKAKRÓNUR 5%
50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is
FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR

SparBíó 550kr föstudag
SAMbio.is SAMBÍÓIN
DARK KNIGHT
kl. 2 í Álfabakka
kl. 5 í Kringlunni með íslensku tali
kl. 5 á Selfossi og á Akureyri
WALL-E
kl. 1.30 í Álfabakka með ísl. og ensku tali
kl. 3.40 í Kringlunni með íslensku tali
kl. 5.50 á Selfossi kl. 6 Akureyri og kl. 5:45 í Keflavík
KUNG FU PANDA
kl. 1:30 í Álfabakka með íslensku tali
kl. 4 í Kringlunni með íslensku tali

# Hjón í veitingarekstri

**Hjónin Heba og Jóhann á veitingastaðnum Strikinu á Akureyri verða með grillveislu í kvöld og „eighties“-þema annað kvöld.**

Veitingastaðurinn Strikið á Akureyri var opnaður í lok ársins 2005 og hefur frá upphafi notið mikilla vinsælda meðal heimamanna sem og gesta. Hjónin Heba Finnsdóttir og Jóhann Davíðsson keyptu sig inn í rekstur staðarins í mars í fyrra en fyrir utan rekstur Striksins starfar Jóhann einnig sem landsstjóri verslunarinnar Dressmann. „Við hjónin erum bæði framreiðslumenn að mennt og kynntumst í gamla Hótel- og matvælaskólanum. Við höfum bæði unnið sem þjónar síðan við lukum námi og ég hef einnig tekið að mér kennslu. Það mætti því segja að þetta hafi verið það eina sem við áttum eftir að prófa innan bransans,“ segir Heba.

Veitingastaðnum lýsir Heba sem alþjóðlegum og á matseðlinum kennir ýmissa grasa. „Hingað getur fólk komið með fjölskylduna og allir eiga að geta fundið eitthvað að sínum smekk og á viðráðanlegu verði. Í svona veðri eins og hefur verið síðustu daga er einnig vinsælt að koma og tylla sér út á svalir hjá okkur með drykk sér við hönd.“ Heba segir að um verslunarmannahelgina verði sérstök hátíðardagskrá í gangi á Strikinu og ber þar helst að nefna grillveislu á föstudag og „eighties“-veislu á laugardag. „Við ætlum að bjóða Akureyringum og gestum upp á grill úti á svölunum á milli 14.00-16.00. Á laugardaginn verður svo sérstakt „eighties“-þema í gangi hér í Akureyrarbæ og við ætlum að sjálfsögðu að taka þátt í því og mun sá gestur sem mætir í flottasta „eighties“-dressinu fá óvæntan glaðning frá okkur,“ segir Heba og bætir við að veðurspáin fyrir helgina sé góð.



**REKA SAMAN VEITINGASTAÐ** Jóhann og Heba eru bæði lærðir þjónar. Þau keyptu sig inn í rekstur Striksins fyrir ári. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA.IS

Þeim hjónum gengur að eigin sögn ágætlega að sameina vinnu og fjölskyldulíf, en saman eiga Heba og Jóhann þrjár dætur. „Þetta gengur nokkuð vel þó að sjálfsögðu taki þetta á á tíðum, en með góðri samvinnu gengur þetta allt upp. Svo er maður með gott fólk í kring um sig til að aðstoða mann. Við erum líka með duglegt starfsfólk hjá okkur á Strikinu sem er alltaf til í að hlaupa undir bagga með manni ef þess þarf,“ segir Heba að lokum.

sara@frettabladid.is

# Heilun og hugleiðsla á Sólheimum í Grímsnesi

Námskeið í heilun og sjálfsþekkingu verður haldið helgina 8.-10. ágúst næstkomandi á Sólheimum í Grímsnesi. Skipuleggjendur námskeiðsins, leikkonan Ólöf Sverrisdóttir og Björg Einarsdóttir sjúkranuddari segja að á námskeiðinu muni þátttakendur fá tækifæri til þess að kynnast sínum innri styrk og er það gert í gegnum leiklist, dans, skapandi skrif og hefbundnar hugleiðsluaðferðir.

Ólöf og Björg þekkjast vel og hefur Ólöf meðal annars sótt hugleiðslunámskeið hjá Björgu, þetta er þó í fyrsta sinn sem þær halda námskeið saman og segir Ólöf að þær hlakki mikið til. „Björg er heilari og hefur haldið mörg hugleiðslunámskeið en þetta námskeið mun tvinna saman hugleiðslu og dramaþerapíu. Námskeiðið hefst á föstudaginn með undirbúningsvinnu fyrir laugardaginn. Við byggjum námskeiðið mjög markvist upp en höfum einnig hugsað okkur að spila þetta svolítið af fingrum fram og leyfa þessu að þróast með þátttakendum,“ segir Ólöf.

Líkt og áður hefur komið fram er Ólöf leikari og leikritahöfundur en Björg er sjúkranuddari og



**HEILUN OG HUGLEIÐSLA** Björg Einarsdóttir og Ólöf Sverrisdóttir halda hugleiðslunámskeið.

reikimeistari. „Reiki er ákveðin aðferð sem notuð er til að heila. Reikimeistarinn leggur hendurnar á fólk og gefur þeim orku, þetta er stíft nám sem er byggt á fornri munkaspeki. Sjálf hef ég farið í reiki og komið aftur endurnærð, það er erfitt að útskýra hvað það er sem gerist þegar heilunin á sér stað en þetta virkar mjög vel. Þetta er meira andleg heilun heldur en líkamleg, þó reiki sé oft notað til að laga líkamlega verki,“ segir Ólöf en tekur fram að Björg mun ekki nota reiki á hefbundinn hátt á námskeiðinu þó vissulega sé orkan til staðar. Áhugasamir geta haft samband við Ólöfu í gegnum tölvupóst, iceolof@ hotmail.com eða Björgu í síma 862 7675. - sm





**TÓNLIST**

**I, Flathead**

Ry Cooder

★★★

I., Flathead er þriðja platan í Kaliforníu-þemaplöturöð Ry Cooder og nú fylgir 97 bls. skáldsaga með. Skemmtilegur pakki þó að tónlistin nái ekki að vera alveg jafn heillandi og á fyrri plötunum.

# Þriðja Kaliforníuplatan

I, Flathead er þriðja platan í Kaliforníu-þemaplöturöð Ry Cooder. Hinar fyrri voru Chavez Ravine (2005) og My Name Is Buddy (2007). Eins og á fyrri plötunum er þema þessarar plötu sótt í lífið í Kaliforníu um miðbik síðustu aldar og nú lætur Ry Cooder fylgja með skáldsögu upp á 97 síður sem hann hefur sjálfur skrifað. Platan og bókin segja sögu tónlistar- og kappakstursmannsins Kash Buk og samferðamanna hans sem sumir eru frá öðrum hnöttum. Bókin er skemmtileg aflestrar og platan er ágæt líka þó að hún standi fyrri plötunum nokkuð að baki að mínu mati.



RY COODER

Tónlistin sækir áhrif í ýmis afbrigði úr dægurtónlistarsögunni t.d. kántrí, blús, rokk og suðurameríska tónlist. Cooder syngur flest lögin sjálfur í þetta skiptið, en með honum spila úrvals tónlistarmenn eins og fyrri daginn. Þetta er flottur pakki og lítið hægt að setja út á hann, en tónlistin er samt ekki jafn heillandi og eftirminnileg og á Chavez Ravine og My Name Is Buddy.

Trausti Júlíusson



## > Stelpurnar spila um 13. sætið



Íslenska 20 ára lið kvenna vann sinn þriðja leik í röð í baráttunnum um sæti á HM í Makedóníu þegar liðið vann flottan tólf marka sigur, 39-27, á heimastúlkum í Makedóníu í gær. Íslensku stelpurnar hafa aðeins tapað einum leik á mótinu og spila við Japan um 13. sætið á morgun. Karen Knútsdóttir skoraði 9 mörk (6 víti) og nýtti öll sín skot í leiknum, Hildigunnur Einarsdóttir skoraði 7, Auður Jónsdóttir 6 og þá var Rut Jónsdóttir með 5 mörk og 10 stoðsendingar í leiknum. Guðrún Ósk Maríasdóttir varði 14 skot, þar af 2 víti.

sport
sport@frettabladid.is

**ÍR-INGURINN ERÍKUR ÖNUNDARSON:** TALDI 99 PRÓSENTA LÍKUR Á AÐ HANN VÆRI HÆTTUR EFTIR SÍÐASTA TÍMABIL

# *Eitt prósent getur nú reyndar oft verið drjúgt*



Hinn gamalreyndi Eiríkur Önundarson, 33 ára körfuboltakappi úr ÍR, hefur ákveðið að leika áfram með Breiðhyltingum í Iceland Express-deildinni í körfubolta næsta vetur en hann hafði áður talið talsvert meiri líkur en minni á að hann myndi hætta eftir síðasta tímabil.

„Ég hélt alltaf smá glugga opnum með að halda áfram og þó svo að ég hafi lagt þetta upp með að það væri 99 prósenta líkur á því að ég myndi hætta, þá getur eitt prósent nú reyndar oft verið drjúgt. Það gekk náttúrulega vel hjá liðinu á síðasta tímabili og hópurinn er að mestu leyti óbreyttur núna og menn vilja gera enn betur í vetur," sagði Eiríkur. „Síðasti vetur einkenndist reyndar líka af leiðinlegum meiðslum hjá mér og ég held að ég muni ekki pína mig til þess að spila meiddur aftur í vetur. Ég vonast auðvitað til þess að sleppa við öll meiðsli en maður veit aldrei með það."

Eiríkur mun taka að sér hlutverk aðstoðarþjálfara liðsins við hlið þjálfarans Jóns Arnars Ingvarssonar. „Ég er mjög ánægður með að fá að vinna með Jóni Arnari líka á þessum grundvelli og ég er hrifinn af honum sem þjálfara og hans hugmyndafræði í þjálfuninni. Þetta verður smá nýbreytni og það er spennandi að þurfa að horfa á þetta með öðrum augum en bara sem leikmaður. Þetta er ef til vill líka ákveðið prufuskref hjá mér þar sem ég hef aldrei komið að þjálfun áður, hvorki á þessu stigi né heldur í yngri flokkum," sagði Eiríkur sem er ekki smeykur við að sameina störfin tvö, starf leikmannsins og aðstoðarþjálfarans.

„Ætli maður muni nú ekki sinna báðum störfum mjög vel, það þýðir ekkert að slá slöku við. Maður er náttúrulega fyrirmynd fyrir hina, ungu pungana í liðinu. Annars gæti ég náttúrulega, stöðu minnar vegna sem aðstoðarþjálfari, stýrt æfingunum hjá mér þannig að maður sleppi við einhverjar púlæfingar og svoleiðis. Gæti til dæmis tilkynnt Jóni Arnari þegar sprettirnir byrja, að þetta sé nú komið gott hjá mér í dag," sagði Eiríkur á léttum nótum.



**HEITUR** Björn Bergmann hefur skorað í þremur leikjum í röð. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

UEFA-bikarinn í knattspyrnu:

# Fyrsti sigur ÍA í rúmar tíu vikur

**FÓTBOLTI** Skagamenn unnu langþráðan sigur í gærkvöldi þegar þeir unnu finnska liðið Honka Espoo 2-1 á Akranesi í seinni leik liðanna í UEFA-bikarnum. Finnska liðið fór þó áfram 4-2 samanlagt en liðið vann fyrri leikinn 3-0.

Þetta er fyrsti sigurleikur Skagamanna síðan 20. maí en þetta var annar leikur liðsins undir stjórn þeirra Arnars og Bjarka Gunnlaugssona. Fyrir leikinn var ÍA búið að tapa sex leikjum í röð og alls búið að spila 12 leiki í röð án þess að vinna.

Skagamenn komust í 2-0 í leiknum og voru því næstum búnir að vinna upp forskot Honka en vonirnir urðu að engu þegar Jussi Vasara minnkaði muninn 18 mínútum fyrir leikslok.

Helgi Pétur Magnússon skoraði fyrra markið á 16. mínútu með skalla eftir hornspyrnu Árna Inga Pjeturssonar en Björn Bergmann Sigurðarson það síðara á 49. mínútu með skalla eftir fyrirgjöf frá Stefáni Þór Þórðarsyni. -óój

## MARKVARSLAN 2008

**HÆSTA MEÐALEINKUNNIN:**

| | |
|---|---|
| Hannes Þór Halldórsson, Fram | 6,69 |
| Gunnleifur Gunnleifsson, HK | 6,58 |
| Fjalar Þorgeirsson, Fylki | 6,31 |
| Ómar Jóhannsson, Keflavík | 6,31 |
| Kjartan Sturluson, Val | 6,15 |

**FLEST VARIN SKOT Í LEIK**

| | |
|---|---|
| Gunnleifur Gunnleifsson, HK | 5,58 |
| Zankarlo Simunic, Grindavík | 4,18 |
| Hannes Þór Halldórsson, Fram | 3,54 |
| Kjartan Sturluson, Val | 3,54 |
| Ómar Jóhannsson, Keflavík | 3,46 |
| Esben Madsen, ÍA | 3,45 |

**FÆST MÖRK Á SIG Í LEIK**

| | |
|---|---|
| Hannes Þór Halldórsson, Fram | 0,85 |
| Stefán Logi Magnússon, KR | 0,89 |
| Daði Lárusson, FH | 1,09 |
| Þórður Ingason, Fjölni | 1,17 |
| Kjartan Sturluson, Val | 1,38 |
| Casper Jacobsen, Breiðablik | 1,46 |
| Ómar Jóhannsson, Keflavík | 1,46 |

**BESTA HLUTFALLSMARKVARSLAN**

| | |
|---|---|
| Hannes Þór Halldórsson, Fram | 80,7% |
| Stefán Logi Magnússon, KR | 75,0% |
| Þórður Ingason, Fjölni | 74,5% |
| Kjartan Sturluson, Val | 71,9% |
| Daði Lárusson, FH | 71,4% |
| Zankarlo Simunic, Grindavík | 70,8% |
| Ómar Jóhannsson, Keflavík | 70,3% |

**OFTAST HALDIÐ HREINU**

| | |
|---|---|
| Hannes Þór Halldórsson, Fram | 6 |
| Stefán Logi Magnússon, KR | 6 |
| Daði Lárusson, FH | 6 |
| Kjartan Sturluson, Val | 5 |
| Þórður Ingason, Fjölni | 4 |

# Næsta markmið er A-landsliðið

**Hannes Þór Halldórsson er besti markvörður Landsbankadeildar karla. Hannes er með hæstu meðaleinkunn, hefur fengið á sig fæst mörk, er með bestu hlutfallsmarkvörsluna og hefur haldið oftast hreinu.**

**FÓTBOLTI** Hannes Þór Halldórsson, 24 ára markvörður Framara, hefur slegið í gegn í Landsbankadeildinni í sumar en hann slær við öllum markvörðum deildarinnar í öllum helstu tölfræðiþáttum sem Fréttablaðið tekur saman. Fyrir aðeins fjórum árum sat hann á bekknum hjá 2. deildarliði Leiknis en nú er hann farinn að banka á dyr A-landsliðsins. Það hefur því margt breyst á stuttum tíma, þökk sé dugnaði Hannesar sem æfir mikið aukalega.

**Mikill stöðugleiki**

„Ég er mjög ánægður með minn leik og það hefur verið mikill stöðugleiki hjá mér og það er það sem markmenn sækjast eftir," segir Hannes og hann er einnig ánægður með gengi Framliðsins.

„Það fleytir manni langt að liðið er ekki að gefa mörg færi á sér og við erum að vinna þetta saman. Það er mjög erfitt að fá á sig 20 skot í leik eins og Gunnleifur í HK. Maður kemur aldrei vel út úr því sama hversu maður er góður," segir Hannes en Gunnleifur er einmitt efstur á eina listanum sem Hannes Þór er ekki í fyrsta sæti en það er yfir varin skot.

Lífið í Landsbankadeildinni hefur þó ekki bara verið dans á rósum hjá Hannesi því hann var mikið gagnrýndur í upphafi mótsins í fyrra. „Það hefur hjálpað mér að byrja mótið illa í fyrra. Ég kom inn í mótið, hélt að ég væri súpermann og ætlaði að sigra heiminn. Svo var ég sleginn niður á jörðina og þurfti að stokka spilin upp á nýtt. Ég þurfti að vinna í sjálfum mér og það er að skila sér núna," segir Hannes en það reyndi mikið á hann í fyrrasumar.

**Gerði mistök í fyrra**

„Ég kom meiddur inn í mótið í fyrra og gerði mistök sem höfðu áhrif á sjálfstraustið. Þetta spilaðist ekki nægilega vel fyrir mig og það þurfti átak til þess að koma sér af stað aftur. Ætli ég sé ekki sterkari í dag fyrir vikið," segir Hannes sem lék með Aftureldingu í 2. deildinni 2005 og var í Stjörnunni í 1. deildinni 2006.

„Ég er stoltur af því að hafa komið úr neðri deildar umhverfi og unnið mig upp," segir Hannes sem missti úr fimm ár á sínum tíma vegna erfiðra axlarmeiðsla.

Erlend lið eru sögð hafa áhuga á honum og hann neitar því ekki að hann sé farinn að horfa í atvinnumennsku í framtíðinni.

**Varamarkvörður í Leikni**

„Ég er klárlega áhugasamur fyrir því að fara út og það er verið að vinna í þessum málum. Það getur verið að það verði eitthvað í boði ef ég held áfram að standa mig vel," segir Hannes.

„Það er ekki hægt að segja að ég hafi litið á það sem möguleika fyrir tveimur til þremur árum að það væri möguleiki á að ég kæmist út í atvinnumennsku. Þegar ég var varamarkvörður í Leikni og Valur Gunnarsson hélt mér út úr liðinu 2004 þá hefði ég ekki tippað á þetta. Þetta er bara gaman og það er léttara yfir manni en á sama tíma í fyrra," segir Hannes.

Hannes er metnaðarfullur markvörður og hann er farinn að stefna á landsliðssæti. „Ég tel mig eiga möguleika á landsliðssæti og er að vonast til þess að fá tækifærið. Ég held að ég eigi alveg eins heima þar eins og þessir menn sem eru þarna núna. Mér fyndist það ekkert fáránlegt val hjá landsliðsþjálfaranum. Það eru samt margir góðir markmenn í deildinni og líka menn sem hafa spilað lengur og hafa sýnt stöðugleika lengur," segir Hannes en hann ætlar líka að vinna í sínum málum til þess að svo verði.

„Ég er alltaf að horfa upp á við og það þarf að vera einhver rúsína í pylsuendanum sem drífur mann áfram í aukaæfingunum en ég æfi mikið aukalega. Ég þarf að horfa til einhvers markmiðs til þess að nenna því og næst á dagskrá er að komast í landsliðið og fara út," segir Hannes.

**Á framtíðina fyrir sér**

Þorvaldur Örlygsson, þjálfari hans hjá Fram, er mjög ánægður með markmanninn sinn. „Við erum allir mjög sáttir með hans framlag til liðsins. Hann hefur verið duglegur að vinna í sínum málum og hefur bætt sig mikið undir handleiðslu Birkis Kristinssonar," segir Þorvaldur. „Þetta er stór strákur sem á framtíðina fyrir sér ef hann heldur áfram á sömu braut." ooj@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**ÖRUGGUR** Hannes Þór Halldórsson hefur verið mjög yfirvegaður í sínum leik í sumar.

FH-ingar unnu fjögurra marka stórsigur á Grevenmacher í Lúxemborg og fóru áfram í UEFA-bikarnum:

# Tryggvi með tvennu fjórða leikinn í röð

**FÓTBOLTI** FH-ingar eru komnir áfram í UEFA-bikarnum eftir 5-1 stórsigur á Grevenmacher í seinni leik liðanna í Lúxemborg. FH vann fyrri leikinn 3-2 í Kaplakrika og þar með 8-3 samanlagt. Tryggvi Guðmundsson og Atli Guðnason skoruðu tvö mörk hvor og Björn Daníel Sverrisson skoraði eitt.

Heimir Guðjónsson, þjálfari liðsins, var ánægður í leikslok.

„Við vorum aðeins að þreifa fyrir okkur í fyrri hálfleik og þeir voru þá líflegir. Í seinni hálfleik þá var bara eitt lið á vellinum og við höfðum getað skorað fleiri mörk. Við spiluðum þá sundur og og saman og unnum mjög góðan sigur," sagði Heimir sem getur verið ánægður með útkomuna eftir áfall í fyrri leiknum. „Við spiluðum ekki vel fyrsta hálftímann í fyrri leiknum og þeir skoruðu tvö mörk og það er dýrt að fá á sig tvö mörk á heimavelli í Evrópukeppni. Þetta FH-lið hefur sýnt það í gegnum tíðina að við erum ekkert síðri á útivelli en heimavelli í Evrópukeppni og við sýndum það í dag," sagði Heimir og bætti við. „Sóknarleikurinn var til fyrirmyndar og þá sérstaklega í seinni hálfleik og boltinn gekk í fáum snertingum," sagði Heimir.

Hinn átján ára Björn Daníel Sverrisson lék sinn fyrsta Evrópuleik og skoraði fimmta og síðasta mark FH í leiknum. „Björn er mjög efnilegur leikmaður og hefur fengið tækifæri og staðið sig vel. Það var gaman að hann skyldi skora í fyrsta Evrópuleiknum og hann kórónaði góðan leik sinn með því að skora," sagði Heimir.

Þetta er líka fjórði leikurinn í röð sem Tryggvi skoraði tvennu en hann skoraði einnig tvö mörk í fyrri leiknum og svo í síðustu deildarleikjum á móti HK og ÍA. Tryggvi varð einnig fyrsti leikmaðurinn til þess að skora tíu Evrópumörk fyrir íslenskt lið. „Tryggvi spilaði ekki vel á tímabili en kom sterkur upp þegar liðið þurfti á honum að halda og hann hefur staðið sig vel upp á síðkastið," sagði Heimir um frammistöðu Tryggva.

FH er eina íslenska karlaliðið sem er eftir í Evrópukeppninni en Valur og ÍA eru dottin út. „Það er bara dregið á morgun (í dag) og ég veit ekki hvaða lið við getum fengið. Vonandi fáum við mótherja sem við eigum möguleika í," sagði Heimir að lokum. - óój



**TÍU EVRÓPUMÖRK** Það hefur enginn skorað fleiri mörk fyrir íslensk lið í Evrópukeppni en Tryggvi Guðmundsson. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN




VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR: AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000



> **Michael Keaton**

„Mér hefur fundist að ég eigi að fást við ólíka hluti og hef því alltaf valið ólík hlutverk. Þar sem mér hefur ekki boðist spennandi hlutverk síðustu árin hef ég frekar einbeitt mér að einhverju öðru. Nú síðast tók ég að mér að leikstýra kvikmynd og mun hugsanlega gera meira af því í framtíðinni.“ Keaton leikur í myndinni „Johnny Dangerously“ sem sýnd er á Stöð 2 bíó í kvöld.

# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** KOLBRÚN BJÖRT SIGFÚSDÓTTIR SLEPPUR EKKI UNDAN FORTÍÐARDRAUGUM

## *Hver segir að árið sé í raun 2008 en ekki 1997?*



Stundum finnst mér ég vera föst í fortíðinni. Sama hvað ég reyni að lifa í núinu, fortíðin knýr stanslaust dyra. Það hjálpar ekki að í þau fáu skipti sem ég leyfi mér að eyða heilli kvöldstund fyrir framan imbann mæta draugar fortíðar í hrönnum. Á einni kvöldstund, á flakki mínu milli sjónvarpsstöðva, sá ég The Simpsons, Friends, Ally McBeal og Frasier, alla í röð. Ég skipti yfir á VH1 í leit að einhverju sem gæti sannfært mig um að árið væri í raun 2008 en ekki 1997. Þar blasti við myndband við lagið Dreams með The Cranberries. Ég hafði að sjálfsögðu lent á þættinum „Smells like the 90's“.

Ég er fædd 1985 og því alin upp á fyrrnefndu sjónvarpsefni, ásamt gullmolum á borð við My So-Called Life og Life Goes On. Ég hef eitt heilu vikunum (ekki samfleytt) í að endurtaka samtöl persóna þessara þátta og gelgjan hefði verið allt öðruvísi ef ekki hefði verið fyrir visku Chandlers. Ég og ein besta vinkona mín vorum reyndar alræmdar fyrir að detta inn í þætti og kvikmyndir tíunda áratugarins og komast ekki út úr þeim aftur. Þeim sem ekki þekktu myndina eða þáttinn jafnvel til mikils ama. Að horfa á þessa þætti er því nokkurn veginn eins og að koma heim til ömmu.

En árið er 2008 og ég og vinir mínir eigum ekki lengur það sameiginlegt að kunna tilsvör og frasa úr sjónvarpsþáttum. Við horfum ekki á það sama og kannski eru þættir, hversu góðir sem þeir eru, okkur ekki eins hugfangnir eða mikilvægir og þá. Við erum ekki lengur að leita að okkur sjálfum á skjánum. Við, eða ég að minnsta kosti, hef þegar fundið mig. Í Ally, Phoebe, Lisu, Angelu og jafnvel í Niles. Kannski er ég föst í fortíðinni. En það eru örugglega fleiri en ég, fyrst maður getur dvalið í henni heilu kvöldstundirnar.

## EKKI MISSA AF



▶ **18.45** Við rásmarkið STÖÐ 2 SPORT



▶ **20.00** Ally McBeal STÖÐ 2 EXTRA



▶ **20.10** Life is Wild SKJÁREINN



▶ **20.10** Fjörkálfar (Camp Nowhere) SJÓNVARPIÐ



▶ **20.25** Freaky STÖÐ 2

## SJÓNVARPIÐ

**15.55 Embættistaka forseta Íslands** Bein útsending frá embættistöku Ólafs Ragnars Grímssonar, forseta Íslands.

**16.35 Leiðarljós**

**17.20 Táknmálsfréttir**

**17.25 Spæjarar** (21:26)

**17.47 Snillingarnir** (44:54)

**18.10 Ljóta Betty** (Ugly Betty) (13:23) Bandarísk þáttaröð um venjulega stúlku sem er ráðin sem aðstoðarkona kvennabósa sem gefur út tískutímarit. (e)

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veður**

**19.35 Kastljós**

▶**20.10 Fjörkálfar í fríi** (Camp Nowhere) Bandarísk fjölskyldumynd frá 1994. Krakkar sem á að senda í sumarbúðir sem þeim líst ekki á taka til sinna ráða og blekkja foreldra sína. Aðalhlutverk: John Putch, Peter Scolari, Jonathan Jackson, Christopher Lloyd, Jessica Alba og M. Emmet Walsh.

**21.45 Barnaby ræður gátuna - Hálmbrúðan** (Midsomer Murders: The Straw Woman) Bresk sakamálamynd byggð á sögu eftir Caroline Graham þar sem Barnaby lögreglufulltrúi glímir við dularfull morð í ensku þorpi. Aðalhlutverk: John Nettles og Daniel Casey.

**23.25 Skilnaður** (The Break-Up) Bandarísk mynd frá 2006. Ung kona í Chicago ákveður að fara frá manni sínum sem henni finnst vanrækja hana. Aðalhlutverk: Jennifer Aniston, Vince Vaughn, Vincent D'Onofrio, Joey Lauren Adams og Judy Davis. (e)

**01.10 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 Jumanji**

**10.00 The Madness Of King George**

**12.00 Agent Cody Banks 2.**

**14.00 Jumanji**

**16.00 The Madness Of King George**

**18.00 Agent Cody Banks 2.**

**20.00 Talladega Nights. The Ballad of Ricky Bobby**

**22.00 Pirates of the Caribbean: Dead Man's Chest**

**00.25 Intermission**

**02.10 Sweeney Todd**

**04.00 Pirates of the Caribbean: Dead Man's Chest**

**06.25 The Pink Panther**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Firehouse Tales, Smá skrítnir foreldrar og Kalli kanína og félagar.

**08.15 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 La Fea Más Bella** (118:300)

**10.15 Missing** (11:19)

**11.15 Sisters** (1:24)

**12.00 Hádegisfréttir**

**12.30 Neighbours**

**12.55 Forboðin fegurð** (11:114)

**13.40 Forboðin fegurð** (12:114)

**14.30 How I Met Your Mother** (1:22)

**14.55 Friends**

**15.20 Bestu Strákarnir** (39:50)

**15.55 Galdrastelpurnar** (19:26)

**16.18 Nornafélagið**

**16.38 Bratz**

**17.03 Smá skrítnir foreldrar**

**17.28 Bold and the Beautiful**

**17.53 Neighbours**

**18.18 Markaðurinn og veður**

**18.30 Fréttir**

**18.49 Íþróttir**

**18.56 Ísland í dag**

**19.04 Veður**

**19.15 The Simpsons** (19:20)

**19.40 Beauty and the Geek** (2:13)

▶**20.25 Freaky** (2:8) Þú munt ekki sjá töfrabrögð og sjónhverfingar í sama ljósi eftir að hafa séð þessa nýju þáttaröð. Einmitt þegar maður taldi þessa sígildu skemmtun úrelda þá birtist hér hópur af ungum Bretum sem sýna á henni splunkunýja og stórskemmtilega hlið,

**20.50 Johnny Dangerously** Gamanmynd með Michael Keaton í aðalhlutverki. Myndin gerist í Bandaríkjunum árið 1930 þegar þjóðfélagið er í algjörri upplausn. Verðbréfamarkaðurinn er hruninn og glæpastarfsemi er eina iðjan sem ber einhvern ávöxt.

**22.20 Hendrix** Mynd um Jimi Hendrix sem er þekktur sem einn áhrifamesti gítarleikari rokktónlistarinnar.

**00.00 Air Force One**

**02.00 Walkout**

**03.50 Beauty and the Geek** (2:13)

**04.35 Freaky** (2:8)

**04.55 The Simpsons** (19:20)

**05.15 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.55 Formúla 1 2008 - Ungverjaland** Bein útsending frá æfingum liðanna fyrir Formúlu 1 kappaksturinn í Ungverjalandi.

**11.55 Formúla 1 2008 - Ungverjaland** Bein útsending frá æfingum liðanna fyrir Formúlu 1 kappaksturinn í Ungverjalandi.

**17.50 Inside the PGA** Skyggnst á bakvið tjöldin í PGA mótaröðinni og tímabilið framundan skoðað.

**18.15 Gillette World Sport** Fjölbreyttur íþróttaþáttur þar sem farið er yfir það helsta sem er að gerast í íþróttunum út í heimi og skyggnst á bakvið tjöldin.

▶**18.45 F1. Við rásmarkið** Hitað upp fyrir Formúlu 1 kappaksturinn. Spjallþáttur þar sem fjallað verður um Formúlu 1 á mannlegu nótunum. Sérfræðingar og áhugamenn tjá sig um allt milli himins og jarðar.

**19.25 Formúla 1 2008 - Ungverjaland** Útsending frá æfingum liðanna fyrir Formúlu 1 kappaksturinn í Ungverjalandi.

**23.30 Players Championship (#27)** Á Heimsmótaröðinni í póker setjast snjöllustu pókerspilarar heimsins að spilaborðinu og keppa um stórar fjárhæðir.

**00.20 Players Championship (#28)**

## SPORT 2

**18.25 1001 Goals** Bestu mörk ensku úrvalsdeildarinnar skoðuð.

**19.20 Bestu leikirnir** Tottenham - West Ham.

**21.00 Premier League World 2008/09** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.

**21.30 10 Bestu - Albert Guðmundsson** Síðastur en þó alls ekki sístur í þessari þáttaröð um tíu bestu knattspyrnumenn Íslandssögunnar er Albert Guðmundsson. Í þessum þætti verða mögnuð afrek Alberts skoðuð.

**22.20 Goals of the season** Öll glæsilegustu mörk hverrar leiktíðar Úrvalsdeildarinnar frá upphafi til dagsins í dag.

**23.15 PL Classic Matches** Newcastle - Sheffield Wednesday, 99/00. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.

**23.45 PL Classic Matches** Chelsea - Man Utd, 99/00. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.

## SKJÁREINN

**07.15 Rachael Ray** (e)

**08.00 Dr. Phil** (e)

**08.45 Dynasty** (e)

**09.30 Vörutorg**

**10.30 Óstöðvandi tónlist**

**16.00 Vörutorg**

**17.00 Rachael Ray** Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.

**17.45 Dr. Phil** Dr. Phil McGraw hjálpar fólki að leysa vandamál og gefur góð ráð.

**18.30 Dynasty** Blake Carrington stýrir olíufyrirtæki og er umkringdur konum sem eru óhræddar við að sýna klærnar.

**19.20 Kimora. life in the fab line** (e)

**19.45 Hey Paula** (e)

▶**20.10 Life is Wild** (7:13) Það er brúðkaupsveisla á gistiheimilinu og Katie ætlar að hjálpa Jo við undirbúninginn. Danny fær Tumelo til að hjálpa sér í að sinna veikum fíl en kemst að því að að það er eitthvað undarlegt á seiði hjá fílnum og gíraffanum Hamley.

**21.00 The Biggest Loser** (7:13) Bandarísk raunveruleikasería. Þátttakendunum er tilkynnt að keppnin sé ekki lengur á milli rauða og bláa liðsins heldur verður hópnum skipt upp í tveggja manna lið. Einum keppanda er falið að velja í liðin. Í keppninni reynir á samstarfið hjá pörunum.

**21.50 The Eleventh Hour - NÝTT** Dramatísk þáttaröð sem gerist á sjónvarpsstöð og aðalsöguhetjurnar eru fréttamenn og pródúsentar á fréttaskýringaþætti.

**22.40 Sexual Healing** (e)

**23.30 Law & Order: Criminal Intent** (e)

**00.20 The IT Crowd** (e)

**00.45 The Real Housewives of Orange County** (e)

**01.35 The Real World Movie** (e)

**03.05 Dynasty** (e)

**03.55 Jay Leno (e)**

**04.45 Jay Leno (e)**

**05.35 Vörutorg**

**06.35 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 Fréttir og Föstudagsþátturinn** Farið yfir fréttir liðinnar viku. Endurtekinn á klst. fresti til kl. 12.15 daginn eftir.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.



## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 19.40
### Beauty and the Geek

Fjórði hópurinn af nördum og fegurðardísum er mættur til leiks í æsilegri keppni um hvaða par skákar hinum í hinni víðfrægu kænsku- og krúttkeppni. Markmiðið er sem fyrr að kanna hvort undir yfirborðinu leynist töffari eða samkvæmisljón hjá gáfnaljósunum. Og hvort fegurðardísirnar geti notað heilann í stað þokkans sér til framdráttar. Leikurinn er auðvitað gerður til þess að þátttakendur vikki út sjóndeildarhringinn og uppgötvi á sér nýjar hliðar en skemmtunin er líka fólgin í spaugilegu hliðunum.



## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### The Eleventh hour - NÝTT
### SKJÁR EINN KL. 21.50

Í kvöld sýnir Skjár einn fyrsta þáttinn í annarri þáttaröðinni. Þættirnir gerast á sjónvarpsstöð og aðalsöguhetjurnar eru fréttamenn og framleiðendur á fréttaskýringaþætti. Yfirmenn stöðvarinnar eru óánægðir með áhorfið og ráða unga og glæsilega konu til að hafa yfirumsjón með framleiðslunni en það fellur misvel í kramið hjá gömlu fréttahaukunum.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.05** Morgunvaktin
**06.50** Bæn
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Óskastundin
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Sumarást
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.58** Umferðarútvarp
**13.00** Vasaleikhúsið heimsækir Útvarpsleikhúsið
**13.15** Á sumarvegi
**14.03** Táslur og tjull
**15.03** Umferðarútvarp
**15.10** Embættistaka forseta Íslands, Ólafs Ragnars Grímssonar
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Spegillinn
**18.58** Umferðarútvarp
**19.00** Á sumarvegi
**19.40** Umferðarútvarp
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Mánafjöll
**21.10** Brjóstdropar
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Umferðarútvarp
**22.17** Viltu syngja minn söng?
**23.00** Kvöldgestir
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.00 Hollyoaks**
**16.30 Hollyoaks**
**17.00 Ally McBeal** (6:23)
**17.45 Skins** (5:9)
**18.30 The Class** (17:19)
**19.00 Hollyoaks**
**19.30 Hollyoaks**

▶**20.00 Ally McBeal** (6:23) Einn vinsælasti þáttur Stöðvar 2 síðari ára er nú sýndur aftur á Stöð 2 Extra. Þættirnir fjalla um lögfræðinginn Ally McBeal og samstarfsfólk hennar, en einkalíf þeirra og ástarmál eru drepfyndin og stórfurðuleg.

**20.45 Skins** (5:9) Átakanleg bresk sería um hóp unglinga sem reynir að takast á við daglegt líf í skugga átröskunar, eiturlyfjaneyslu og fleiri vandamála sem steðja að unglingum í dag.

**21.30 The Class** (17:19) Við fylgjumst með bekkjarmóti skrautlegra skólafélaga sem mörg hver hafa ekki sést í 20 ár. Með aðalhlutverk fer hjartaknúsarinn Jason Ritter.

**22.00 Canterbury's Law** (3:6) Elizabeth Canterbury er eldklár verjandi sem vílar ekki fyrir sér að sniðganga lögin þegar frelsi skjólstæðinga hennar er í húfi.

**22.45 Moonlight** (10:16) Mick St. John er sjarmerandi og ódauðlegur einkaspæjari sem býr og starfar í Los Angeles. Hann stríðir gegn öllu því sem aðrar vampírur standa fyrir með því að nota yfirnáttúrulega hæfileika sína til að hjálpa hinum dauðlegu.

**23.30 ReGenesis** (8:13)
**00.20 Twenty Four 3** (10:24)
**01.05 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV**

## ÍNN

**20.00 Mér finnst...** Umsjón: Ásdís Olsen og Kolfinna Baldvinsdóttir. Gestir: Sigríður Klingenberg, Ellý Ármanns, Kolbrún Baldursdóttir.

**21.00 Hvernig er heilsan?** Umsjón: Guðjón Bergmann. Gestur: Heiðar Jónsson tóbaksvarnafulltrúi hjá Lýðheilsustöðinni.

**21.30 Nútímafólk** Umsjón: Randver Þorláksson. Gestur: Margrét Pálmadóttir söngkona og stjórnandi Kvennakórs Reykjavíkur.

**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## DR 1

**11.05** Med rygsæk **11.30** Kær på tur **12.00** Det lille hus på prærien **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.05** Flight 29 savnes! **13.30** SommerSummarum **13.35** Krampe-tvillingerne **14.00** SommerSummarum **15.05** Monster allergi **15.30** Fredagsbio **15.40** Benjamin Bjørn **16.00** Se det summer **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Disney Sjov **18.00** Hit med sangen **19.00** TV Avisen **19.25** Sommervejret på DR1 **19.35** PostDanmark Rundt 2008 **20.00** Stepmom **22.00** Joe Kidd

## NRK 1

**9.55** Ut i naturen jukeboks **10.55** Sport Jukeboks **12.00** Ekstremvær jukeboks **12.45** Jazz jukeboks **14.15** Columbo **15.50** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Hytte-Stina **16.05** Mamma Mirabelle viser film **16.15** Charlie og Lola **16.30** Safari Europa **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Ville og vakre Kina **18.20** Landsskytterstevnet 2008. Texas på Landsskytterstevnet **19.15** 20 spørsmål **19.40** Detektimen. BlackJack **21.10** Kveldsnytt **21.25** Kriseteamet **22.15** Led Zeppelin live **23.15** Korte grøss **23.35** Country jukeboks med chat

## SVT 1

**10.00** Rapport **10.05** Minnenas television **12.55** Hollywoodredaktionen **13.20** Veronica Mars **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **15.00** På andra sidan glasmontern **15.30** Frälsta på Hamsun **15.35** Bara blåbär **16.00** Charlie och Lola **16.15** Dra mig baklänges **16.30** Hej hej sommar **16.31** Planet Sketch **16.45** Sune **17.15** Värsta vännerna **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Tre kärlekar **19.00** Bombay Dreams **20.30** Friidrott: SM utomhus 2008 **20.50** Grotesco **21.20** Rapport **21.30** Little Big Man **23.45** Sändningar från SVT24




**LÖGIN VIÐ VINNUNA**



*„Ég hlusta núna mikið á plötu með gaur sem heitir Waldeck, plötuna Ballroom Stories, þegar ég sit og velti fyrir mér hvað er fyndið. En ef ég er með ritstíflu er eitt sem virkar hér um bil alltaf, platan Badmotorfinger með Soundgarden.“*

Snorri Hergill Kristjánsson uppistandari

# Auddi gerir grín að læriföður sínum



STÓRI Það þarf ekkert að ræða ástandið á honum. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

„Egill hefur alveg húmor fyrir þessu,“ segir Auðunn Blöndal, skemmtikraftur og sjónvarpsmaður. Hann fer nú á kostum í nýjum auglýsingum fyrir símafyrirtækið Tal þar sem gert er lúmskt grín að auglýsingum Símans, meðal annars. Þar á meðal verður auglýsingin með Merzedes Club fyrir barðinu. Auddi er þar með lóð í höndum og augljóslega nýkominn úr misheppnaðri brúnkumeðferð.

Þó Auðunn sé minni í sniðum en Merzedes-tröllin er hann þó í glettilega góðu formi. Það sem er ekki síður áhugavert er að maðurinn á bak við líkamsástand Audda, er Merzedes-jálkurinn Egill Einarsson, eða Stóri. Spyrja menn sig hvort Auddi sé ekki að stinga Mentorinn í bakið með þessu. „Nei er það?,“ segir hann og hlær. „Ég stórefast um að hann taki þetta nærri sér,“ segir hann.

„Ég tók við honum þegar hann var feitur,“ segir Stóri. „Hann kom svo í fjarþjálfun hjá mér og fór niður í sjö í fituprósentu. Það sama og Stóri, bara með minni massa.“ Egill segist ekki taka grínið nærri sér, nema síður sé. Hann segir auglýsingarnar fyndnar og bætir við: „Ég er stoltur af því að hafa komið Audda í það gott stand að hann sé nægilega sexý til að vera á evrópskri sundskýlu í auglýsingu.“

- shs



AUDDI Í AUGLÝSINGUNNI Auddi er í fantaformi eftir fjarþjálfun hjá Stóra.



**LÁRÉTT**
**2.** hæfileika, **6.** eftir hádegi, **8.** uppistaða, **9.** rangl, **11.** til dæmis, **12.** klór, **14.** mölvuðu, **16.** skóli, **17.** pfn., 18. andi, **20.** tveir eins, **21.** staðarnafn.

**LÓÐRÉTT**
**1.** iðja, **3.** málmur, **4.** pedali, **5.** sár, **7.** höfuðbúnaður, **10.** skip, **13.** óðagot, **15.** sundfæri, **16.** skammst., **19.** tveir eins.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** gáfu, **6.** eh, **8.** lón, **9.** ráf, **11.** td, **12.** krafs, **14.** brutu, **16.** ma, **17.** mig, **18.** önd, **20.** gg, **21.** oddi.

**LÓÐRÉTT: 1.** verk, **3.** ál, **4.** fótstig, **5.** und, **7.** hárband, **10.** far, **13.** fum, **15.** uggi, **16.** möo, **19.** dd.



**SEX-Í BENZ** Hjónin Sigurþór Gíslason og Sigurbjörg Ólafsdóttir eru bæði með mikla bíladellu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

SIGURÞÓR GÍSLASON: KYNÆSANDI EINKANÚMER Á FRÚARBÍLNUM

# Bóndahjón með bíladellu

Sigurþór Gíslason, bóndi á Meðalfelli í Kjós, flutti inn til landsins fyrir stuttu forkunnarfagra og skjannahvíta Benz bifreið af gerðinni E350 Formatic. Bílinn segir hann þó tilheyra konu sinni, Sigurbjörgu Ólafsdóttur, og sé þetta því konubíllinn á bænum. „Þetta er enginn millabíll þótt hann sé vissulega fallegur.“ segir Sigurþór um bílinn en honum er mein illa við þegar frúin keyrir hann út af malbikinu af ótta við að hann skemmist.

Benzinn vekur þó ekki aðeins athygli fyrir útlitið eitt og sér heldur er bílnúmer bílsins einnig nokkuð sérstakt, en það er ÍÍÍ-ÍÍÍ. „Ég og tengdafaðir minn vorum að ræða einkanúmer á bílum eitt kvöldið og okkur fannst heldur margir vera komnir með undarleg númer líkt og „2fast“ og þar frameftir götunum. Tengdó kom með hugmyndina að þessu númeri í hálfgerðu gríni, en þetta er í raun gáta sem fáir fatta í fyrstu. Mér fannst númerið sniðugt og ég endaði með að kaupa það sjálfur og var búinn að eiga það í mörg ár áður en við skelltum því á Bensinn,“ segir Sigurþór og hlær við.

Að sögn Sigurþórs eru þau hjónin bæði forfallnir bílaaðdáendur, eiginkonan engu minna en hann sjálfur. „Við erum í þessu saman og eigum sitt hvort mótorhjólið. Ég á líka tvo aðra bíla, Mustang og Camero, sem ég er að dunda mér við að gera upp með hjálp vina minna og ég vonast til að koma þeim á götuna einhvern tímann í framtíðinni. En þetta er dýrt áhugamál.“ Sigurþór segir að heyskapurinn á sumrin taki mikinn tíma frá áhugamálinu en að hann og Sigurbjörg reyni að sinna því þegar tími gefst. „Við tökum rúnt um Hvalfjörðinn á hjólunum þegar við höfum tíma, en annars snýst áhugamálið ekki endilega um það að keyra bílana, þetta er líka mikið dúllerí líkt og að bóna þá og dytta að þeim,“ segir bíladellukallinn Sigurþór.

sara@frettabladid.is

**FRÉTTIR AF FÓLKI**



**Þröstur Jónsson**, sem betur er þekktur sem Bassafanturinn í Mínus, fór á sjóinn eins og fram hefur komið og hefur sagt skilið við poppbransann í bili. Hann gaf sér þó tíma frá sjómennskunni til að halda hressilega upp á þrítugsafmæli sitt sem var nýverið. Og það gerði hann ásamt félaga sínum úr Reyðarfjarðargenginu, útvarpsmanninum **Andra Frey Viðarssyni** í Danmörku þar sem Andri er búsettur. Má fastlega gera ráð fyrir því að Bauninn hafi tekið eftir þeim Austfirðingum þar sem þeir fóru um þessa fyrrverandi höfuðborg landsins og máluðu bæinn rauðann.



**Reynir Traustason** virðist hafa keypt köttinn í sekknum þegar hann bauð **Jens Guð** bloggara gull og græna skóga, eins og Jens sagði við blaðamann Fréttablaðsins, ef hann gengi til liðs við blogghópinn sem DV er að mynda á sínum vef. Því blogg Jens birtist eftir sem áður á Moggablogginu þótt hann sé reyndar einnig á DV.



Næsta sunnudag hefur göngu sína ný þáttaröð af The Tudors á Stöð 2. Þar fer með hlutverk þriðju eiginkonu Hinriks áttunda nýjasta stórstjarnan okkar, hún **Anita Briem** og á hún eftir að verða mjög áberandi í þessum margrómuðu þáttum sem slegið hafa öll áhorfsmet vestanhafs hjá Showtime-áskriftarstöðinni sem sýnir þá.

-jbg

Gerðu góðverk í dag
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

FISKBÚÐIN HAFBERG
Gnoðarvogi 44, s. 588 8686.
Glænýr villtur lax
Úrval fiskrétta á grillið
Óbreytt fiskverð frá áramótum



opið
mán-fös 10-18:15
og lau 11-14:00

Auglýsingasími 512 50 50
– Mest lesið

# Leikur í eistneskri kvikmynd



FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**LEIKUR Í BÍÓMYND Í EISTLANDI** Kári Viðarsson stundar leiklistarnám í London og kann vel við sig í borginni.

Leiklistarneminn Kári Viðarsson fór í skiptinám til Tallin, höfuðborgar Eistlands, fyrr á árinu og landaði þar hlutverki í eistneskri kvikmynd í leikstjórn þýska leikstjórans Dirk Hoyer. „Ég var á æfingu fyrir leikrit sem við vorum að setja upp í skólanum og leikstjórinn kom og fylgdist með okkur. Eftir æfinguna boðaði hann mig á fund og réði mig í hlutverkið stuttu síðar,“ segir Kári, sem mun fljúga til Eistlands síðar í mánuðinum til að leika í myndinni. Tökurnar hitta þannig á að þær taka engan tíma frá skólanum heldur verð ég enn í sumarfríi, þannig þetta er góð sumarvinna.“

Í kvikmyndinni leikur Kári ungan Íslending, Hlyn að nafni, sem ferðast til Eistlands til að heimsækja unnustu sína. „Leikstjórinn hafði líka tvo finnska leikara í sigtinu fyrir sama hlutverk. Eftir að ég var ráðinn í hlutverkið var ákveðið að persóna mín væri íslensk og ég og Dirk leituðum að hentugu íslensku nafni í sameiningu.“ Kári segir að leikstjóri kvikmyndarinnar hafi vakið þó nokkra athygli fyrir fyrri mynd sína. „Ég er samt ekki að búast við frægð og frama í kjölfar myndarinnar, þetta er aðallega góð reynsla og mikið ævintýri að taka þátt í þessu verkefni og ég hlakka mikið til.“

Kári stundar nám við Rose Bruford College í London og segist vera mjög ánægður með lífið í stórborginni. „Ég bý í mjög rólegu og góðu hverfi hér í borginni. Ég og bekkjarfélagar mínir lentum þó í leiðinlegu atviki fyrir ekki svo löngu síðan þegar við sátum á hverfisbarnum okkar og urðum vitni að hnífsstungu. Við sátum þar í makindum þegar við urðum vör við stympingar og skyndilega liggur strákur á gólfinu. Þetta gerðist allt mjög hratt og við áttuðum okkur eiginlega ekki á hversu alvarlegt þetta var fyrr en við sáum BBC-fréttastöðina fyrir utan staðinn daginn eftir. Eftir þetta reynir maður að passa sig aðeins betur,“ segir Kári að lokum.

- sm




## Fljúgðu í gegnum námið með ThinkPad

ThinkPad fartölva er frábær kostur fyrir skólafólk. Hún er nett, létt og ótrúlega öflug. Allt að 5 klukkustunda rafhlöðuending, skarpur skjár og vefmyndavél. Góð afköst á frábærum kjörum.

ThinkPad fartölvur eru hugsaðar fyrir kröfuharða notendur. Yfirburðatækni, gæði, lág bilanatíðni og öryggi eru í fyrirrúmi. ThinkPad fartölvur hafa unnið til 1200 verðlauna á heimsvísu fyrir hönnun og virkni.

Skoðaðu ThinkPad í verslun Nýherja, Borgartúni 37, og hjá söluaðilum um land allt.

FALLVÖRN

GAGNABJÖRGUN MEÐ EINUM TAKKA

INNBYGGÐ VEFMYNDAVÉL

LENGRI RAFHLÖÐUENDING

VÖKVAPOLIÐ OG UPPLÝST LYKLABORÐ

**NÝHERJI hf.** **sími 569 7700** **www.nyherji.is**

NÝHERJI

FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR**

**SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**



vísir.is
"...ég sá það á vísi"




**BAKÞANKAR**

Þórgunnar Oddsdóttur


# Í skjóli nætur

Gras er líf. Malbik er dauði. Það vita Reykvíkingar sem lágu maður við mann á Austurvelli og nutu blíðunnar í vikunni. Ekki á Lækjartorgi og ekki á Ingólfstorgi heldur á Austurvelli vegna þess að þar er gras. Það er gott að liggja í mjúku grasi. Jafnvel þótt það sé inni í miðri borg og rónar bæjarins vökvi það hlandi á hverjum degi. Gras er gott.

**ÞETTA** þekktu Akureyringar á árum áður og klifruðu gjarnan yfir lága girðinguna í kringum grasbalann á Ráðhústorginu á góðviðrisdögum, sóluðu sig þar og sleiktu ís. Það er að segja þangað til einhverjum landslagsarkítektinum datt í hug, í samráði við bæjaryfirvöld, að best væri að moka grasinu og gróðrinum upp og leggja þar nokkur tonn af gráum gangstéttarhellum í staðinn. Ég var svo sem bara krakki þegar þetta var en man samt vel hvað fólk var vonsvikið með nýja torgið. Rótgrónir Akureyringar syrgðu gróðurinn og sögðu steypuklessuna dauðadóm yfir mannlífinu í miðbænum. Sú varð líka raunin því í öll þessi sextán ár sem liðin eru hefur varla sést til mannaferða á Ráðhústorginu.

**ÞAR** til núna í vikunni. Verslunarmaður í miðbænum fékk nóg af steypunni og ákvað að tyrfa torgið í skjóli nætur. Næsta dag skein sólin og bæjarbúar flykktust niður á torg, lögðu sig í glænýtt grasið og nutu blíðunnar. Meira að segja bæjarstjórinn var hæstánægður með kolólöglegt uppátækið.

**STUNDUM** er einfaldast að taka málin í sínar hendur líki manni eitthvað illa og aðgerðir sem þessar eru sem betur fer ekkert einsdæmi. Í fyrrasumar lét dularfullur málari til sín taka á Ísafirði og málaði vatnssíuhús í eigu bæjarins sem þótt hafði til lítillar prýði. Bæjarbúar lofuðu málarann fyrir framtakið þegar hann loksins gaf sig fram hálfu ári síðar. Hann kvaðst oft hafa nefnt það við bæjarstjórnina að það þyrfti að mála húsið en þegar ekkert var gert ákvað hann bara að redda málinu sjálfur.

**SÖGURNAR** af verslunarmanninum á Akureyri og málaranum ísfirska sýna okkur að yfirleitt lætur múgurinn til sín taka á endanum líki honum ekki aðgerðir yfirvaldsins í skipulagsmálum. Því segi ég: Leyfum Listaháskólanum að rísa við Laugaveg í þeirri mynd sem vinningstillagan boðar. Ef borgarbúum líkar ekki við bygginguna gera þeir eflaust eitthvað í því á endanum.

**KANNSKI** fara menn að ráði Akureyringsins og tyrfa húsið í skjóli nætur. Það ætti að falla vel í kramið hjá þeim sem finnst það ekki nógu 19. aldarlegt.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er föstudagurinn 1. ágúst, 215. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 4.36 | 13.34 | 22.30 |
| Akureyri | 4.03 | 13.19 | 22.31 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


